BIRGIR MÁR VIGFÚSSON
*Blakið er fjölskyldu-áhugamál*
Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS





HJÖRTUR HOWSER
*Rekinn af Rás 2 fyrir klaufalegt grín*
Engin miskunn hjá Sigrúnu Stefánsdóttur
FÓLK 46

**STÚDENTABLAÐIÐ FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á HÖFÐUBORGARSVÆÐINU Í DAG.**


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. október 2006 — 292. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Eyjamenn ósáttir við Bubba



Tónlistarmaðurinn gerði grín að Árna Johnsen á tónleikum.
FÓLK 46

### Tekur fólk ekki rökum?

„Eigum við því ekki að sameinast um að sjálfsákvörðunarréttinum sé okkar og trúa því að fólk taki rökum?“ spyr sjávarútvegsráðherra.
UMRÆÐAN 20

### Söng með Skítamóral



Einar Ágúst Víðisson steig óvænt á svið með Skítamóral og söng tvö lög.
FÓLK 46

### Spila fyrir heiðurinn

Landsliðsmenn í handbolta fá sáralitla dagpeninga í verkefnum erlendis og enga heima. Körfuboltamenn fá ekkert.
ÍÞRÓTTIR 42



## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hæg breytileg átt. Yfirleitt bjartviðri en þó hætt við stöku éljum austan til. Þykknar heldur upp vestan til þegar líður á daginn. Hiti 0-4 stig syðra, mildast síðdegis en frost 0-5 stig nyrðra.
VEÐUR 4






**LEIÐTOGAFUNDUR Í DANMÖRKU** Leiðtogar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna funduðu í Kaupmannahöfn í gær. Norðurlandaráðsþing hefst í dag. Enn á eftir að útkljá hver verður framkvæmdastjóri norrænu ráðherranefndarinnar en Halldór Ásgrímsson og Jan Eric Enestam sækjast eftir stöðunni. Frá vinstri: Andrus Ansip, forsætisráðherra Eistlands, Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, og Geir H. Haarde, forsætisráðherra Íslands. - sjá síðu 2 NORDICPHOTOS/AFP

# ÍE mátti skoða tölvupóst

**Persónuvernd ætlar ekki að taka upp að eigin frumkvæði skoðun ÍE á tölvupósti fyrrverandi starfsmanna. Hjá ÍE gilda þær innanhúsreglur að fyrirtækið áskilur sér rétt til að skoða allan tölvupóst starfsmanna.**

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd hefur ákveðið að taka ekki upp að eigin frumkvæði skoðun Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) á tölvupóstsendingum fyrrverandi starfsmanna fyrirtækisins. Tölvupósturinn var sendur á milli einkapóstfanga starfsmannanna frá þekktum vefpósthúsum, meðal annars hotmail og yahoo. Í ákvörðun Persónuverndar segir að stofnunin hafi boðað forsvarsmenn ÍE á fund föstudaginn 29. september til að fá upplýsingar um hvort fyrirtækið hefði gerst brotlegt við lög um persónuvernd og hvort skoðun hafi átt sér stað á tölvupóstsendingum úr hotmail- og yahoo-netföngum starfsmannanna sem hafi brotið í bága við settar reglur.

Á fundinum sögðu fulltrúar ÍE að grunsemdir hefðu vaknað um að Hákon Hákonarson og þrír aðrir fyrrverandi starfsmenn hefðu brotið ráðningarsamning sinn við ÍE með því að hefja störf hjá beinum samkeppnisaðila fyrirtækisins. Því hafi ÍE hafið rannsókn á þeim og aðgerðum þeirra áður en þeir hættu hjá fyrirtækinu.

Meðal þeirra aðgerða sem ÍE greip til var að ráða bandarískt fyrirtæki, First Advantage, til að sjá um athuganir á tölvupósti og öðrum gögnum sem tengdust starfsmönnunum fyrrverandi. Ekki var farið beint inn í einkapósthólf mannanna með lykilorði heldur voru skoðaðar skjámyndir af tölvupóstinum.

Þær skjámyndir fengust þannig að myndir voru teknar af hörðu drifi, þær keyrðar í gegnum forritið EnCase og leitað eftir stikkorðum sem tengdust rannsókninni. Meðal þess sem fannst með þeim hætti voru afrit af vefsíðum sem sýna myndir af einkatölvupósti starfsmannanna, sem sendur var í gegnum vefpósthús á borð við hotmail og yahoo.

ÍE vitnaði í núgildandi reglur fyrirtækisins um meðferð tölvupósts frá árinu 2004 til að rökstyðja þessar aðgerðir. Í þeim reglum áskilur fyrirtækið sér rétt til að fylgjast með og skoða búnað, kerfi og netkerfisumferð hvenær sem er auk þess sem því sé heimilt að endurskoða netkerfi og önnur kerfi reglulega til að ganga úr skugga um að farið sé eftir settum reglum fyrirtækisins.

ÍE heldur því fram að starfsmönnum fyrirtækisins eigi að vera ljóst að ÍE geti gripið til þessara aðgerða ef tilefni þyki til þar sem iðulega séu sendar út áminningar til starfsmanna um að kynna sér efni þessara reglna. Þá sé að finna skuldbindingu um að fara eftir reglum ÍE í öllum ráðningarsamningum fyrirtækisins. - þsj

Hagfræðingur hjá Danske bank fjallar um stöðu íslensks efnahagslífs í tölvupósti:

# Velti vöngum yfir fundi Romans Abramovitsj og Ólafs Ragnars

**DANMÖRK** Hagfræðingur hjá greiningardeild Danske bank í Kaupmannahöfn, Lars Christensen, sendi tölvupóst til miðlara í bankanum á föstudag þar sem hann varar við breytingum á gengi krónunnar í kjölfar fréttar Extra bladet um íslenskt viðskiptalíf. Tölvupósturinn var áframsendur til fjölda viðskiptavina Danske bank.

Í póstinum lýsir Christensen því mati sínu að vandinn við íslenskt viðskiptaumhverfi sé ekki „óhreint“ fjármagn, heldur frekar það ójafnvægi sem efnahagslífið sé í.

Hann bendir samstarfsmönnum sínum samt sem áður á þá staðreynd að þegar hann var sjálfur í heimsókn á Íslandi í síðustu viku hafi rússneski auðjöfurinn Roman Abramovitsj verið hér líka. Orðrétt segir í tölvupóstinum: „Hann átti fund með forseta Íslands... en það er auðvitað alveg „eðlilegt“ ... eða hvað?? Ég er ekki með neinar ályktanir hér – aðeins að benda á þetta. Svo farið varlega...“

Christensen segir í samtali við Fréttablaðið að eftir á að hyggja hafi athugasemdin um Abramovitsj verið vanhugsuð og hann hafi skrifað hana í gríni. „Ég spaugaði til dæmis með það við Davíð Oddsson í síðustu viku að Abramovitsj væri kominn til Íslands til að kaupa Fram,“ segir Christensen.

Abramovitsj var hér í opinberri heimsókn sem ríkisstjóri Chukotka í Rússlandi. Aðspurður segist Christensen vel hafa vitað af ástæðunni fyrir því að Abramovitsj var á Íslandi en ekki fundist ástæða til að hafa það með í tölvupóstinum.

„Það sem ég skrifaði er samt allt satt og rétt og stend ég við það,“ segir Christensen. „Danske bank hefur áður sett fram þá skoðun sína um íslenskt efnahagslíf að það sé í ójafnvægi, og hún hefur ekki breyst,“ segir hann.

„Ég vil benda á að í [gær] sendi ég út nýjan tölvupóst þar sem ég held því fram að umfjöllun Extra bladet hafi engin áhrif á íslenska markaðinn og bið miðlara okkar að hafa það að leiðarljósi,“ segir Christensen. - sda

Christie´s í London:

# Íslensk verk á uppboði

**MENNING** Uppboð á 132 listaverkum eftir danska, sænska, norska, finnska og íslenska listamenn verður í dag haldið hjá Christie´s í Lundúnum. Uppboðið er það fyrsta hjá Christie´s þar sem eingöngu eru boðin upp listaverk frá Norðurlöndunum.

Sophie Hawkins, sölustjóri sýningarinnar, segir að verkin spanni frá allt frá framúrstefnulegri samtímalist til listar sem þótti framúrstefnuleg fyrir einni öld. Af íslenskum listamönnum á Ólafur Elíasson fjögur verk en þau Louisa Matthíasdóttir, Jóhannes Kjarval og Nína Tryggvadóttir eitt hvert. Jöklaserían eftir Ólaf er dýrasta íslenska verkið á 16 milljónir króna. - ifv

## SPURNING DAGSINS



*Arnbjörg, er Sjálfstæðisflokkurinn karlaflokkur?*

„Nei, hann er flokkur beggja kynja enda batnaði hlutur kvenna frá síðasta prófkjöri.“

Arnbjörg Sveinsdóttir, alþingiskona og þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, tjáir sig um stöðu kvenna í flokknum eftir að einungis þrjár konur lentu í tíu efstu sætunum í prófkjöri flokksins í Reykjavík, sem haldið var um helgina.

Lögreglan í Reykjavík leitar enn fjögurra nauðgara:

# Einn í haldi vegna nauðgunar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík hefur í haldi mann sem grunaður er um að hafa nauðgað rúmlega tvítugri stúlku að morgni sunnudags fyrir rúmri viku. Maðurinn var handtekinn á föstudag og hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á morgundaginn. Hann er af erlendu bergi brotinn en búsettur hér á landi.

Stúlkan sem kærði verknaðinn hafði verið úti að skemmta sér í miðborg Reykjavíkur, en þáði síðan far hjá ókunnugum manni á Laugaveginum. Hún bar að þau hefðu keyrt víða um og að endingu farið út fyrir íbúðabyggð. Þar hafi maðurinn ráðist á sig og nauðgað sér. Eftir því sem næst verður komið mun það hafa verið í nágrenni Perlunnar. Stúlkan er erlend en er búsett hér á landi tímabundið vegna náms.

Enn leitar lögreglan í Reykjavík fjögurra manna vegna tveggja nauðgunarmála. Aðfaranótt 8. október neyddu tveir menn tvítuga stúlku inn í húsasund bak við Menntaskólann í Reykjavík. Þar hélt annar mannanna stúlkunni á meðan hinn nauðgaði henni. Snemma laugardagsmorguns helgina þar áður réðust síðan tveir menn að átján ára stúlku við Þjóðleikhúsið á Hverfisgötu og nauðguðu henni báðir. - jss



**PERLAN** Eftir því sem næst verður komist var það í nágrenni Perlunnar sem maður nauðgaði erlendri stúlku.

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur:

# Fatlaðir fá aðild að stéttarfélagi

**VINNUMARKAÐUR Undirritað verður í dag samkomulag Einingar-Iðju og Akureyrarbæjar um réttindi og kjör þeirra sem starfa hjá Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi. Þetta er fyrsta samkomulag sinnar tegundar sem sveitarfélag gerir við verkalýðsfélag á Íslandi.**

**Ólöf Leifsdóttir, forstöðumaður Bjargs-Iðjulunds, segir að verið sé að bæta kjör og réttindi fatlaðra á vinnustöðum fatlaðra. Fatlaðir geti nú átt aðild að stéttarfélagi og njóta allra almennra réttinda. Laun verði greidd í samræmi við vinnugetu samkvæmt samræmdu starfsmati.** - ghs



**EGGERT MAGNÚSSON** Vill ekki ræða um greiðslur til handa leikmönnum.

Launamál landsliðsmanna:

# Eggert neitar að tjá sig

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, formaður KSÍ, neitaði að tjá sig um launamál A-landsliðs karla og kvenna, en Fréttablaðið greindi frá því í gær að verulegur munur væri á þeim greiðslum sem leikmenn liðanna fengju og hallar þar á konurnar. Í stað viðtals kom yfirlýsing frá KSÍ sem má lesa á síðu 40.

Kjartan Daníelsson, formaður landsliðsnefndar kvenna, var varkár í yfirlýsingum við Fréttablaðið en sagði að nefndin „myndi örugglega gera eitthvað“ í málinu. - hbg / Nánar á síðu 40

# Samstarf við Dani um björgunarmál

**Geir H. Haarde forsætisráðherra sat leiðtogafund Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Kaupmannahöfn í gær. Norðurlandaráðsþing verður sett þar í dag. Geir átti einnig tvíhliða fund með gestgjafanum Anders Fogh Rasmussen.**

**KAUPMANNAHÖFN** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir Dani „fúsa til samstarfs um mjög margt, svo sem á sviði björgunarmála“. Þetta segir hann danskan kollega sinn, Anders Fogh Rasmussen, hafa tjáð sér á tvíhliða fundi þeirra í Kaupmannahöfn í gær, þar sem þeir ræddu stöðuna í varnarmálum Íslands eftir að gengið var frá nýjum samningum um þau mál við Bandaríkjamenn.

Auk tvíhliða fundarins við Fogh sat Geir sameiginlegan leiðtogafund Norðurlandanna fimm og Eystrasaltslandanna þriggja. Hefð er komin á að halda slíka fundi í tengslum við Norðurlandaráðsþing, en það hefst í Kaupmannahöfn í dag.

Geir segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi á fundinum með Fogh sett hann inn í hina breyttu stöðu varnarmála Íslands. Hann segir Dani reyndar hafa fylgst mjög vel með því máli og lýst vilja til ýmiss konar samstarfs sem Íslendingar telji geta komið að haldi, einkum til að tryggja öryggi á hafsvæðinu í kringum landið, sem liggur jú að danskri lögsögu Grænlands og Færeyja.



**GEIR H. HAARDE Á LEIÐTOGAFUNDINUM Í GÆR** Ræddi meðal annars breytta stöðu varnarmála Íslands við Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur. NORDEN.ORG/JANSSON

Geir sagði aðspurður að ekki væri enn búið að útkljá ráðningu í embætti framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, en Svíinn Per Unckel lætur af því um áramótin. Hann sagðist þó telja að þess væri ekki langt að bíða að niðurstaða fengist í það mál. Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, er sagður etja þar kappi við finnska ráðherrann Jan-Erik Enestam.

Geir sagðist einnig hafa rætt við Fogh um að næsta ár yrði merkisár í sögu samskipta Íslands og Danmerkur, en þá verður rétt öld liðin frá því að Friðrik konungur VIII kom í merka heimsókn til Íslands, sem til stendur að minnast með tilhlýðilegum hætti. Þá þurfi enn fremur að endurnýja samning um dönskukennslu sem rennur út á næsta ári.

Spurður um fréttaflutning danska blaðsins Ekstra bladet undanfarna daga af meintum fjárglæfrum og skattsvikum íslenskra fyrirtækja sem eru umsvifamikil í Danmörku segir Geir að það sé mál sem sé ríkisstjórnum landanna óviðkomandi. „Það er mál fyrirtækjanna að svara fyrir sig,“ segir forsætisráðherra en bætir svo við: „Hins vegar sýnist mér, eftir að hafa lesið þessar tvær greinar, í dag og í gær, að það sé verið að lýsa þarna miklu almennara máli en sem snýr að þessum íslensku fyrirtækjum. Það er verið að tala um hvernig skattkerfið er í Lúxemborg og hvernig fyrirtæki í Danmörku geta nýtt sér það. Þetta er ekki mál sem ríkisstjórnir, hvorki hér (í Danmörku) né heima, blanda sér neitt í.“

audunn@frettabladid.is



**PAKISTAN** Frá jarðarförinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir í Pakistan:

# Meintir uppreisnarmenn voru drepnir

**PAKISTAN, AP** Miklar óeirðir brutust út í Pakistan í gær eftir jarðarfarir 80 manna sem talsmenn stjórnarhersins segja hafa verið uppreisnarmenn, en heimamenn halda fram að hafi verið óbreyttir borgarar. Þetta var mannskæðasta árás stjórnarhersins gegn meintum uppreisnarseggjum.

Árásin var gerð snemma í gærmorgun á meintar æfingabúðir al Kaída hryðjuverkanetsins í norðausturhluta Pakistans, skammt frá landamærum Afganistans.

Voru hinir látnu jarðsettir síðdegis í gær og brutust óeirðirnar út í kjölfarið. Helsti stjórnmálamaður múslima í landinu kenndi Bandaríkjastjórn, en ekki þeirri pakistönsku, um árásina, og kallaði eftir víðtækum mótmælum í dag. - smk

Minna fé til skógræktar:

# Nefndin mun óska skýringa

**STJÓRNSÝSLA „Við munum kalla eftir skýringum á af hverju fjárframlög til Skógræktar ríkisins séu með þessum hætti,“ segir Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar. Framlög til stofnunarinnar á næsta ári lækka um tíu milljónir frá 2006 og um 24 milljónir frá 2004, samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem fjárlaganefnd er nú að fara yfir.**

**„Mér er það til efs að til séu margar opinberar stofnanir þar sem þróun fjárframlaga til starfseminnar hafi dregist eins mikið saman og raun beri vitni,“ segir Birkir Jón.** - sdg


BÍLL DAGSINS

OPEL VECTRA COMFORT

Nýskr. 07.03 - Beinskiptur - Ekinn 82 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## HLERUNARMÁL

### Víða leitað fanga

Páll Hreinsson, formaður nefndarinnar sem rannsakar opinber gögn um öryggismál á kaldastríðsárunum, er tekinn að kalla eftir gögnum. Páll hefur sent sveitarstjórnum erindi og óskað eftir að upplýst verði hvaða gögn séu í vörslu þeirra sem snerti öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945 til 1991.

Fyrrverandi stuðningsfulltrúi á hæfingarstöð dæmdur í tveggja ára fangelsi:

# Misnotaði þroskahefta konu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft samfarir við þroskahefta konu á fertugsaldri í september í fyrra.

Maðurinn var stuðningsfulltrúi á hæfingarstöðinni Bjarkarási í Reykjavík þegar atvikið átti sér stað. Maðurinn beið á bíl fyrir utan íþróttahús meðan konan var á æfingu og fór svo með hana á gistiheimili Hjálpræðishersins þar sem hann hafði tvisvar samfarir við hana. Því næst ók hann henni áleiðis heim til sín. Konan er í sambúð með þroskaheftum manni sem hafði gert foreldrum hennar viðvart um að hún væri ekki komin heim eftir æfinguna.

Faðir konunnar kærði manninn, sem neitaði sök í fyrstu en viðurkenndi síðar að hafa haft samfarir við konuna. Það hefði þó verið með fullu samþykki hennar.



**GISTIHEIMILI HJÁLPRÆÐISHERSINS** Maðurinn fór með konuna á gistiheimilið þar sem hann hafði samfarir við hana í tvígang áður en hann keyrði hana áleiðis heim til sín.

Í dóminum kom fram að konan væri með vitsmunaþroska fimm til sjö ára barns og að hún legði traust sitt á þá sem hún þekkti. Segir að maðurinn hafi brugðist trúnaðartrausti konunnar og misnotað sér þroskahömlun hennar á grófan hátt.

Refsivert er samkvæmt lögum að notfæra sér andlega annmarka einhvers til að hafa við hann samræði. Einnig er refsivert ef starfsmenn tiltekinna stofnana hafa samræði við vistmenn.

Var manninum gert að greiða konunni 800.000 krónur í miskabætur og allan sakarkostnað. - sdg



# Tala meira. Borga minna.

**0,00 kr./mín.**
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90 kr./mín.**
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

**SMS 4,90 kr.**
í alla GSM síma á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## GENGIÐ 30.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,19 | 68,51 |
| Sterlingspund | 129,52 | 130,14 |
| Evra | 86,74 | 87,22 |
| Dönsk króna | 11,634 | 11,702 |
| Norsk króna | 10,425 | 10,487 |
| Sænsk króna | 9,416 | 9,472 |
| Japanskt jen | 0,5800 | 0,5834 |
| SDR | 100,99 | 101,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,9011

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

„Hoyvikssamningurinn" milli Íslands og Færeyja tekur gildi nú um mánaðamótin:

# Sameinast í eitt markaðssvæði

**KAUPMANNAHÖFN** Ísland og Færeyjar munu verða eitt markaðssvæði um næstu mánaðamót þegar „Hoyvikssamningurinn" svonefndi gengur í gildi.

Þar sem Færeyjar standa utan við tollabandalag Evrópusambandsins en Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu hafa vissar hindranir verið í vegi fyrir „fjórfrelsinu" milli frændþjóðanna en í því felst frjáls flutningur á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki. Á þessu á nýja samkomulagið, sem gengur í gildi á morgun, að ráða bót.

Gildistökunni verður fagnað með móttöku í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn, þar sem Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyinga, verða sameiginlega í gestgjafahlutverki.

Umsókn Færeyinga um að fá fulla sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði, sem Íslendingar hafa stutt, kvað ekki munu verða afgreidd á þingi Norðurlandaráðs að þessu sinni. **- aa**



**ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM** Hindranir hafa verið í veginum fyrir frjálsum flutningum á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki á milli Íslands og Færeyja. NORDICPHOTOS/AFP

Frístundaheimilin í Reykjavík:

# Íhuga að bjóða hlutavistun

**SKÓLAR** Starfsmenn Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur ætla að kanna hvort mögulegt sé að draga úr biðlistum á frístundaheimili með því að bjóða upp á hlutavistun. Þetta kom fram í svari meirihlutans við fyrirspurn minnihlutans á fundi ráðsins á föstudag. „Í einhverjum tilvikum virðist hlutavistun duga. Það kemur hins vegar verulega á óvart miðað við fyrri málflutning sjálfstæðismanna að þeir skuli ekki vera búnir að leysa vanda þess fólks sem ekki fær umbeðna þjónustu frístundaheimila," bókuðu fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna. **- gar**

# Ríkið niðurgreiðir kennslu um þúsund krónur á mann

**Ríkið niðurgreiðir aðeins íslenskukennslu fyrir útlendinga um þúsund krónur á mann meðan launþegahreyfingin niðurgreiðir kennsluna í stórum stíl. Launþegahreyfingin kallar á ábyrgð af hálfu stjórnvalda.**

**VINNUMARKAÐUR** Framlag hins opinbera til íslenskukennslu útlendinga hefur hækkað um 2,9 milljónir króna frá 2002, úr samtals 15,9 milljónum króna samkvæmt fjárlögum 2002 í 18,8 milljónir króna 2006. Mest hefur upphæðin hækkað síðustu árin. Hún hækkaði um 700 þúsund milli ára 2004 og 2005 og um eina og hálfa milljón króna milli 2005 og 2006. Þetta hefur þó ekki mikið að segja þegar horft er til þess að þúsundir manna hafa komið hingað til vinnu síðustu misserin.

Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu fengu 22 aðilar styrki til íslenskukennslu á haustönn, að meðaltali 494 þúsund krónur hver. Mímir símennt er stærsti skólinn með íslenskukennslu fyrir útlendinga. Samkvæmt upplýsingum Rósu Jónsdóttur hjá Mími eru um 490 útlendingar skráðir þar á íslenskunámskeið í haust og má því áætla að ríkið greiði íslenskukennsluna niður um tæplega 1.000 krónur á mann. Þetta er aðeins gróft dæmi um hlutdeild ríkisins.

Stéttarfélögin niðurgreiða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en þó er misjafnt hvernig að því er staðið. Stéttarfélögin hafa reglur um að viðkomandi þurfi að hafa verið í félaginu frá þremur mánuðum og upp í eitt ár til að geta fengið styrk. Misjafnt er hversu stór styrkurinn er og getur hann verið allt upp í 75 prósent af námskeiðsgjaldinu.

Tveir sjóðir verkalýðshreyfingarinnar hafa verið duglegir við að styrkja íslenskukennsluna síðustu árin. Frá ársbyrjun 2004 fram á mitt ár 2006 hefur Starfsafl sett samtals 17,9 milljónir króna í íslenskukennslu miðað við 930 einstaklinga. Á sama tíma hefur Landsmennt veitt 30,9 milljónir króna og er miðað við rúmlega sextán hundruð einstaklinga. Þetta gefur aðeins hugmynd því að til viðbótar er fjöldinn allur af sjóðum á vegum launþegahreyfingarinnar sem hafa styrkt íslenskukennsluna.

Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir stefnu- og þátttökuleysi. Sveinn Aðalsteinsson, forstöðumaður Starfsafls, segir að nú þyki mönnum nóg komið.

„Menn eru ekkert að firra sig ábyrgð á þátttöku í þessu verkefni en aðalatriðið er pólitískt. Það þarf að laga formlega utanumhald og stefnu stjórnvalda í þessum málum," segir hann og telur von á úrbótum. **ghs@frettabladid.is**



**NEMENDUR Í ÍSLENSKUNÁMI** Framlag hins opinbera hefur hækkað úr 15,9 milljónum króna árið 2002 í 18,8 milljónir króna árið 2006. Þetta er þó ekki í neinu hlutfalli við aukinn fjölda erlendra starfsmanna. Sjóðir launþegahreyfingarinnar hafa verið duglegir við að styrkja íslenskukennsluna en krefja ríkið nú um aukna þátttöku.

**ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA**

**- Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlögum**

| | |
|---|---|
| 2002 | 15,9 milljónir |
| 2003 | 16,3 milljónir |
| 2004 | 16,6 milljónir |
| 2005 | 17,3 milljónir |
| 2006 | 18,8 milljónir |

Óvenjuleg veiði:

# Breskur togari veiddi kafara

**BRETLAND** Kafara nokkrum, sem var að kafa skammt frá Dorset í Bretlandi, brá heldur betur í brún þegar hann flæktist í net togara og var hífður um borð í skipið. Þetta kom fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins á sunnudag.

Kafarinn, sem er á fimmtugsaldri, hafði verið að kafa á 14 metra dýpi þegar togarann bar að. Hann fékk kafaraveiki við atvikið og var fluttur með þyrlu landhelgisgæslu Bretlands í þrýstingsklefa hennar í Poole, þar sem hann jafnaði sig.

Landhelgisgæslan rannsakar nú atvikið. **- smk**

Tveir ungir menn handteknir:

# Stálu fimmtíu Doka-plötum

**LÖGREGLUMÁL** Um tvöleytið aðfaranótt mánudagsins barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um grunsamlegar mannaferðir í Teigahverfi í Mosfellsbæ. Lögreglan kannaði málið og handtók tvo unga menn á Vesturlandsvegi.

Mennirnir höfðu stolið fimmtíu Doka-plötum, dýru byggingarefni sem er notað við smíði steypumóta, af byggingarsvæði í hverfinu.

Mennirnir voru yfirheyrðir hjá lögreglunni en var sleppt að þeim loknum. **- ifv**

## SVÍÞJÓÐ

### Shell seldi dísilblöndu

Hundruð bíla þurfti að setja í viðgerð eftir að eigendur þeirra höfðu fyllt á bensíntankana á bensínstöð Shell við Nyköping-brú í Svíþjóð, því bensínið reyndist blandað dísilolíu. Þetta kom fram í sænska blaðinu Dagens Nyheter í gær. Verið er að rannsaka hvernig á því stendur að olían komst í bensínið.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STUTT KULDAKAST**

Þó að kortið hér til hliðar sé ansi kuldalegt er ekki langt í hlýindi. Strax á miðvikudag tekur að hlýna sunnan og vestan til og á fimmtudag eru mikil hlýindi í kortunum. Má reikna hitann vel yfir 10 stig víða á landinu sunnan og vestanverðu en norðan og austan til fer hann hátt í 10 stigin. Á föstudag verður líka mjög hlýtt en heldur kólnar á laugardag með hæglætisveðri en hlýnar á ný á sunnudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hægviðri og bjart lengst af. Hiti rétt yfir frostamarki að deginum.

### um hádegi »




» á morgun




Hæg suðlæg átt.




5-13 m/s, stífastur vestan til.

### um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C rigning | London | 15°C heiðskírt | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 6°C skúrir | París | 16°C skúrir | Mallorca | 24°C heiðskírt |
| Osló | 0°C snjókoma | Frankfurt | 16°C alskýjað | Algarve | 24°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 8°C rigning | Friedrichshafen | 16°C alskýjað | Krít | 18°C rigning |
| Gautaborg | 13°C rigning | Berlín | 16°C léttskýjað | Las Palmas | 27°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




## Prius - við erum komin upp á næsta stig.

Öll höfum við hugmyndir um hvernig framtíðin verður. Ólíkar hugmyndir. Við hjá Toyota sjáum fyrir okkur hreinni heim og stefnum óhikað á framleiðslu bíla sem menga ekkert. Leiðin þangað er löng og ströng en við erum komin upp á næsta stig.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbílar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu næsta skref.

Verð **2.770.000** kr.

HYBRID SYNERGY DRIVE
*The power to move forward*

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú lent í árekstri?*

| | |
|---|---|
| Já | 75,1% |
| Nei | 24,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Heldur þú að þingkonum fækki eftir næstu alþingiskosningar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Umfjöllun Ekstra Bladet um Íslendinga í dönsku viðskiptalífi:

# Kærð fyrir niðrandi ummæli

**DANMÖRK** Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur, sem búsettur er í Kaupmannahöfn, hefur kært Jan Jensen, einn ritstjóra Ekstra Bladet, fyrir að halda því fram að Íslendingar stefni allir sem einn að heimsyfirráðum í blaðinu á sunnudaginn. „Þar er því haldið fram að Íslendingar eigi í alheimssamsæri,“ segir Vilhjálmur. „Ég kannast ekki við að stefna að heimsyfirráðum og mín kæra byggir á hegningarlögum 266-B, en Danir kalla þá lagagrein gjarnan „rasistaparagraffið“ því það er oft notað gegn stjórnmálamönnum, til dæmis Þjóðarflokksins, sem hafa horn í síðu útlendinga.

Að sögn Vilhjálms er lagagreinin skýr og hann telur fulla ástæðu til að kæra. „Það er ekki á hverjum degi sem því er lýst yfir að ein þjóð eða þjóðarbrot sé að taka yfir heiminn. Hvað þá að haldið sé fram að bróðurþjóð Dana sé í samsæri gegn Dönum. Þetta var reyndar gert á stríðsárunum þegar nasistar lýstu því yfir að danskir gyðingar væru í alheimssamsæri. Kæra mín er prófmál og mér finnst tilvalið að láta reyna á þessa grein hegningarlaganna í þessu tilfelli. Menn geta hlegið að þessu en þetta er enginn brandari,“ segir Vilhjálmur. - kóþ



**VILHJÁLMUR ÖRN VILHJÁLMSSON FORNLEIFAFRÆÐINGUR** Hefur farið í mál við ritstjóra Ekstra Bladet og kærir samkvæmt lagagrein um kynþáttahatur í dönskum hegningarlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR

Árekstur bíls og dráttarvélar:

# Ökumaður alvarlega slasaður

**LÖGREGLUMÁL** Fólksbíll og dráttarvél lentu í árekstri á Suðurlandsvegi við bæinn Kálfafell um sjöleytið á sunnudagskvöldið.

Ökumaður fólksbílsins var fluttur alvarlega slasaður með þyrlu á Landspítalann í Fossvogi. Maðurinn liggur alvarlega slasaður á gjörgæsludeild sjúkrahússins að sögn vakthafandi svæfingalæknis.

Lögreglan á Kirkjubæjarklaustri segir fólksbílinn mikið skemmdan og óökufæran. Dráttarvélin er nokkuð skemmd. Tildrög slyssins eru óljós og er málið í rannsókn. - ifv


# Þú ert það sem þú hugsar



**Námskeið með Guðjóni Bergmann**

*Næsta námskeið verður 10.-12.nóv. á Grand hótel Reykjavík*

Þátttakendur læra raunverulegar aðferðir til að draga úr streitu og kvíða, efla sjálfstraust og einbeitingu, hugsa jákvætt og halda skýrri framtíðarsýn samhliða því að lifa í núinu.

*Hvað segja þátttakendur?*

Námskeiðið svarar mörgum áleitnum spurningum og fær þátttakendur til að skoða stöðu sína og lífsstíl í nýju ljósi.
Gísli Baldvinsson, náms- og starfsráðgjafi

Búin að fara á mörg góð námskeið um ævina en þetta toppar þau öll!
Inga S. Matthíasdóttir, íþr.kennari

Þetta námskeið gefur mér verkfæri til að bæta mig og líf mitt.
Viktoría Sigtryggsd., B.A. í sálfræði

Eftir námskeiðið gekk ég út full af orku, sjálfstrausti og þakklæti.
Anna Harðardóttir, leikskólastjóri

Mannbætandi, heilsteypt umfjöllun, flutt af feiknakrafti og hugsjón.
Helgi Björnsson, jarðfræðingur

Hnitmiðað, öflugt en umfram allt gagnlegt námskeið sem hélt athygli minni allan tímann.
Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri

Hringbrot

**Skráning og fleiri ummæli á gbergmann.is**


# Sarunas segir að Virunas sé saklaus

**Aðalmeðferð hófst í gær í máli Sarunasar Budvytis og Virunasar Kavalciukas vegna innflutnings á tólf kílóum af amfetamíni til Íslands. Sarunas segist hafa haldið að efnin væru hestasterar. Hann segir Virunas ekki hafa vitað um efnin.**

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í máli á hendur Sarunasi Budvytis og Virunasi Kavalciukas vegna stórfellds fíkniefnainnflutnings. Mönnunum, sem báðir eru frá Litháen, er gefið að sök að hafa í hagnaðarskyni reynt að flytja hingað til lands rétt tæp tólf kíló af amfetamíni.

Efnin fundust í eldsneytistanki bifreiðar sem þeir voru á um borð í Norrænu þegar ferjan lagði að á Seyðisfirði snemma í júlí á þessu ári. Magn fíkniefnanna er það langmesta sem reynt hefur verið að smygla með Norrænu og er talið að söluverðmæti þeirra geti hlaupið á mörgum tugum milljóna króna.

Sarunas sagði fyrir dómi að par í Litháen hefði beðið hann um að fara með bílinn til Íslands. Sagðist hann hafa haldið að efnin í eldsneytistankinum væru hestasterar. Átti hann að fá greidd 3.000 pund, eða um 390 þúsund krónur, fyrir innflutninginn auk alls ferðakostnaðar.

Hann sagði að upprunalega hefði maður sem heitir Arvidas átt að fara með honum í ferðina en hann fótbrotnaði nokkrum dögum áður en þeir áttu að leggja í hann. Þar sem um langa ferð var að ræða vildi hann ekki fara einn og hefði því beðið Virunas um að koma með sér þegar hann rakst á hann á götu úti tveimur dögum áður en farið var af stað, en þeir þekktust frá fornu fari.

Sarunas fullyrti að Virunas hefði ekki vitað hver tilgangur ferðarinnar væri og haldið að þeir ætluðu sem ferðamenn til Íslands. Hann væri því saklaus af öllu misjöfnu.

Sarunas sagðist hafa haldið öllum kvittunum til haga vegna kostnaðar við ferðina til að fá endurgreitt síðar og geymt þær kvittanir í bílnum. Þær hafa hins vegar aldrei fundist og sagði Sarunas líklegast að tollverðir á Seyðisfirði hafi hirt þær. Þegar til Íslands væri komið átti hann að hringja í ákveðið símanúmer og fá leiðbeiningar um hvert hann ætti að fara með bílinn. Hann hafði engar frekari upplýsingar um það utan þess að um íslenskan sveitabæ væri að ræða. Eftir handtökuna hafi lögreglumenn reynt að hringja í það númer sem hann var með en enginn svarað.

Virunas neitaði því að hafa vitað um nokkur efni í bílnum. Hann sagði Sarunas hafa boðið sér með sem ferðamanni og hann hefði þegið boðið vegna þess að ferðin væri honum að kostnaðarlausu. Hann væri því saklaus af ákærunni. thordur@frettabladid.is



**HINIR ÁKÆRÐU** Ásamt Sveini Andra Sveinssyni, lögmanni annars þeirra. Þeim er gefið að sök að hafa reynt að smygla tólf kílóum af amfetamíni til landsins með Norrænu í júlí síðastliðnum.





ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ORK 34842 08/2006

**Verið velkomin á Nesjavelli**

Orkuveita Reykjavíkur býður gestum og gangandi að heimsækja Nesjavelli, kynna sér orkuverið ásamt því hvernig staðið hefur verið að umhverfismálum og aðgengi fyrir ferðamenn og gesti á Nesjavöllum.

Opið á Nesjavöllum í september og október:
Mánudaga til laugardaga er opið frá kl. 9:00–17:00.
LOKAÐ á sunnudögum.

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur


Umboðamaður Alþingis segir úthlutun lyfsöluleyfis í Vestamannaeyjum ólöglega:

# Apótekari íhugar skaðabótamál gegn heilbrigðisráðherra

**ÁLIT** „Ég er mjög glöð að með tímanum hefur það komið í ljós að mín rök voru rétt,“ segir Hanna María Siggeirsdóttir, fyrrverandi lyfsali í Apóteki Vestmannaeyjum.

Umboðsmaður Alþingis segir að með úthlutun Jóns Kristjánsonar, þáverandi heilbrigðisráðherra, á lyfsöluleyfi til lyfjafræðings Lyfja og heilsu ehf. hafi verið brotið gegn ákvæði lyfsölulaga um að fimm þúsund íbúa þurfi að baki hverju apóteki.

„Árið 2003 sótti lyfjafræðingur um lyfsöluleyfi í Vestmannaeyjum þar sem rekstraraðilinn átti að vera Lyf og heilsa. Ráðherrann hafnaði að veita það leyfi á þeirri forsendu að það væri of fátt fólk í Vestmannaeyjum fyrir tvö apótek. Tveimur árum seinna, og þegar var tvö hundruð manns færra í Vestmannaeyjum, sótti annar lyfjafræðingur um lyfsöluleyfi fyrir Lyf og heilsu og þá veitti sami ráðherra lyfsöluleyfi,“ útskýrir Hanna María, sem segist aldrei hafa fengið haldbærar skýringar á þessari breyttu afstöðu ráðherrans. Hún seldi apótek sitt til Lyfja og heilsu í júní í fyrra.

Umboðsmaður segir að þótt heilbrigðisráðuneytið hafi bæði brotið lyfjalög og stjórnsýslulög séu ekki forsendur til að beina því til ráðuneytisins að afturkalla leyfið. Skaðabótakröfur verði Hanna María að setja fram fyrir almennum dómstólum. Hún segist vera að skoða hvort slík krafa verði sett fram. - gar



**JÓN KRISTJÁNSSON OG SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Jón var heilbrigðisráðherra þegar málið kom upp en ef skaðabótamál verður höfðað verður það gegn Siv, sem er núverandi heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heimurinn verður sífellt minni

## Og rúmast nú allur í einni fartölvu

Dual-core.
Do more.



## Intel® Centrino® Duo Mobile Technology



Dell™ Latitude™ D520 sameinar kosti öflugrar borðtölvu og handhægrar fartölvu með Intel® Centrino® Duo Mobile Technology.

Frábær kaup fyrir vinnuna, námið, heimilið eða ferðalagið. Hljóð og mynd eru í hæsta gæðaflokki og ný kynslóð þráðlauss Wi-Fi nets kemur þér í samband hvar og hvenær sem er.

Með þessa fartölvu við hendina ert þú á fullu allan tímann.

| Dell™ Latitude™ D520 1,66 GHz | Dell™ Latitude™ D520 1,83 GHz |
|---|---|
| Intel® Centrino® Duo Mobile Technology | Intel® Centrino® Duo Mobile Technology |
| Intel® Core™ Duo örgjörvi T2300 (1024 MB, 1,66 GHz/667 MHz) | Intel® Core™ Duo örgjörvi T2400 (1024 MB, 1,83 GHz/667 MHz) |
| Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g | Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11a/g |
| Microsoft™ Windows® XP Professional | Microsoft™ Windows® XP Professional |
| 60 GB 5.400 rpm SATA harður diskur | 80 GB 5.400 rpm SATA harður diskur |
| DVD+/- RW geisladrif | DVD+/- RW geisladrif |
| 15,0" XGA skjár (1024 x 768) | 15,0" SXGA+ skjár (1400 x 1050) |
| Þyngd frá 2,6 kg (með 6 Cell rafhlöðu og DVD/CD-RW) | Þyngd frá 2,6 kg (með 6 Cell rafhlöðu og DVD/CD-RW) |
| 35,8 x 338,3 x 273 mm (H x B x D) | 35,8 x 338,3 x 273 mm (H x B x D) |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS | 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |
| **Tilboðsverð: 139.900 kr.** | **Tilboðsverð: 159.900 kr.** |

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig**

©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerkið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon, og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir Internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

**EJS – það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hversu margir börðu trumbur til þess að slá heimsmet í slíkum gjörningi á Indlandi um helgina?*

2 *Hvaða fyrrverandi forsetaframbjóðandi lýsti yfir ánægju sinni með friðarsúlu Yoko Ono í Fréttablaðinu í gær?*

3 *Íslensk landsliðskona varð þriðja markahæst í sænsku úrvalsdeildakeppninni í knattspyrnu sem lauk á sunnudag. Hvað heitir hún?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Ungir bræður finna víkingafjársjóð á Gautlandi:

# Þrjú kíló af silfurpeningum

**SVÍÞJÓÐ** Tveir bræður fundu stóran fjársjóð frá víkingatímum á Suður-Gautlandi, nærri Sundrekirkju, í síðustu viku, kom fram á fréttavef Dagens Nyheter í gær. Að sögn sérfræðinga er um að ræða þrjú kíló af silfurpeningum, líklega frá tíundu öld.

„Þegar ég sá þetta hugsaði ég, „Vá.“ Ég sá að þetta var arabísk silfurmynt svo ég skildi strax að það var eitthvað í þessu,“ sagði Edvin Svanborg, tvítugur sagnfræðinemi, en hann og sautján ára bróðir hans, Arvid, voru að ryðja land fyrir nágranna sinn þegar þeir rákust á peningana.

„Við gröfum upp 129 eða 130 peninga á hálftíma,“ sagði Edvin.

Bræðurnir fóru með fjársjóðinn til landeigandans og saman tilkynntu þeir svo fundinn til yfirvalda, sem tóku svo við uppgreftrinum. Enn sem komið er hafa fundist um 1.100 peningar og nokkur armbönd. Munirnir eru flestir í nokkuð góðu ástandi, jafnvel þó að kanínur hafi reynt að gæða sér á nokkrum peningum, segir í frétt sænska blaðsins.

Svanborg-bræðurnir munu fá fundarlaun frá sænska ríkinu, en hversu há sú upphæð verður vita þeir ekki fyrr en uppgreftrinum lýkur og ljóst er hversu stór fjársjóðurinn er. - smk



**VÍKINGASKIP** Þeir hafa kannski ferðast á svona skipi, víkingarnir sem áttu fjársjóðinn sem fannst í Gautlandi í síðustu viku.

Kennarar við Digranesskóla:

# Vilja leiðrétt laun kennara

**KJARAMÁL** Kennarar við Digranesskóla krefjast þess að Kópavogur og önnur sveitarfélög sem standa að launanefnd sveitarfélaga leiðrétti laun grunnskólakennara með vísan til greinar í gildandi kjarasamningi. Er þar kveðið á um að meta skuli fyrir 1. september 2006 hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjaraþróun gefi tilefni til viðbragða.

Kennarar telja að stjórn Kennarasambands Íslands þurfi að beita sér af alefli og er þess krafist að kjörin verði bætt með hliðsjón af almennri launaþróun. - sdg

## SVÍÞJÓÐ

### Maður fórst í þyrluslysi

Einn maður týndi lífi þegar þyrla sem hann flaug hrapaði norðan við Katrineholm í Svíþjóð í gærmorgun. Eldur kom upp í þyrlunni og er hún gjörónýt. Verið er að rannsaka upptök slyssins, en veður var gott sem og skyggni þegar þyrlan hrapaði.

## NOREGUR

### Hauge látin

Leiðtogi norsku andspyrnuhreyfingarinnar í síðari heimstyrjöldinni, Jens Christian Hauge, lést í Osló í gær, 91 árs að aldri. Hauge gekk í andspyrnuhreyfinguna Milorg eftir að Þýskaland hertók Noreg árið 1940.

## VEGAFRAMKVÆMDIR

### Þrenging Kalkofnsvegar

Vegna framkvæmda er Kalkofnsvegur milli Lækjargötu og Faxagötu nú ein akrein í hvora átt í stað tveggja. Verið er að færa nýtt frárennslisrör út fyrir lóðamörk Tónlistar- og ráðstefnuhúss.

# Kæra nauðgunartilraun

**Hjón leggja fram kærur hjá lögreglunni í Reykjavík í dag vegna nauðgunartilraunar og líkamsárásar aðfaranótt sunnudags. Atburðurinn átti sér stað á veitingastaðnum Viktor í Reykjavík.**

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega þrítug kona leggur í dag fram kæru vegna tilraunar til nauðgunar á skemmtistaðnum Viktor í Hafnarstræti í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Eiginmaður hennar mun einnig leggja fram kæru vegna meiðsla sem hann varð fyrir þegar hópslagsmál brutust út.

Hjónin voru nýkomin inn á skemmtistaðinn og konan brá sér á salerni sem er á fyrstu hæð skemmtistaðarins. Það er ætlað fyrir fatlað fólk, en á efri hæð eru karla- og kvennasalerni. Lásinn á umræddu salerni var bilaður. Næst gerðist það að fjóra karlmenn bar að og hugðust þeir nota salernið. Konan hélt þá við hurðina þannig að þeir gátu ekki opnað hana umsvifalaust. Einn mannanna beitti þá afli, þeytti upp hurðinni og ruddist inn. Hann hafði á orði við konuna að hann ætlaði að koma fram vilja sínum við hana og hafa við hana samfarir. Maðurinn hóf að toga buxurnar niður um konuna, sem þá féll í gólfið og hrópaði á hjálp. Maður hennar heyrði hrópin og vildi komast inn til hennar. Höfust þá stympingar sem enduðu með hópslagsmálum þar sem fleiri komu við sögu.

Lögregla og dyraverðir skárust í leikinn og tókst þeim að binda enda á slagsmálin. Tíu karlmenn voru handteknir, fluttir á lögreglustöð og yfirheyrðir þar. Þetta voru átta Pólverjar og tveir Litháar sem allir eru búsettir hér á landi.

Maðurinn slasaðist í átökunum; hlaut skurði í andliti auk þess sem tennur brotnuðu úr honum. Hann var fluttur á slysa- og bráðadeild en konan fékk aðhlynningu á neyðarmóttöku slysadeildar.

Mönnunum var öllum sleppt eftir yfirheyrslur hjá lögreglu sem stóðu fram eftir sunnudeginum. Ekki er vitað til þess að þeir hafi slasast í átökunum. Hjónin eru að sögn miður sín eftir atburðinn en þau munu leggja fram kæru í dag vegna hans hjá lögreglunni í Reykjavík eins og áður sagði. jss@frettabladid.is



**VEITINGASTAÐURINN VIKTOR** Það var á neðri hæð skemmtistaðarins Viktors sem atburðurinn átti sér stað, en þar brutust út hópslagsmál eftir að konan hafði kallað á hjálp.


GOTT ÚRVAL
AF GÓÐUM RENNIBEKKJUM
ALLAR STÆRÐIR



FRÁBÆRT VERÐ

Rennibekkur
Basic 150 Super

- 1000 mm milli odda
- 356 mm hæð yfir sleða
- 3ja ása aflestrarbúnaður
- 3ja arma patróna 160 mm
- 4ra arma klóplan 200 mm
- 320 mm festiplata
- Kælikerfi
- Föst brilla
- Færanleg brilla

Hraðskipti stálabúnaðar



KNUTH

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR-TÆKI-VERKFÆRI
Nethyl 2 sími: 510 9100 www.istaekni.is istaekni@istaekni.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu




**LÖGREGLUMENN Í OAXACA** Lögreglusveitir rýmdu miðborgina þar sem mótmælendur hafa hafst við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir í borginni Oaxaca í Mexíkó:

# Lögreglan nær miðborginni á sitt vald

**OAXACA, AP** Alríkislögreglan í Mexíkó náði í gær miðborginni í Oaxaca á sitt vald og ruddi burt kennurum og öðrum mótmælendum sem hafa hafst þar við undanfarna fimm mánuði.

Stjórn landsins ákvað að senda lögreglusveitirnar á vettvang eftir að kennarar höfðu fallist á að hefja störf á ný, en í gær var óvíst hvort kennsla myndi hefjast eða hvort nærvera lögreglunnar myndi tefja fyrir því.

Sumir kennarar sögðust ætla að mæta í vinnu, en aðrir sögðust ætla að sitja heima. Meira en ein milljón skólabarna hefur verið án kennslu í suðurhluta Mexíkó.

Mótmælin hófust þegar kennarar í borginni Oaxaca fóru í verkfall síðastliðið vor. Mótmælin urðu fljótt víðtækari þegar stjórnleysingjar, stúdentar og indjánar gengu til liðs við kennarana og kröfðust þess að Ulises Ruiz ríkisstjóri segði af sér.

Vicente Fox, forseti landsins, sem lætur af embætti 1. desember, hafnaði því jafnan að senda lögreglu á svæðið fyrr en á laugardaginn, þegar samið hafði verið við kennara.

Lögreglumenn og liðsmenn öryggissveita hafa þó stundum skotið á mótmælendur og komið þannig af stað átökum sem hafa kostað að minnsta kosti átta manns lífið. - gb




# BUBBI

TÓNLEIKARÖÐ Á NASA

Á NASA



BUBBI TEKUR FYRIR PLÖTUNA

## VON

TÓNLEIKAR
FIMMTUDAGINN
2. NÓVEMBER

Miðasala fer fram í verslunum Vodafone í Rvk, á www.nasa.is og virka daga kl. 13 - 16 á Nasa. Tónleikarnir hefjast kl. 21, húsið opnar kl 20.

vodafone

www.nasa.is



**ALPAKA-AFKVÆMI** Þessi litli alpakakálfur, Matyi, kom í heiminn í dýragarði í Búdapest í Ungverjalandi í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólskur túlkur í Alþjóðahúsi segir Pólverja oft Pólverjum versta:

# Slúðurblöð gefa falska mynd

**VINNUMARKAÐUR** Pólverjar sem koma skyndilega og óhugsað til Íslands hafa oft verið atvinnulausir lengi í Póllandi. Maria Jolanta Polanska, túlkur í Alþjóðahúsi, segir að þetta fólk hafi ekki mikla skólagöngu að baki, sé frá litlum þorpum og komi hingað í leit að betra lífi.

Pólsk slúðurblöð eiga sinn þátt í því að æsa leikinn með skrifum um betra líf og kjör í útlöndum. Maria segist hafa lesið viðtal við Pólverja sem hafi búið hér í tvö ár og hafi lýst því hvernig hann byggi í 140 fermetra húsnæði, æki fínum bíl og færi tvisvar á ári til sólarlanda.

„Það er satt að hann býr í svona húsnæði og ekur á svona bíl en hann gleymdi að segja það að konan sem hann giftist hér er búin að búa hér í fimmtán ár og var rosalega dugleg og var alltaf í þrefaldri vinnu. En fólk sem les þetta trúir svona sögum og veit ekki að á bak við húsnæðið er 25 eða 40 ára lán,“ segir hún.

Dæmi eru um að fólk komi með ferðatöskurnar sínar beint í Alþjóðahús frá flugvellinum og spyrji um vinnu og húsnæði, að sögn Mariu, og hér eru líka Pólverjar sem hafa verið plataðir hingað gegnum starfsmannaleigur á fölskum forsendum.



**MARIA JOLANTA POLANSKA**

„Oft eru Pólverjar Pólverjum verstir,“ segir Maria Jolanta. - ghs

Dæmdur í hálfs árs fangelsi:

## Réðst á mann með öxi

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í hálfs árs fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með öxi á bílastæði í Mjódd í apríl síðastliðnum.

Fjórir mánuðir af dómnum falla niður að þremur árum liðnum ef maðurinn heldur skilorð. Við ákvörðun refsingarinnar var tekið tillit til þess að þetta er fyrsta brot mannsins.

Manninum var einnig gert að greiða fórnarlambi árásarinnar miskabætur og að greiða sakarkostnað. - ifv

Steinunn Þóra Árnadóttir:

## Gefur kost á sér í fjórða sætið

**STJÓRNMÁL** Steinunn Þóra Árnadóttir gefur kost á sér í fjórða sæti í sameiginlegu forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs fyrir Suðvestur- og Reykjavíkurkjördæmin.



**STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR**

Steinunn Þóra sat í stjórn Reykjavíkurfélags Vinstri grænna árin 2003 til 2005. Sat hún í nokkur ár í miðnefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga. Þá hefur hún gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir MS-félag Íslendinga og Öryrkjabandalagið, þar sem hún situr nú í framkvæmdastjórn. - sdg

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra:

# Öryggi í leigubílum verður aukið

**ÖRYGGISMÁL** Í undirbúningi eru breytingar á reglugerð, þar sem meðal annars verður tekið á auknum öryggisbúnaði í leigubifreiðum, að sögn Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra.



**STURLA BÖÐVARSSON**

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um stöðu þessara mála. Í ljós hefur komið að lágmarksbúnaður er í bílum á sumum stöðvum en alls enginn hjá öðrum. Tveir leigubílstjórar sögðu frá reynslu sinni úr starfi í blaðinu á laugardag. Þar kom fram að þeir hefðu ítrekað orðið fyrir áreiti og jafnvel líkamlegu ofbeldi í starfi.

„Ég hef ekki enn fengið tillögu að breytingum á öryggisbúnaði í leigubifreiðum, en að henni er unnið nú,“ sagði Sturla. Hann sagði enn fremur að fyrirhugaður væri fundur ráðuneytisins með forsvarsmönnum leigubifreiðastjóra og bifreiðastöðvanna.

„Það er nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið og því hraðað,“ segir ráðherra, sem kveðst jafnframt leggja áherslu á að málið verði unnið í góðri samvinnu þeirra sem það varði. „Þess verður vonandi ekki langt að bíða að tillögurnar liggi fyrir.“ - jss



**ANDRI SNÆR MAGNASON** Andri hélt fyrsta fyrirlesturinn á haustþingi Framtíðarlandsins er fram fór á Hótel Nordica um helgina. Ræddi hann þar stóriðjustefnu og áætlanir um að gera Ísland að mesta álframleiðslulandi heims. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á eldfjalli hugmynda

**Það sem Íslendingar kalla byggðavanda nefna aðrar þjóðir framþróun. Efnahagslegan stöðugleika frekar en álver. Framtíðarlandið er komið í pólitík.**

**UMHVERFISMÁL** Allt mælir gegn áframhaldandi stóriðjustefnu og verði henni haldið áfram mun hún hafa skaðleg og hamlandi áhrif á aðra framtíðarmöguleika, atvinnuvegi og lífsgæði í landinu, að mati félagsmanna Framtíðarlandsins. Á haustþingi félagsins, sem fram fór á sunnudaginn, voru reifaðir ýmsir valmöguleikar við nefnda stóriðjustefnu. Á það var bent að stjórnvöld ættu fremur að leggja grunn að lífvænlegu samfélagi en að færa litlum bæjarfélögum heilu álverin.



**RÖGNVALDUR SÆMUNDSSON**



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR**

Margt annað en umhverfismál bar á góma á fundinum. Rögnvaldur Sæmundsson, forstöðumaður frumkvöðlaseturs Háskólans í Reykjavík, ræddi til að mynda um frumkvöðlastarfsemi og sagði í því samhengi að á Íslandi skorti efnahagslegt jafnvægi. Í hringborðsumræðum tók Edda Rós Karlsdóttir hjá greiningardeild Landsbanka undir þetta og sagði að það eina sem væri stöðugt við núverandi gengisstefnu og „krónulufsuna“ væri óstöðugleikinn.

> „Pólitískur kúltúr á Íslandi [er] ónýtur.
>
> **SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR HEIMSPEKINGUR**



Ljóst má því vera að félagar í Framtíðarlandinu horfa ekki á umhverfismálin ein, heldur á marga þætti þjóðlífsins. Það er að skilja á talsmönnum samtakanna að þau muni beita sér í stjórnmálum í vetur. „Það er tilfinning margra að pólitískur kúltúr á Íslandi sé ónýtur, því tal og aðgerðir stjórnmálamanna slá ekki lengur í takt við hjartslátt þjóðarinnar. Þess vegna vill Framtíðarlandið vera umræðuvettvangur og búa til pólitík upp á nýtt,“ segir Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur.

Í pallborðsumræðum tók einnig til máls Baltasar Kormákur leikstjóri og ræddu þau Edda Rós ásamt Skúla Skúlasyni, rektor Háskólans á Hólum, meðal annars um byggðamál. Benti Edda Rós þar á að það sem Íslendingar kölluðu byggðavanda væri einungis það að fólk flytti frá einum stað til annars vegna mismikilla atvinnutækifæra. Þetta kallaðist hjá öðrum þjóðum flutningar og framþróun, sagði Edda. klemens@frettabladid.is


## Auglýsing um álagningu opinberra gjalda lögaðila á árinu 2006

Hér með er auglýst að álagningu opinberra gjalda á árinu 2006 er lokið á alla lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003 sem og þeirra sem lagt er á í samræmi við VIII. - XIV. kafla tilvitnaðra laga. Jafnframt er lokið álagningu á lögaðila, sem skattskyldir eru af fjármagnstekjum samkvæmt ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna.

**Álagningarskrár** með gjöldum lögaðila verða lagðar fram í öllum skattumdæmum í dag þriðjudaginn 31. október 2006. Skrárnar liggja frammi til sýnis á skattstofu hvers skattumdæmis og hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju sveitarfélagi dagana 31. október til 14. nóvember n.k. að báðum dögum meðtöldum.

**Skattseðlar**, er sýna álögð opinber gjöld lögaðila, hafa verið póstlagðir.

**Kærur** vegna allra álagðra opinberra gjalda 2006 samkvæmt ofangreindu skulu hafa borist skattstjóra eigi síðar en fimmtudaginn 30. nóvember 2006.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

*31. október 2006.*

**Skattstjórinn í Reykjavík,** Gestur Steinþórsson
**Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi,** Stefán Skjaldarson
**Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi,** Guðrún Björg Bragadóttir
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra,** Bogi Sigurbjörnsson
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra,** Gunnar Karlsson
**Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi,** Karl S. Lauritzson
**Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi,** Hreinn Sveinsson
**Skattstjórinn í Vestmannaeyjum,** Ingi T. Björnsson
**Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi,** Sigmundur Stefánsson

Hlustað á umboðsmann:

## Ekki millifært frá bótaþegum

**ALMANNATRYGGINGAR Tryggingastofnun ríkisins hefur ákveðið að fara eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis og fella út af eyðublöðum sínum ákvæði um að bótaþegar heimili stofnuninni að millifæra fé af bankareikningum sínum hafi þeir fengið ofgreitt vegna mistaka. Maður einn hafði kvartað til umboðsmanns vegna þess að Tryggingastofnun gerði þessa heimild frá lífeyrisþeganum að skilyrði fyrir bótagreiðslum. Tryggingastofnun sagði að þessi háttur hefði lengi verið hafður á en viðurkenndi að ekki væri heimild fyrir vinnbrögðunum í lögum. Því yrði nú gerð breyting á.** - gar

Nýsamþykkt lög í Bandaríkjunum um meðferð meintra hryðjuverkamanna:

# Ný lög sögð í mótsögn við mannréttindi

**GENF, AP** Hin umdeildu lög sem sett voru í Bandaríkjunum á dögunum um réttarstöðu meintra hryðjuverkamanna og að mál þeirra verði sótt fyrir herdómstólum, samræmist ekki alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Þetta er mat Martins Scheinin, sérfræðings Sameinuðu þjóðanna í stöðu mannréttinda í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

Sum ákvæði laganna geta svipt meinta hryðjuverkamenn réttinum til sanngjarnra réttarhalda, segir Scheinin og bendir sérstaklega á hugtakið „ólöglegur og fjandsamlegur bardagamaður“. Þetta hugtak er óþekkt í alþjóðalögum, segir Scheinin, en með lagasetningunni getur forseti Bandaríkjanna ákveðið upp á sitt einsdæmi hverjir falla undir þessa skilgreiningu.

Ólöglegir bardagamenn munu ekki njóta „habeas corpus“-ákvæðisins, sem kveður á um að menn sitji ekki inni án þess að koma fyrir dómara og sæta ákæru. Þetta, segir Scheinin, er „í augljósri mótsögn“ við Alþjóðasáttmálann um borgaraleg og pólitísk réttindi, sem Bandaríkin fullgiltu árið 1992.

Fulltrúi Bandaríkjanna í Genf svaraði því til að lögin væru þvert á móti gerð „í samráði við bandamenn okkar og sem svar við áhyggjum þeirra“. Lögfræðiráðgjafi bandaríska heimavarnaráðuneytisins sagði einnig að hugtakið „ólöglegur bardagamaður“ væri ekki uppfinning Bush-stjórnarinnar, heldur hefði það verið notað af virtum evrópskum lögspekingum um áraraðir. - kóþ



**ÚR GUANTANAMO-FANGABÚÐUNUM** Óttast er að umdeild lög Bandaríkjamanna um meðferð meintra hryðjuverkamanna brjóti í bága við ýmis alþjóðalög sem Bandaríkjamenn hafa samþykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sænskir námsmenn:

## Fara utan til að læra til læknis

**SVÍÞJÓÐ** Svíar sækja í auknum mæli út fyrir landsteinana til að læra læknisfræði þar sem sænska menntakerfið nær ekki að anna eftirspurninni og það þrátt fyrir að gert séð ráð fyrir stöðugt fleiri nemendum. Ákveðið hefur verið að tæplega 1.500 hefji nám í læknisfræði í Svíþjóð haustið 2007 eða um 60 fleiri en hófu nám í ár.

Sænsku læknanemarnir hafa einkum sótt til Danmerkur en eru þó orðnir óvinsælir þar því þeir hafa tekið pláss frá Dönum. Þeir fara því í auknum mæli til náms í Póllandi. Samtals nema nú tæplega 1.500 Svíar læknisfræði erlendis en þeir voru tæplega 250 fyrir tíu árum. - ghs

Lagfæring á vatnsbólum:

## Viðgerðum næstum lokið

**BORGARFJÖRÐUR EYSTRI Lagfæringum á vatnsbólum í Borgarfirði eystri, vegna saurgerla sem komust í þau fyrr í haust, er nánast lokið. Búið er að setja upp nýjan lindarbrunn í stað eldri brunna á Engi auk þess sem annar brunnur á Kúahjalla hefur verið endurbættur. Talið er að gerlarnir hafi komist í brunnana vegna þess að yfirborðsvatn komst að vatnsveitukerfi Borgfirðinga, en það á ekki lengur að vera mögulegt þegar endurbótunum er lokið.** - þsj



**UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Auður Björk Guðmundsdóttir, forstöðumaður hjá VÍS, Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri, Ásgeir Baldurs, framkvæmdastjóri VÍS, og Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs.

VÍS og Kópavogsbær:

## Öll börn verða slysatryggð

**TRYGGINGAR** Vátryggingafélag Íslands mun slysatryggja öll börn undir 18 ára aldri sem stunda íþróttir eða aðra skipulagða félagsstarfsemi í Kópavogi.

Í samkomulagi Kópavogsbæjar og VÍS segir meðal annars að vátryggingin taki til skipulagðrar starfsemi þess félags sem getið er um í vátryggingarskírteini auk ferða til og frá heimili vegna starfseminnar svo sem íþróttaæfinga og skátafunda.

Þetta er í fyrsta skipti sem bæjarfélag tryggir börn og unglinga með þessum hætti en VÍS ber þann kostnað sem ekki fæst endurgreiddur hjá Tryggingastofnun ríkisins. - hs





**Við kynnum nýjan alvörujeppa, KIA Sorento**

*– fullbúinn jeppi með ríkulegum staðalbúnaði*

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- þokuljós

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS The Power to Suprise™

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



**VILLTUR ASNI** Þessi villti asni var afskaplega kátur þegar ljósmyndara bar að garði í gær. Hann leit dagsins ljós í dýragarði í Köln í Þýskalandi í síðustu viku, en enn er ekki búið að gefa honum nafn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rottugangur rannsakaður í Kaupmannahöfn:

# Sendir settur í hnakka dýranna

**DANMÖRK** Danskir vísindamenn hafa hafið viðamikla rannsókn á brúnrottum sem lifa í skólpræsum meðal notaðra smokka, matarafganga, saurs og annars úrgangs. Ástæðan er sú að í raun er afar fátt vitað um þessa fjölmennestu tegund spendýra í veröldinni, segir á fréttavef Politiken.

„Það er yfirleitt óskaplega mörgum spurningum ósvarað varðandi skólprottur sem gerir það erfiðara að berjast gegn þeim á sem skilvirkastan hátt,“ sagði Ann-Charlotte Heiberg frá Meindýrararannsóknarstofu Danmerkur.

Til dæmis er lítið vitað um það hvar þær halda sig í skólprörunum og hversu oft þær koma upp úr þeim.

Brúnrottur eru plága um allan heim, aðallega vegna þess að þær eru sjúkdómsberar, en einnig því þær naga göt á skólpræsakerfi borga. Þess vegna reyna borgaryfirvöld víða að eitra fyrir þeim, en vandinn er að sífellt fleiri rottur virðast þróa með sér ónæmi fyrir eitrinu.

Því óttast heilbrigðisyfirvöld að rottufaraldur sé í vændum, nema nýjar aðferðir verði fundnar til að stemma stigu við dýrunum. Vísindamenn í Lyngby, Rødovre og Kaupmannahöfn fanga því þessa dagana villtar rottur og setja sendi í hnakka þeirra, svo hægt sé að fylgjast með hegðun þeirra í jörðu niðri. **- smk**



**ROTTUGANGUR** Danskir vísindamenn hafa hafið viðamikla rannsókn á skólpræsarottum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Keyrði á hross:

# Ekið á hross á Þverárfjallsvegi

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á hross á Þverárfjallsvegi, milli Sauðárkróks og Blönduóss, síðdegis á sunnudaginn.

Ökumaðurinn slasaðist ekki en bíllinn skemmdist mikið og er óökufær. Eftir áreksturinn hafði ökumaðurinn samband við lögregluna á Blönduósi sem kom fljótlega á vettvang.

Hrossið, sem maðurinn keyrði á, hafði í gær enn ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit lögreglunnar. Lögreglan telur að hrossið hafi ekki meiðst en frekari rannsókn stendur nú yfir. **- ifv**





**KNÚTUR G. HAUKSSON** Forstjóri Heklu afhenti fulltrúum Sorpu sex bíla.

Metangasbílar í borginni:

# Sorpa fær sex metangasbíla

**TÆKNI Forstjóri Heklu afhenti Sorpu sex EcoFuel-metangasbíla fyrir helgi. Starfsmenn Sorpu munu nota bílana í ýmislegt snatt.**

**Með bílunum verða metanbílar á götum Reykjavíkur orðnir sextíu talsins. Um 50 sinnum ódýrara er að aka um á metanbílum en bensínbílum og þeir menga margfalt minna.** **- ifv**

Fundur Vátryggingafélags Íslands um öryggismál í hestamennsku:

# Vilja að notkun hjálma verði lögbundin

**HESTAR** „Það hefur greinilega ekki gengið að hestamenn noti þann öryggisbúnað sem er nauðsynlegur án þess að um það gildi ákveðin lög og ég tel því spurningu hvort ekki þurfi að setja einhverjar reglur um þessa 25 til 30 þúsund hestamenn líkt og ökumenn þurfa að una,“ sagði Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, á fundi um öryggismál í hestamennsku sem fram fór í liðinni viku.

Fundurinn var haldinn í tilefni af hrinu alvarlegra hestaslysa að undanförnu. Ólafur vill gera það að skyldu að hestamenn séu með reiðhjálma og endurskinsmerki líkt og ökumenn eru með bílbelti. Á fundinum velti Ólafur einnig upp spurningunni hvort reiðmenn þyrftu að þreyta próf til að fá leyfi til að sitja hest en það mæltist ekki vel fyrir á fundinum.

Nauðsyn hjálmanotkunar var tíðrædd á fundinum en Þórir B. Kolbeinsson, heilsugæslulæknir á Hellu, kynnti niðurstöður nokkurra erlendra rannsókna sem gerðar hafa verið um slys tengd hestum. Kom þar fram að meiri líkur eru á alvarlegum áverka í hestamennsku en öðrum íþróttum, þar á meðal mótorhjólum. Þórir telur nauðsynlegt að hestamenn væru ávallt með hjálma, einnig á jörðu niðri, því enda þótt flest slys verði við fall af hestbaki slasist margir við umhirðu hrossa, til dæmis þegar hestur sparkar frá sér. Þá hafi flestir af þeim knöpum sem deyja af völdum höfuðáverka erlendis ekki notað reiðhjálm. **- sgi**



**HLUSTAÐ AF ATHYGLI** Þórir B. Kolbeinsson heilsugæslulæknir á Hellu og Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi.



**HESTAMENN Í LANDSSVEIT** Hestamenn ríða frá Selfossi í Leirubakka í Landssveit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA










C-Class á einstöku verði

og PING golfsett í kaupbæti

Það er okkur sönn ánægja að geta nú boðið hina frábæru C-Class bíla á einstaklega góðum kjörum. Með hverjum bíl fylgir vandað golfsett frá PING af gerðinni G5 sem verður sérstaklega mælt og sniðið að notandanum. PING er líkt og Mercedes-Benz þekkt fyrir framúrskarandi gæði. Þetta er einstakt tækifæri og gildir aðeins um mjög takmarkaðan fjölda af bílum sem við eigum tilbúna til sýnis og afhendingar strax. Það er því ekki eftir neinu að bíða, komdu og skoðaðu Mercedes-Benz C-Class og nýttu þér þetta frábæra tilboð.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi.

Fótaaðgerðafræðingar:

# Mótmæla námi í snyrtiskóla

**VINNUMARKAÐUR** Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga mótmælir harðlega þeirri fyrirætlan Snyrtiakademíunnar að hefja kennslu í fótaaðgerðafræðum án þess að hafa leyfi yfirvalda. „Snyrtiakademían er snyrtiskóli sem útskrifar iðnaðarmenn. Fótaaðgerðafræði er löggilt heilbrigðisfag,“ segir í tilkynningu frá félaginu.

Fótaaðgerðafræðingar benda á að unnið sé að því að nám í fótaaðgerðafræði verði þrjú ár eftir stúdentspróf. Snyrtiakademían stefni hins vegar að því að námið verði eitt og hálft ár í snyrtiskóla. **- ghs**

George Bush Bandaríkjaforseti ver orð Dick Cheney varaforseta um pyntingar:

# Bandaríkjamenn stunda ekki pyntingar

**BANDARÍKIN, AP** George Bush Bandaríkjaforseti segir Bandaríkin ekki stunda pyntingar á föngum, þrátt fyrir orð varaforsetans Dick Cheney þess efnis að það geti hjálpað til við yfirheyrslur að „dýfa föngunum í vatn“. Þetta var haft eftir varaforsetanum í útvarpsviðtali á dögunum.

Mannréttindasamtök hafa kvartað undan athugasemdum varaforsetans og segja hann lýsa yfir stuðningi við þekkta pyntingatækni, þar sem vatni er hellt yfir höfuð þolandans svo hann telji sig vera að drukkna. Hvíta húsið gaf á föstudaginn út yfirlýsingu þess efnis að Cheney hefði ekki verið að tala um þessa pyntingatækni.

„Þessi þjóð stundar ekki pyntingar og mun ekki beita þeim,“ segir Bush Bandaríkjaforseti. „Við munum yfirheyra fólk sem er handtekið á vígvellinum til að ganga úr skugga um hvort það hefur upplýsingar sem gagnast fyrir varnir þessa lands.“

„Ríkisstjórnin studdi pyntingar, en skipti svo um skoðun,“ sagði John Kerry, öldungadeildarþingmaður demókrata. „Er hún aftur fylgjandi pyntingum?“

Vika er í þingkosningar í Bandaríkjunum og benda skoðanakannanir til að repúblikanar muni tapa þingmeirihluta sínum. **- sgj**



**GEORGE BUSH** Forsetinn neitaði því á fundi með Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, að Bandaríkin stæðu fyrir pyntingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**UNDIRRITUN** Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Leifsstöðvar, ásamt Guðbjörgu G. Logadóttur, framkvæmdastjóra Fylgifiska.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

# Fylgifiskar í flugstöðinni

**ÞJÓNUSTA** Verslunin Fylgifiskar mun opna sjávarréttabar í flugstöð Leifs Eiríkssonar í apríl á næsta ári þegar nýtt brottfararsvæði verður opnað. Samningur um opnun barsins var undirritaður fyrir helgi og segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Leifsstöðvar, hliðstæða bari mjög vinsæla í flugstöðvum erlendis. Á sjávarréttabarnum verður boðið upp á létta sjávarrétti ásamt tilbúnum réttum sem fólk getur tekið með sér í vélarnar. Guðbjörg Glóð Logadóttir, framkvæmdastjóri Fylgifiska, segist gera ráð fyrir að tíu starfsmenn muni starfa á sjávarréttabarnum í Leifsstöð sem þýðir tvöföldun á núverandi starfsmannafjölda. „Opnun sjávarréttabarsins er nýtt skref fyrir Fylgifiska sem hingað til hafa sérhæft sig í sölu tilbúinna fiskrétta og heitum mat í hádeginu.“ **- hs**

wolfcraft®

Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



Sigga & Timo
GULLSMIÐIR
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Gjafahandbók
Flugstöðvarinnar er komin út





Dagana **12. október – 21. nóvember** geta farþegar nálgast Gjafahandbók Flugstöðvarinnar í öllum verslunum Flugstöðvarinnar og á heimasíðunni **www.airport.is**.

Gjafahandbókin er jafnframt happadrættismiði og geta heppnir farþegar unnið til glæsilegra vinninga. Dregið er út vikulega og eru vinningsnúmer auglýst á heimasíðu Flugstöðvarinnar **www.airport.is**









ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Góðir farþegar**

Vegna framkvæmda í flugstöðinni og aukinna öryggisráðstafanna hvetjum við fólk til þess að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Mætið tímanlega og njótið ferðarinnar. Innritun hefst **kl. 5.00** eða **2 tímum** fyrir brottför.

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

# Heimsferðir opna þér nýjan ævintýraheim vestanhafs

## - Beint vikulegt flug til Montreal í Kanada sumarið 2007

**Frá aðeins 29.990 kr.***





# Montreal



## Heimsborg eins og þær gerast bestar

*– frábær áfangastaður fyrir alla fjölskylduna*

**10.000 kr.**
**afsláttur**
Þeir sem bóka strax geta tryggt sér 10.000 kr. afslátt á mann.
**Fyrstu 1000 sætin**
Takmarkað sætaframboð með afslætti á hverri dagsetningu.






***Skoðaðu bæklinginn***

*Kynntu þér bækling Heimsferða um beint flug til Montreal í Kanada. Þú getur fengið bæklinginn á skrifstofu okkar eða skoðað hann á* ***www.heimsferdir.is***

## Frábært verð!

**Frá kr. 29.990**

*) Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A.
- ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði á þessu verði.

**Frá kr. 48.595**

**– Montreal í viku**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-17 ára, vikuferð 24. eða 31. maí, á Hotel Lord Berri ***+ í Montreal.

**Frá kr. 49.995**

**– Mont Tremblant í viku**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-17 ára, vikuferð 24. eða 31. maí, á Hotel La Tour des Voyageurs **** í Mont Tremblant.

### Samsettar ferðir

**Montreal + Mont Tremblant**

**Frá kr. 48.595**

**3 dagar í Montreal + 4 dagar í Mont Tremblant**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-17 ára, vikuferð 24. eða 31. maí, 3 nætur á Hotel Lord Berri ***+ í Montreal og 4 nætur á Hotel La Tour des Voyageurs **** í Mont Tremblant.

**www.heimsferdir.is** **Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 •**






# Mont Tremblant

## Náttúruperlan við Montreal

*– sannkölluð fjölskyldu- og útivistarperla*



- Montreal
- Quebec
- Toronto
- Winnipeg
- Niagara fossarnir
- Klettafjöllin
- Mont Tremblant











## Ótrúlega spennandi sérferðir í boði

- Montreal - Quebec
- Toronto - Montreal - Niagara fossarnir
- Á Íslendingaslóðum
- Perlur Kanada



**Tryggðu þér sæti strax!**





Heimsferðir

• Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099 • Hafnarfjörður • Sími 510 9500 • www.heimsferdir.is

## „ORÐRÉTT“

### *Framtíð Íslands í húfi*

**„Völdin eru ekki aðalfókusinn, heldur málefnið, framtíð Íslands er í húfi og að okkar mati stöndum við á krossgötu.“**

MARÍA ELLINGSEN, STJÓRNARFORMAÐUR FRAMTÍÐARLANDSINS, SEM VILL KOMAST UPP ÚR HJÓLFÖRUM STÓRIÐJUSTEFNUNNAR.

**Morgunblaðið 30. október.**

### *Er hagstætt skattaumhverfi á tunglinu?*

**„Það er ekkert í dönskum skattalögum sem segir að einhver munur sé á að greiða arð til Íslands, Danmerkur, Lúxemborgar eða bara til tunglsins.“**

SIGURÐUR EINARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR KB BANKA, UM ÁSAKANIR EKSTRA BLADET.

**Fréttablaðið 30. október.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGI SVAVAR HELGASON TROMMARI

## *Spilar fyrir töskuframleiðanda*



„Það er allt gott að frétta og allt í gangi,“ segir Helgi Svavar Helgason, trommari. „Við strákarnir í Flís erum að spila hér í Manchester í kvöld og síðan förum við til Hollands og spilum í Amsterdam og þar í kring næstu þrjú kvöldin. Þá komum við aðeins heim og fáum okkur svið, en síðan er það New York þar sem við spilum í partíi hjá heimsfrægum töskuframleiðanda. Við, þetta viðkunnanlega djasstríó, keyrum um á svakalegum pimpmobile sem hæfði betur hiphopurum og þegar við komum frá New York fer okkur örugglega aðeins að langa í að lappa upp á bílinn. Við æfum aldrei heldur pimpum bara bílinn okkar. Í lok nóvember er það svo smá spilirí í London og þaðan í tveggja vikna túr um Japan.“

Helgi neitar því ekki að Flísmenn séu farnir að leggja drög að næstu plötu, en sú síðasta með útgáfum af lögum Hauks Morthens gekk mjög vel. Hann vill þó ekkert segja um næstu plötu. „Hins vegar vorum við í Helmusi und Dalla (Helgi og Davíð Þór Jónsson) að gefa út fyrstu plötuna okkar í gær. Ég bind miklar vonir við að þessi plata geri mig ríkan.“

Í persónulegu deildinni segir Helgi það standa upp úr að Ólafía Kristín dóttir hans hafi orðið eins árs í síðustu viku. „Elsa konan mín bakaði þessa forláta Hello Kitty-köku og Árný móðursystir hennar gerði þjóðlega brauðtertu með majonesi og alles.“

## ÍRSK MOLD: MOKAST ÚT

■ Hafinn er útflutningur á írskri mold til Bandaríkjanna þar sem írskættaðir Bandaríkjamenn kaupa moldina til að hafa „írsku fósturjörðina“ með sér í gröfina. Hver 340 gramma poki með „ekta írskri mold“ kostar 15 dali og er meiningin að úr pokanum sé stráð ofan á líkkistur á leið niður í bandaríska jörð. Salan hefur farið fram úr björtustu vonum og þegar hefur selst mold fyrir milljón dali. Markaðurinn er stór því um 40 milljónir Bandaríkjamanna rekja ættir sínar til Írlands.



## SJÓNARHÓLL

**ÁSAKANIR EKSTRA BLADET**

### *Lítil langtímaáhri*



**JÓNAS HARALDSSON** Fréttastjóri Viðskiptablaðsins

„Danskir fjölmiðlar og sumir í þarlendu viðskiptalífi virðast sjá ofsjónum yfir velgengni Íslendinga í viðskiptum,“ segir Jónas Haraldsson, fréttastjóri Viðskiptablaðsins, um þær ásakanir sem íslenska fjármagnsútrásin verður nú fyrir í Ekstra Bladet. „Öfund í bland við illgirni hefur einkennt umfjöllunina. Samantekt Extrablaðsins er í beinu framhaldi þess. Engin dulúð ríkir um fjármögnun, hún hefur verið sótt á alþjóðlegan lánamarkað þar sem kjör hafa verið góð. Útsjónarsemi Íslendinga hefur einfaldlega verið meiri en frænda okkar, svo ekki sé minnst á áræði. Vitaskuld nýta menn sér þau færi sem gefast innan settra reglna. Ekki hefur verið sýnt fram á lögbrot. Fyrsta grein Extrablaðsins sneri að mestu að Kaupþingi banka. Stjórnarformaður bankans hefur látið hafa eftir sér að umfjöllun blaðsins sé fáránleg og ásakanir út í hött. Svo er að sjá sem markaðurinn sé sama sinnis. Álag á skuldatryggingar Kaupþings banka á eftirmarkaði hefur staðið í stað þrátt fyrir umfjöllunina í Danmörku. Greiningardeildir og miðlarar í Evrópu virðast lítið mark taka á Extrablaðinu. Krónan veiktist að vísu lítillega á föstudag vegna umræðunnar en hefur styrkst á ný. Langtímaáhrif virðast því lítil.“


Háskólinn í Reykjavík kynnir opna málstofu í lýðheilsu

**Tilbrigði við heilbrigði**



*Héðinn Unnsteinsson.*

Verið velkomin á opna málstofu í lýðheilsu sem ber nafnið **„Tilbrigði við heilbrigði“**.

Fyrirlesari er Héðinn Unnsteinsson sérfræðingur á geðheilbrigðissviði Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar WHO.

Allir velkomnir.

**Málstofan hefst kl. 12:15 þriðjudaginn 31. október í Ofanleiti 2, stofu 231A.**

FABRIKAN 2006

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKA 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is


# Alveg bannað að svindla

**Um helgina varð Freyja Sigurðardóttir Íslandsmeistari í Icefitness-keppninni. Hún sigraði örugglega, fékk 39 stig, þrettán stigum meira en sú sem varð í öðru sæti.**

Freyja er mikil fitness-drottning því hún hefur sigrað í öllum Íslandsmeistaramótum sem hún hefur tekið þátt í, árin 1999, 2000, 2001, 2002 og 2004, auk þess að sigra í ár. Þá hefur hún líka sigrað í fjórum bikarmótum, en bikar- og Íslandsmeistaramótið eru helstu fitness-mótin á Íslandi.

„Ég var í fimleikum til 17 ára aldurs og fór í þetta þegar mig vantaði eitthvað eftir fimleikana. Ég keppti ekki árið 2003 því ég var ólétt og gat ekki keppt og í fyrra var ég að undirbúa það að flytja til Noregs,“ segir Freyja. Hún býr í Álasundi með knattspyrnukappanum Haraldi Frey Guðmundssyni, sem hefur verið að gera góða hluti í vörninni með Álasundsliðinu.

Freyja segist aldrei hafa verið í eins góðu formi og núna og var sex kílóum léttari nú en árið 2004. Meðal þess sem hún afrekaði á Icefitness var að taka 80 armbeygjur á 1.14 mínútu og hékk í næstum 3 mínútur í „fitnessgreip“, sem henni finnst reyndar leiðinlegasta greinin.

„Fyrst og fremst þarf maður bara að vera ógeðslega agaður. Ég er náttúrlega með góðan grunn, til dæmis er ég heppin að hafa fæðst með góða líkamsbyggingu, og hef alltaf hreyft mig mikið. Tólf vikum áður byrjar maður að fókusera á keppnina. Það er alveg bannað að svindla því smá svindl á hverjum degi hleður utan á sig og er orðið eins og stór máltíð á föstudegi. Ég neita því ekki að maður er oft þreyttur á þessu á tímabilinu, en nokkrum dögum fyrir mót fyllist maður eldmóði og sér fram á að þetta er að verða búið.“

Freyja getur þó enn ekki slappað af þótt hún hafi rúllað Icefitness-keppninni upp því bikarmótið fer fram á laugardaginn. „Það er frábært að hafa þessi tvö mót svona í röð,“ segir Freyja, sem æfir nú á fullu og ætlar ekki að gefa neitt eftir á laugardaginn.

**gunnarh@frettabladid.is**



**FREYJA MEÐ BIKARINN** Ásamt Jóhanni Pétri Hilmarssyni sem sigraði í karlaflokki.



■ Byrjaði að fókusera á keppnina tólf vikum áður.

■ Morgunmatur: Einn og hálfur desilítri af haframjöli með rúsínum í vatni.

■ Matur: Ókryddaður kjúklingur og fiskur – „Það eru margir fótboltaáhugamennirnir í Álasundi á sjónum svo við höfum góðan aðgang að ferskum og góðum fiski“ – ávextir og grænmeti „eins og þarf“, hrísgrjón og kartöflur.

■ Laugardagar eru nammidagar. Fékk sér þann mat sem henni langar í og smá súkkulaði. Saknaði íslenska súkkulaðisins.

■ Saknaði líka íslenska skyrsins og reyndi að búa sér til „skyr“ með því að mixa saman próteindufti og fitulitlu jógúrti. Ekki eins gott!

■ Í ræktina tvisvar á dag. Brennsla á morgnana í 45-50 mínútur. Hlaupabretti eða hjól með allt á fullu í iPodinum. Byrjaði á brennsluteknói en varð fljótlega þreytt á því og endaði í Bítlunum, U2 og Elvis.

■ Styrktaræfingar seinni partinn. Skipti líkamanum upp í sex hluta – fætur, brjóstvöðva, tvíhöfða, þríhöfða, bak og axlir – og tók 6-7 æfingar á hvern hluta fyrir sig eftir dögum.

■ Fimm vikum fyrir mót bættust við æfingar fyrir keppnina, til dæmis armbeygjur og fitnessgreip.

■ Síðustu dagana fyrir mót: Til að vera sem skornust þarf að minnka vatnsdrykkju. Bara einn lítra tveim dögum fyrir mót, hálfan lítra daginn áður og ekkert vatn á keppnisdaginn.

■ Fór í 5-6 ljósatíma þegar styttist í keppni og fékk hjálp frá mömmu sinni við að pensla 4-5 umferðir af brúnkukremi á sig dagana fyrir mót.

# ...að byrja strax að hætta

RÁÐSTEFNA UM LEIÐIR TIL AÐ STYTTA STARFSÆVINA
OG TRYGGJA SÉR FJÁRHAGSLEGT FRELSI

ENNEMM / SÍA

**NORDICA HOTEL** MIÐVIKUDAGINN 1. NÓVEMBER, KL.17.15-18.30.

KB banki efnir nú til ráðstefnu þar sem fjallað verður um möguleikann á fjárhagslegu frelsi samfara styttri starfsævi. Boðið verður upp á áhugaverð erindi og veitingar að þeim loknum.

**Skráning í símum 444 7704 og 444 7712 eða á www.kbbanki.is/radstefna**

DAGSKRÁ

Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri KB banka setur ráðstefnuna.

**The 'Life-Cycle' Model of Personal Finance**
Fyrirlesari er hagfræðingurinn Dr. Keith Ambachtsheer en hann er meðal fremstu fræðimanna á sviði lífeyrismála í heiminum.

**Að fara fyrr á eftirlaun**
Erindið flytur Dr. Tryggvi Þór Herbertsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og prófessor við viðskipta- og hagfræðideild skólans.

**Að byrja strax að hætta**
Halldóra Guðmarsdóttir, sérfræðingur KB banka í fjárfestingum og sparnaði einstaklinga, kynnir nýjung sem fólk á öllum aldri getur nýtt sér til að skoða stöðu sína og setja sér markmið um starfslok og tekjur við starfslok.

Ráðstefnustjóri er Þórarinn Sveinsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar KB banka.

KB BANKI

## Svona erum við

> Staðsetning internetnotkunar einstaklinga 2006




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** KOSNINGAR TIL ALÞINGIS

# *Á ekki að vera flókið að bjóða fram lista*

Samtökin Framtíðarlandið greindu frá því eftir haustþing sitt síðastliðinn sunnudag að þau íhuguðu framboð til Alþingis í vor. Samkvæmt Maríu Ellingsen, stjórnarmanni í Framtíðarlandinu, er starfandi vinnuhópur innan samtakanna sem undirbýr hugsanlegt framboð. Enn liggur þó ekki fyrir hvort samtökin munu bjóða fram eða hvaða meðlimir samtakanna verða á framboðslistanum.

Ef Framtíðarlandið ákveður að bjóða fram þurfa samtökin að fara eftir ferli sem kveðið er á um í lögum um kosningar til Alþingis.



**Hvernig býður maður sig fram til þings?**
Ef Framtíðarlandið, eða einhver önnur samtök eða hópur, ákveður að bjóða fram til Alþingis þurfa þau að tilkynna yfirstjórn það skriflega, fyrir hádegi, 15 dögum fyrir kosningar.

Á framboðslista samtakanna, eða hópsins, eiga að vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu og þarf að fylgja skrifleg yfirlýsing hvers frambjóðanda að hann samþykki að nafn hans sé á listanum. Hver frambjóðandi þarf að vera kjörgengur.

Með framboðslistanum á að fylgja skrifleg yfirlýsing frá meðmælendum, kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda á að vera margfeldi þingsæta í kjördæminu og tölunnar 30 í minnsta lagi, og 40 í mesta lagi.

**Er flókið að bjóða sig fram til Alþingis?**
„Það er ekki flókið og á ekki að vera það.

Einn hluti þessa ferlis getur reynst erfiður fyrir einhvern sem vill stofna stjórnmálaflokk á landsvísu. Það er að safna nægilegum meðmælendafjölda í hverju kjördæmi landsins. Samtök eins og Framtíðarlandið virðast vera nægilega sterk til þess því þau eru nokkuð stór, með 2.400 meðlimi og skipulag þeirra virðist nokkuð gott,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

## SPURT & SVARAÐ

SYKURSÝKI

### *Hreyfing og mataræði*



MATTHÍAS HALLDÓRSSON
AÐSTOÐARLANDLÆKNIR

Hingað til hefur offita verið talin aðalorsakavaldur fullorðinssykursýki en algengt afbrigði af ákveðnu geni er talið jafn líklegt til að valda sjúkdómnum að því er kemur fram í nýrri breskri rannsókn. Hollir lífshættir, hreyfing og mataræði eru mikilvægir þættir við meðhöndlun sykursýki að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis.

**Hvað veldur sykursýki ?**
Hormónið insúlín er nauðsynlegt fyrir flutning sykurs úr blóði inn í frumur. Sykursýki stafar af vöntun insúlíns (sykursýki af gerð I) eða að það hefur ekki nægileg áhrif á frumurnar (gerð II eða fullorðinssykursýki). Þetta veldur hækkun á blóðssykri og skorti á sykri í frumum, sem brjóta niður fitu í staðinn. Líkaminn fer að skilja sykur út í þvagi. Sykurinn tekur með sér vökva og sjúklingurinn verður þyrstur. Önnur einkenni eru þreyta, þokusýn, þyngdartap og svengdartilfinning.
Illa meðhöndluð sykursýki leiðir til alvarlegri skemmda á æðum í nýrum, augum, útlimum og víðar og hætta eykst á kransæðastíflu og heilablóðföllum þegar fram líða stundir.

**Hvernig er sykursýki meðhöndluð?**
Sjúklingar með gerð I af sykursýki þurfa að nota insúlin alla ævi. Þeir sem hafa sykursýki af gerð II geta stundum haldið henni í skefjum með heilbrigðu líferni, en þurfa oft jafnframt að nota lyf. Sjúklingar verða að vera undir góðu eftirliti og gæta þarf að blóðþrýstingi og blóðfitu. Góð meðferð dregur mjög úr fylgikvillum sykursýki.

# Kosningar sem gætu skipt sköpum

**Forsetakosningarnar í Kongó á sunnudaginn þykja marka viss tímamót í sögu Afríku. Þær fóru að mestu friðsamlega fram, þrátt fyrir fréttir af manndrápum og átökum í norðausturhluta landsins. Úrslit verða ekki endanlega ljós fyrr en í fyrsta lagi eftir viku, en hvernig svo sem þau verða virðast landsmenn binda miklar vonir við að kosningarnar tryggi frið í landinu.**



**TALNING ATKVÆÐA HAFIN** Strax að loknum kosningunum á sunnudaginn voru pokar með atkvæðaseðlum sóttir frá kjörstöðum í flutningabílum á vegum Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið var á milli tveggja manna, sem urðu efstir í fyrri umferð forsetakosninganna, sem haldin var 30. júlí í sumar. Annar þeirra er Joseph Kabila, núverandi forseti sem fékk embættið í arf eftir föður sinn, Laurent Kabila, en sá var myrtur árið 2001. Hinn frambjóðandinn er Jean-Pierre Bemba, sem áður var uppreisnarleiðtogi en er nú einn af fjórum varaforsetum landsins í bráðabirgðastjórn, sem tók við völdum þegar samið var um frið árið 2002.

### Lofa öllu fögru

Báðir hafa þeir Kabila og Bemba heitið því að virða úrslit kosninganna, hvernig svo sem þau verða. Margir óttast þó að stríð brjótist út að nýju þegar úrslitin verða ljós, þar sem báðir ráða þeir Kabila og Bemba yfir einkahersveitum sem myndu varla hika að berjast ef kallið kæmi frá leiðtogunum. Til átaka kom milli þeirra eftir að úrslit fyrri umferðarinnar voru birt, og stóðu þau í þrjá daga og urðu að minnsta kosti 23 manns að bana.

Í fyrri umferð forsetakosninganna hlaut Kabila 45 prósent atkvæðanna en Bemba 20 prósent. Fyrir seinni umferðina hafði Kabila síðan tryggt sér stuðning þeirra frambjóðenda sem lentu í þriðja og fjórða sæti, og þykir því óneitanlega sigurstranglegri en Bemba.

Kosningarnar um helgina hafa verið sagðar þær mikilvægustu í Afríku frá því Nelson Mandela var kosinn forseti Suður-Afríku árið 1994. Þetta eru fyrstu frjálsu kosningarnar sem haldnar eru í Kongó frá 1960, en undanfarinn áratug hafa stríðsátök sett svip sinn á allt þjóðlífið í Kongó.

### Mannskæð styrjöld

Talið er að fjórar milljónir manna hafi látist þegar harðvítugt stríð geisaði í Kongó á árunum 1996 til 2002. Flestir þeirra dóu reyndar af völdum hungurs og sjúkdóma sem fylgdu átökunum.

Kongó, sem var belgísk nýlenda frá 1908 til 1960, er gríðarlega stórt land, rúmlega 2,3 milljón ferkílómetrar og því tólfta stærsta ríki heims, álíka stórt og öll Vestur-Evrópa.

Laurent Kabila, faðir Josephs, komst til valda árið 1997 í byltingu gegn fyrrverandi forseta, Mobutu Sese Seko, sem hafði þá ríkt í þrjátíu ár og þótti bæði spilltur og grimmur stjórnandi. Stríðsátökin snerust að stórum hluta um miklar auðlindir í jörðu og yfirráðin yfir þeim. Í Kongó er meðal annars mikið af demöntum, kopar, gulli og koltan, sem er notað í farsíma.

Stríðið hófst hins vegar í beinu framhaldi af því að gífurlegur fjöldi hútúa streymdi inn í landið frá nágrannaríkinu Rúanda í kjölfar þjóðarmorðsins þar árið 1994, þegar hútúar myrtu landa sína, tútsa, í stórum stíl. Stríðið í Kongó hafði mikil áhrif á önnur lönd í Mið-Afríku. Sex af nágrannaríkjunum sendu herlið til Kongó til þess að taka þátt í hernaðinum, þar á meðal Rúanda, Úganda, Angóla og Simbabve. Rúandamenn réðust meðal annars inn í Kongó tvisvar sinnum, fyrst 1996 og síðan aftur 1998, til þess að elta þar uppi hútúa.

### Áhrif á nágrannaríkin

„Ef hér ríkir friður og stöðugleiki, þá getur orðið friður og stöðugleiki á öllu Vatnasvæðinu,“ segir Mluleki George, aðstoðar varnarmálaráðherra Suður-Afríku og yfirmaður kosningaeftirlitsnefndar frá Suður-Afríku, sem fylgdist með framkvæmd konsinganna í Kongó. Með „Vatnasvæðinu“ á hann við landsvæðið í kringum vötnin miklu austanvert við Kongó.

„Þetta er eitt af stærstu ríkjum Afríku. Það getur orðið forðabúr allrar Mið-Afríku,“ segir George í viðtali við AP-fréttastofuna.

Árið 2002 var loks samið um frið með því að leiðtogar helstu uppreisnarhópanna fengu sæti í stjórn landsins með Kabila forseta og hefur það stjórnskipulag gengið að mestu áfallalaus. Fjölmennt friðargæslulið hefur engu að síður þurft að vera til staðar í Kongó undanfarin ár, alls um það bil 17 þúsund manns.

Þótt miklar vonir séu bundnar við forsetakosningarnar hafa hvorki Kabila né Bemba þótt sérlega friðsamlegir menn til þessa. Stuðningur við þá skiptist eftir landshlutum, því Kabila nýtur einkum stuðnings í austurhluta landsins en Bemba í mið- og vesturhlutanum. Standi þeir við loforð sín um að virða niðurstöður kosninganna gætu bæði Kongó og nágrannaríki þess átt bjarta framtíð fyrir höndum, en á hinn bóginn gæti lítið þurft til þess að hleypa öllu í bál og brand á ný.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

### Fylkingar tveggja andstæðinga mætast

**Mikil spenna var milli stuðningsfylkinga forsetaframbjóðendanna í Kongó þegar seinni umferð kosninga var haldin nú um helgina. Miklar vonir eru bundnar við kosningarnar, sem gætu tryggt frið til frambúðar bæði í Kongó og nágrannaríkjum. Lítið þarf þó til að átök brjótist út á ný.**




- Kabila nýtur stuðnings í austanverðu Kongó, en Bemba í höfuðborginni, Kinshasa, og vestast í landinu – hætta á átökum.
- Bæði Kabila og Bemba ráða yfir stórum einkaher sem er reiðubúinn til átaka ef úrslit falla þeim ekki í geð.
- Vopnaðar sveitir starfa enn í austurhluta landsins, þar sem miklar auðlindir eru í jörðu, meðal annars 30% af demantaforða heimsins.

◇ Demantar ■ Gull
● Kopar / kóbalt

- Átökum hefur ekki linnt og því hefur verið þörf á að hafa meira en 17.000 friðargæsluliða á landsvæði sem er álíka stórt og öll Vestur-Evrópaþ
- Um 1.500 alþjóðlegir eftirlitsmenn fylgdust með kosningunum.

Heimildir: Fréttastofur Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




GOTT FÓLK McCANN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kosningamál á komandi vetri:

# Óþarfi að hjálpa fullfrísku fólki

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Það er mikilvægt fyrir Samfylkinguna að sannfæra kjósendur um að forystumönnum flokksins sé treystandi til að fara með stjórn ríkisfjármála á Íslandi eftir alþingiskosningarnar næsta vor. Í því sambandi skiptir máli að gefið verði vilyrði fyrir því að skattar fólks hækki ekki komist Samfylkingin til valda og að ríkisútgjöldum verði haldið í skefjum. Ekki má heldur steypa ríkissjóði í skuldir til að fjármagna öll þau verkefni sem metnaðarfulla þingmenn, sem hafa kannski setið lengi áhrifalausir í stjórnarandstöðu, langar til að hrinda í framkvæmd. Kjósendur þurfa skýr svör í þessum efnum.

Þó að enn sé deilt um fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar eftir langa samfellda stjórn vinstri manna er það staðreynd að skuldir borgarinnar jukust mikið á valdatíma R-listans. Vissulega er hægt að færa málefnaleg rök fyrir hluta af þeirri skuldsetningu. En á meðan skuldir borgarinnar jukust notaði ríkisstjórnin uppsveifluna til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Fólk nýtur þess nú í lægri afborgunum og afgangurinn er notaður til framkvæmda. Þessari þróun mega vinstri menn ekki snúa við komist þeir í ríkisstjórn. Sporin í borginni hræða.

Það er eðlilegt að vinstri flokkarnir setji jöfnun lífskjara á oddinn í komandi kosningabaráttu. Lífskjarabyltingin hefur gert það að verkum að allir hafa það betra í dag en fyrir áratug. Þó eru dæmi um hópa sem þurfa að hafa mikið fyrir litlu.

Varaformaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson, kemur með athyglisvert innlegg í þessa umræðu í grein í Fréttablaðinu í gær. Vill hann að Samfylkingin beiti sér fyrir því að skattur á greiðslur frá lífeyrissjóðum verði lækkaður í tíu prósent. Nú eru þessar greiðslur skattlagðar til jafns við launatekjur. Mundi þetta hafa verulega þýðingu fyrir eldri borgara, sem sumir hverjir lifa við þröngan kost.

Samfylkingin hefur líka lagt fram tillögur um lækkun matarverðs, sem ganga lengra en hugmyndir núverandi ríkisstjórnar. Slíkar hugmyndir gagnast best fjölmennum fjölskyldum sem þurfa að eyða stórum hluta tekna sinna í kaup á matvöru.

Báðar þessar hugmyndir Samfylkingarinnar ganga út á að bæta hag þeirra tekjulægri í samfélaginu án þess að auka skattbyrði annarra. Þær snúast um að ríkið taki minna til sín frá fólki sem þarf á hverri krónu að halda. Þær snúast um að forgangsraða í þágu þeirra sem minna mega sín.

Það er einmitt hlutverk ríkisins, að hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi. Ríkisvaldið á ekki að þurfa að aðstoða fullfrískt fólk. Það á ekki að borga hátekjufólki fyrir að vera heima hjá börnum sínum, né niðurgreiða leikhúsmiða fyrir góðborgara þessa lands, eða reisa hestamönnum hús til að sinna störfum sínum og áhugamálum. Ríkið á ekki að styrkja ákveðnar atvinnugreinar, halda úti óþarflega stórri utanríkisþjónustu eða reka ríkisfjölmiðil sem skyldar alla lögráða einstaklinga til að greiða afnotagjöld. Það er af nógu að taka.

Stjórnmálamenn eru smeykir við að ræða þetta af fullri alvöru af ótta við að styggja fullfríska fólkið sem telur sjálfsagt að skattpeningar séu nýttir því til hagsbóta. Sáttin um skattkerfið snýst samt um að aðstoða þá sem sökum aldurs, veikinda eða fötlunar geta ekki notið sín til fulls miðað við aðstæður hjálparlaust. Forgangsröðun verkefna í þágu þessa fólks, samhliða traustri stjórn efnahagsmála, eru meðal mikilvægra verkefna stjórnmálanna á komandi vetri.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.
550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Feminískir útreikningar

Umræðan um stöðu kvenna er auðvitað sígild í kringum kosningar. Auður Magndís, námsmaður í London, rifjar upp tölfræðikunnáttuna á heimasíðu sinni í tengslum við prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík. Niðurstaða hennar sýnir að karlar í prófkjörinu sóttust að meðaltali eftir sæti nr. 4,4. Konur sóttust að meðaltali eftir sæti nr. 5,5. Karlar komust að meðaltali í sæti nr. 3,1 en konur að meðaltali í sæti nr. 6,7. Og hvaða lærdóm dregur Auður af þessu? „Til að fá jafnt hlutfall kvenna og karla í efstu 10 sætin þyrftu 11,6 konur að bjóða sig fram á móti 7,8 körlum. Konurnar þyrftu að meðaltali að bjóða sig fram í 4. sæti en karlarnir í 7. sæti til að útkoman yrði jöfn."



### Hvar var Gísli?

Annars stóð prófkjör Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi ekki undir væntingum þeirra sem horfa eingöngu á kynjahlutföllin. Þessu hafa auðvitað margir áhyggjur af. Varla er samt konum hafnað í Samfylkingunni á þeirri forsendu að þær séu konur! Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem skipaði annað sæti listans fyrir fjórum árum á eftir Gísla S. Einarssyni, féll nú í það þriðja. Gísli var hins vegar upptekinn í störfum bæjarstjóra Akraness fyrir Sjálfstæðisflokkinn.



### Sameiginlegar raunir

Helgi Hjörvar virðist vilja halda sig hættulega nálægt sjálfstæðismönnum í prófkjörsbaráttunni sem nú er hafin meðal samfylkingarfólks í Reykjavík. Til að byrja með notar hann sama slagorð og Birgir Ármannsson var með á útgefnu efni frá sér, Vöndum valið. Báðir líka vandaðir menn. Þá þurfti Sigríður Andersen, sem náði tíunda sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins, að rýma kosningaskrifstofuna í flýti svo Helgi gæti opnað sína á sama stað á sunnudaginn. Helgi segir að hann hafi fengið ýmislegt lánað hjá Sigríði til að af opnuninni gæti orðið. Greiðviknin virðist ekki langt undan hjá þessum pólitískum andstæðingum, sem skilja vel hverjar raunir frambjóðanda eru.

bjorgvin@frettabladid.is

# Óánægðir kennarar



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Í DAG | Kennaralaun

Síðustu daga hafa ýmsir málsmetandi menn og konur látið gamminn geisa í dagblöðum landsins, þ.á m. um mennta- og skólamál. Þetta hafa um margt verið áhugaverðar og stundum fróðlegar greinar og kennarar hafa væntanlega lesið þessi tilskrif af áhuga. Greinarnar hafa undantekningarlítið, jafnvel án undantekninga, tengst því að greinarhöfundar hafa hug á að verða þingmenn og þá telst áhugi á menntamálum gott veganesti inn í prófkjör. Hitt er öllu verra að minna vill verða um efndirnar þótt viðkomandi komist í lykilstöðu.

Nú hef ég ekki umboð til að tala fyrir hönd kennarastéttarinnar en ég vinn í nokkuð stórum skóla og heyri hvar þar er rætt, sem og víðar. Það er skemmst frá því að segja að kennarar virðast óánægðir. Fyrir tveimur árum lauk verkfalli grunnskólakennara, í raun án sátta við kennara. Það er geymt en ekki gleymt. Meðal ákvæða, í því sem kallað var samningur, var að taka skyldi „upp viðræður fyrir 1. september 2006 og meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjaraþróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem þeir verði sammála um". Samningsaðilar, þ.e. kennarar og launanefnd sveitarfélaga munu sammála um að slíkar breytingar hafi orðið en hins vegar mjög ósammála um hvaða viðbragða sé þörf. Kennarar benda m.a. á að verðbólga hefur verið langt um fram þau 2- 3% sem reiknað var með og ýmsar stéttir hafa fengið talsverðar breytingar á sínum kjörum, þ.á m. leikskólakennarar, og var ekki vanþörf á. Helstu ráðamenn þjóðarinnar eru líka meðal þeirra sem fengið hafa launahækkun nýlega og má kannski deila um þörfina þar. En kennarar eru ekki sáttir við sína stöðu og undanfarna daga hafa birst ályktanir og samþykktir frá kennarahópum þar að lútandi.

En hvað er til ráða? Mér er til efs að stéttin sé tilbúin í annað verkfall. Þetta var hart stríð og árangurslítið. Kennarar máttu sitja undir svívirðingum úr samfélaginu, flestum nafnlausum, fyrir það eitt að krefjast ásættanlegra launa og voru í lokin reknir inn á vinnustaðina. Samningaviðræður eru til lítils gagns þegar annar aðilinn er ekki til viðræðu. Nú eru reyndar alþingiskosningar fram undan og kannski geta kennarar reynt að velja sér nýja yfirmenn, einhverja sem þeir treysta betur. En það virðist þrautin þyngri. Á síðustu 4 árum hef ég haft Sjálfstæðisflokkinn sem yfirmann í formi menntamálaráðherra og Framsóknarflokkurinn hefur verið hans samstarfsaðili í ríkisstjórn. R-listinn stjórnaði Reykjavíkurborg til skamms tíma og þar sat fulltrúi Samfylkingarinnar í æðsta sæti menntamála en aðrir samstarfsaðilar R-listans voru auðvitað með í för. Í þessi 4 ár hafa mér, satt best að segja, hugnast þessir yfirmenn hóflega vel og virðist fátt um fína drætti. Nýr meirihluti í borgarstjórn virðist ekki hafa látið að sér kveða í menntamálum, a.m.k. enn sem komið er.

Ákvarðanir um stefnumótun í skólamálum eru teknar á leikvelli stjórnmálanna og eru því í eðli sínu pólitískar. Vafalaust þyrftu kennarar að koma í stórauknum mæli að slíkum umræðum en stéttin er svo störfum hlaðin að hún hefur hvorki tíma né orku til að sinna því verkefni. En eftir stendur sú staðreynd að kennarar eru almennt mjög óánægðir með kjör sín, ekki síst launin. Það ríkir líka óánægja með starfsumhverfi, sem verður æ erfiðara. Eitt dæmi af mörgum er stefna Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga um skóla án aðgreiningar sem var mörkuð og fylgt eftir án faglegra ráðstafana til að mæta auknu álagi innan skólanna. Annað lítið dæmi innan Reykjavíkurborgar er hversu erfitt er að fá fulltrúa borgarinnar til að standa við gerða samninga um viðhald skólahúsa og lóða. Vanræksla starfsumhverfis nemenda og starfsfólks er virðingarleysi og þetta virðingarleysi, sem birtist í ýmsum myndum, er kannski það sem hefur þreytt kennara mest.

# Tekur fólk ekki rökum?

UMRÆÐAN

Hvalveiðar



EINAR K. GUÐFINNSSON

Hér á landi draga nánast engir í efa að veiðar á hvalategundunum langreyði og hrefnu megi stunda með sjálfbærum hætti. Við höfum upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun sem sýna þetta og Alþjóðahvalveiðiráðið hefur staðfest stofnstærðarmatið. Þetta kom skýrt fram í viðtali Fréttablaðsins sl. sunnudag við Greg Donovan formann Vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Óumdeilt er það einnig að við höfum allar heimildir til þess að þjóðarrétti að veiða þessa hvalastofna. Fyrirvarar sem við settum við inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið eru nú að fullu komnir í gildi. Sjálfsákvörðunarréttur okkur er því ótvíræður.

Dapurlegt er hins vegar til þess að hugsa þegar því er haldið fram að þessi réttur okkur skuli undirorpinn afstöðu óskilgreinds almenningsálits í ótilgreindum löndum. Það gerist þegar menn segja að vísindarökin og þjóðréttarrökin skipti engu máli og að við verðum að gefast upp fyrir mótmælum í útlöndum (- sem eru þó ekki mjög áberandi).

Slíkur málflutningur hlýtur að vekja upp spurningar um það hvort sú staða sem okkar sem fullvalda þjóðar í heimi sem byggir á lögum, reglum og stofnanafyrirkomulagi í alþjóðlegum samskiptum. Ekkert slíkt fyrirkomulag er til staðar við aðstæður þar sem viðurkennt er að réttur okkur lúti óskilgreindum og óskilgreinanlegum ákvörðunum hins hvikula almenningsálits og hugtaksins ímyndar í erlendum ríkjum.

Værum við í Evrópusambandinu hefðum við þó reglur, dómstóla og lög við að styðjast. Ef við ofurseldum okkur valdi hagsmunasamtaka úti í heimi væri fullveldisréttur fljótlega aðallega orðin tóm. Þessi rök mjög margra þeirra sem tala gegn hvalveiðum (leiðarar Morgunblaðsins eru gott dæmi um þetta) eru þess vegna sorgleg.

Og svo er það annað. Gagnrýnendur hvalveiða hérlendis hafa sumir hverjir sagt að þótt rétturinn sé okkar megin þá dugi engin rök á þá sem eru andvígir hvalveiðum okkar t.d. erlendis. Afstaða fólks ráðist af öðru. Getur þetta verið? Er ekki orðræðan og skoðanaskiptin einmitt kjarni lýðræðisins? Hvað gerist þegar við föllumst á að umræðan skipti engu máli? Við erum þá að segja að við getum ekki unnið málstað okkar fylgi með skoðanaskiptum og röksemdafærslum.

Tvennt má um þetta segja. Annars vegar er þetta dæmi um ótrúlegan hroka, þar sem bókstaflega er verið að segja að fólk taki ekki rökum. Hins vegar er þetta ávísun á röksemdafærslu þeirra sem ekki viðurkenna grundvöll lýðræðislegs fyrirkomulags. Hætt er við að slík röksemdafærsla færi okkur fljótlega inn á háskalegri brautir en svo, að ég kæri mig einu sinni um að hugsa það til enda.

Eigum við því ekki að sameinast um að sjálfsákvörðunarrétturinn sé okkar og trúa því að fólk taki rökum. Annars er stutt í að sjálfsmynd þjóðarinnar verði býsna óskýr og röksemdafærsla lýðræðisfjenda taki öll völd.

*Höfundur er sjávarútvegsráðherra.*


EKKERT BRUÐL
Bónus á Smáratorgi
opnar klukkan 10 í dag!
Sjáðu verðið!
Opnunartilboð á átta síðum!
Súkkulaði ís
Vanillu ís
2 lítrar
159 KR.
33 sl dós
39 KR.
Kornbrauð
BÓNUS
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Kílóbrauð
69 KR.
Grillaður Móa kjúklingur
KÍLÓVERÐ NÚ:
479 KR.
Merkt verð 799KR.
1 lítri
98 KR.
40%
afsláttur
við kassann
Florida
Ferskur appelsínusafi
með aldinkjöti
Grillaður
heill og kaldur
Móa kjúklingur
Landsins stærsti
ferskvörumarkaður
BÓNUS



BÓNUS
Sjáðu verðið!
KOFAREYKTUR FRAMPARTUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
479 KR.
Merkt verð 799KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
40% afsláttur við kassann
Kofareykti hangiframparturinn
Vinsælasta hangikjötið í Bónus!
30% afsláttur af Sollusalati í pokum
RUCOLA SALAT 75g
230 KR.
Merkt verð 329KR.
30% afsláttur við kassann
KLETTABLANDA 100g
230 KR.
Merkt verð 329KR.
FRISEBLANDA 150g
209 KR.
Merkt verð 298KR.
ALI Pork Roast helgarsteikin
40% afsláttur við kassann
PORK ROAST HELGARSTEIK
KÍLÓVERÐ NÚ:
899 KR.
Merkt verð 1498KR.
Allt samkvæmt hefðunum...
DANUGLAS 710/720g
69 KR.
Rødbede
Agurkesalat
Rødkål
Rauðrófur * Rauðkál * Agúrkur
Jurtakryddað
Bónus lambalæri
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
799 KR.
Merkt verð 998KR.
BÓNUS LAMBALÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
899 KR.
Merkt verð 1198KR.
35% afsláttur við kassann
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
Sveitabjúgun vinsælu
KÍLÓVERÐ NÚ:
195 KR.
Merkt verð 299KR.
KJARNAFÆÐI
Sveitabjúgun kofareyktu
BÓNUS
Hamborgarhryggur
framleiddur af Síld og fisk



Er hægt að biðja um það betra?
FERSKAR BRINGUR
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 1998KR.
Ferskar bringur
Ferskar svínalundir frá ALi
Ali
50% afsláttur við kassann
Ferskar svínalundir
Kílóverð nú:
998 KR.
ÍSLANDS BAJONSKINKA
KÍLÓVERÐ NÚ:
799 KR.
Merkt verð 1598KR.
EKKERT BRUDL
HEILT KÍLÓ!
98 KR.
Bajon skinka
EKKERT BRUDL
Bónus kjúklingaleggir
KÍLÓVERÐ NÚ:
299 KR.
Merkt verð 499KR.
40% afsláttur við kassann
THULE
LÉTTÖL
HÁLFUR LÍTRI
39 KR.
ALKÓHÓL 2,25% RÚMMÁL
500 ML
Kjúklingar eru svo góðir...
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Kaupir 4
Færð 6!
Kókómjólk
Nú er 20% LÆ
GOUDA
20%
lægra verð
EKKERT BRUDL
Skyr
Kaupir 6
Færð 8!
NORÐURMJÓLK AKUREYRI
Kariesschutz
Fresh Gel
Colgate
75 ml
98 KR.
Whole Grain
Yogurt Burst
Cheerios
Vanilla
159 KR.
365g
Strawberry
Morgunkorn 365g
Gulrótarterta 890g
599 KR.
Stoltið hans Stjána
Orkukubbur
600g
98 KR.
ORKUKUBBUR
FJÖLKORNABRAUÐ
Fjölkornabrauð
10 gæðakle
SOFT•SUAVE
ZigZag
Colgate
ZigZag
49 KR.



## BEST AÐ FORÐAST SYKUR OG SALT

Næring og mataræði ungbarna

HEILSA 2



## ÁRVEKNI ALLT ÁRIÐ

Aðsókn í leitarstöð Krabbameinsfélagsins margfaldast í október ár hvert

HEILSA 4



## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Flensan** er víða í heimsókn þessa dagana og tilvalið að sjóða hreinan eplasafa, bæta út í ferskum engifersneiðum og láta malla, bæta síðan í sítrónusneiðum og teskeið af lífrænu hunangi. Þá eru fyrirtæki farin að bjóða upp á flensusprautur fyrir starfsmenn sína og ágætt að nýta sér það.

**Dagsljósslampar** eru tilvaldir þegar líða fer á skammdegið í viðbót við lýsi og vítamín. Rannsóknir sýna að dagsljós dregur úr árstíðabundnu þunglyndi og það er hægt að komast ókeypis í lampana í Vesturbæjarlauginni milli klukkan 6.30 og 22 á virkum dögum og milli klukkan 8 og 20 um helgar.

**Kuldakrem** er gott að bera á kinnar á litlum krökkum áður en þau fara í leikskólann. Best er að velja feit krem sem verja húðina og leyfa henni að anda og sleppa kremum með auka-, rotvarnar- og ilmefnum. Þá geta foreldrarnir verið áhyggjulausir um að þau kali á kinn.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 31. október, 304. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.07 | 13.11 | 17.15 |
| Akureyri | 9.01 | 12.56 | 16.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Auk þess að spila blak er Birgir á kafi í golfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fjölskylduáhugamál

***Birgir Már Vigfússon er leikmaður meistaraflokks karla í blaki hjá Þrótti í Reykjavík og segir það tilvalið til að komast í form.***

Birgir er búinn að æfa blak í rúm tíu ár. Hann segir áhugann fyrst hafa kviknað þegar hann fór þrettán ára gamall í prufutíma hjá kínverskum blakþjálfara úti á landi.

„Þjálfarinn gerði sér ferð til Hornafjarðar, þar sem við fjölskyldan áttum heima, og vildi sjá hvað í okkur strákunum byggi," segir Birgir. „Honum fannst ég sýna góða takta á æfingu og hvatti mig til að leggja blak fyrir mig. Ég þurfti ekki að láta segjast, enda fannst mér þetta strax áhugaverð íþrótt."

Birgir er mikill íþróttaáhugamaður og segist hafa reynt fyrir sér í mörgum greinum áður en golf og blak urðu ofan á. „Sú góða útrás sem fæst í blakinu réði að það varð fyrir valinu," útskýrir hann. „Ég æfi þrisvar sinnum í viku, eina til eina og hálfa klukkustund í senn með upphitun og hoppæfingum. Þær styrkja lærin og auka stökkkraftinn og eru því afar mikilvægar."

Birgir bætir við að blakið sé auk þess sameiginlegt áhugamál fjölskyldunnar, en móðir hans lék blak með Sindra á sínum tíma og kærasta hans, Lilja Jónsdóttir, er fyrirliði kvennaliðs Þróttar í blaki sem hefur sópað til sín titlum á undanförnum árum.

Að mati Birgis hefur blak ennfremur ýmsa kosti fram yfir aðrar íþróttagreinar, til að mynda hamli líkamsstærð ekki þátttöku. „Sé leikmaður lágvaxinn, er sá hinn sami oft settur í vörn," segir hann. „Það er engum vísað frá vegna hæðar. Þetta er góð íþrótt, krefjandi, styrkjandi og liðkandi. Hún er tilvalin til að komast í gott form, enda kvarta ég ekki undan því."

*roald@frettabladid.is*

## Losað um höft og opnað fyrir gleðina

SKAPANDI DANS VERÐUR Í GERÐUBERGI NÆSTA LAUGARDAG MILLI 13 OG 17. DANSKENNARI ER MARTA EIRÍKSDÓTTIR.

„Fangaðu drauma þína gegnum dans" er yfirskrift námskeiðs sem haldið verður í Gerðubergi á laugardaginn, 4. nóvember. Marta Eiríksdóttir leiklistarkennari sér um kennsluna en hún er einnig með Kripalu dansjógakennararéttindi og hefur þróað og kennt orkudansþerapíu í meira en 15 ár. „Þetta námskeið í Gerðubergi er tilvalið fyrir þá sem finnst gaman að dansa og vilja um leið koma hreyfingu á tilveruna," segir Marta og telur daginn verða spennandi fyrir alla en sérstaklega þá sem leita breytinga. „Það leysist svo mikill kraftur úr læðingi með því að sameina huga og dans og útkoman verður heilun fyrir líkama og sál," útskýrir hún og er komin á flug. „Þátttakendur endurnýjast á líkama og sál því losað er um höft og opnað fyrir gleðina. Stundin fullkomnast svo í djúpslökun í lokin." Nánari upplýsingar og skráning fer fram á netinu www.pulsinn.is en einnig í síma 848-5366.



Marta segir það líkjast kraftaverki þegar orkudans er iðkaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Varasalvi er nauðsynlegur mörgum á þessum árstíma þegar kuldaboli lætur til sín taka.

Labello LIPCARE CAREGLOSS & SHINE

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
Næstu námskeið og fyrirlestrar hjá Maður lifandi
31. okt. Næring fyrir vellíðan - fæða og jurtir sem styrkja taugakerfið
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir
31. okt. Hvað er lifandi fæði?
Guðmundur Ragnar Guðmundsson
01. nóv. Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
07. nóv. Lífvirk náttúruefni í grænmeti og öðrum heilsujurtum sem styrkja ...
Sigmundur Guðbjarnason professor
08. nóv. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
Nánari uppl. á madurlifandi.is og í síma 585 8703

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Flott í vetur
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.-
SLENDERTONE MAX 6.665.-
HREYSTI

Frábært fjölvítamín með spírolinu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag
SOLARAY Spektro
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðasmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðasmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

- Næring og hollusta -
NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN
HARÐFISKUR - BITAFISKUR
GÆÐAFISKUR
TÍU-ELLEFU • HAGKAUP • SKELJUNGSBÚÐIRNAR



Jóna Margrét Jónsdóttir og Ingibjörg Baldursdóttir hjá Miðstöð heilsuverndar barna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Best að forðast sykur og salt fyrsta aldursárið

***Næring fyrsta aldursárið leggur grunninn að fæðuvenjum barnsins síðar meir. Það getur verið stórt skref þegar ungbörn byrja að borða og margt nýtt að huga að. Hjúkrunarfræðingarnir Jóna Margrét Jónsdóttir og Ingibjörg Baldursdóttir hjá Miðstöð heilsuverndar barna í Reykjavík gefa góð ráð.***

Um sex mánaða aldurinn geta börn byrjað að smakka mat. Gott er að byrja á graut en halda áfram með brjóstamjólk samhliða annarri fæðu fyrstu tvö árin. Síðan má prófa gufusoðið grænmeti, ávexti og hreinan óunninn mat. „Það ætti að forðast sykur og salt fyrsta árið og þess vegna er mikilvægt að lesa vel innihaldslýsingar á umbúðunum,“ segir Jóna Margrét og heldur áfram „Þegar barnið er byrjað að borða má nota kúamjólk svo sem stoðmjólk út á graut eða aðra fæðu og síðan smám saman nota hreinar mjólkurafurðir, bragðbættar með ávöxtum.“ Tilbúinn barnamatur getur verið góð viðbót en ætti ekki að vera aðaluppistaðan í fæðunni. Það er mikilvægt að hafa næringarríka fæðu og Ingibjörg nefnir í því samhengi innmat sem og dökkt kjöt svo sem lamba- og nautakjöt, sem er járnríkur og góður matur fyrir börnin.

„Það er mikilvægt að prófa sig áfram þegar nýjar tegundir eru kynntar fyrir barninu og láta ekki hugfallast þó að barnið fúlsi við matnum í byrjun vegna þess að þau bregðast oft þannig við framandi bragði. Það getur verið að börnin þoli ekki vissar fæðutegundir en það þarf þá að skoða nánar og athuga hvert tilfelli fyrir sig. Talið er að brjóstagjöf geti seinkað eða jafnvel komið í veg fyrir ofnæmi. Ekki er ráðlagt að gefa ungum börnum rabarbara, spínat, hnetur, hunang eða unninn mat eins og pylsur og kjötfars fyrsta árið,“ segir Ingibjörg.

Það getur verið gott tækifæri fyrir alla fjölskylduna að endurskoða mataræðið þegar ungbarnið byrjar að borða. Nútíma foreldrar eru með allt annað mataræði en fyrri kynslóðir. „Meira er um skyndibitafæðu og fitu- og sykurskertar afurðir sem henta ekki ungbörnum,“ segir Jóna Margrét og bætir við: „ung börn þurfa fitu og þess vegna er gott að bæta olíu út í matinn og passa að barnið fái holla fitu.“ En hvað með feit börn? „Ungabörn og börn almennt eiga ekki að fara í megrun. Mikilvægt er að þau borði reglulega holla og næringarríka fæðu því þegar þau byrja að hreyfa sig grennast þau oft. Aðalatriðið er að þau samsvari sér vel og séu hraust,“ segir Ingibjörg.

Manneldisráð og Miðstöð heilsuverndar barna gáfu út bæklinginn Næring ungbarna árið 2003 sem gefur góðar upplýsingar um mataræði á fyrsta ári ásamt öðrum upplýsingum. Hann er afhentur í ung- og smábarnaverndinni en einnig er hægt að panta bæklinginn á Miðstöð heilsuverndar barna í síma 585-1350 eða finna hann á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is. Einnig benda Jóna Margrét og Ingibjörg á bókina Södd og sæl á fyrsta ári eftir Laufeyju Steingrímsdóttur og mæla með amerískri heimasíðu með góðum uppskriftum og ráðum Annabel Karmel: www.annabelkarmel.com. Allar upplýsingar um næringu og mataræði ungbarna er síðan að fá hjá viðkomandi heilsugæslustöð.



## Góð ráð frá Ingibjörgu og Jónu Margréti

Gott er að þvo vel grænmeti og skræla ávexti sem á að matreiða fyrir ungbörn. Hægt er að gufusjóða grænmetið í þartilgerðum potti eða setja grænmetið í lítinn pott með smá vatni í botninn til að sjóða. Flest grænmeti er soðið við vægan hita í fimmtán til tuttugu mínútur. Hægt er að mauka grænmetið og ávextina með smá af soðvatninu og þá er best að mauka með töfrasprota eða stappa vel með gaffli. Það getur verið hentugt að gera stærri skammta í einu og setja í klakabakka og frysta, þá er hægt að þíða mátulegan skammt hvenær sem hentar.

Marga ávexti er hægt að skafa með skeið eða stappa og gefa barninu beint án þess að sjóða en sem dæmi um þetta má nefna: banana, papaya, mango, epli og þroskaðar melónur.

**HUGMYNDIR AÐ MAUKI:**

**Gulrætur eru hreinsaðar og skornar gróft niður og soðnar í 15-20 mín og maukaðar með smá klípu af smjöri og soðvatni. Einnig er hægt að nota rófur og sætar kartöflur með gulrótunum í þessari uppskrift. Þegar barnið er að byrja að borða er samt best að hafa bara eina tegund í einu og láta nokkra daga líða á milli.**

**Sætar kartöflur og brokkolí soðið og maukað saman með smá klípu af smjöri eða teskeið af ólífuolíu.**

**Maís á stöngli er soðinn í 20 – 30 mínútur og maukaður með gulrótum og kartöflum í smá soðvatni og olíu eða smjöri.**

**Hleypt upp suðu á tómötum í um 5 mínútur, þeir settir til hliðar, kartöflur eða aðrir rótarávextir eru soðnir í um 15 mínútur. Öllu er blandað saman og síðan maukað með smá soðvatni, olíu og rifnum osti.**

**Þroskaðar apríkósur eru soðnar í 5-10 mínútur og stappaðar saman með bönunum.**

**Þetta er mjög járnríkt og einnig ríkt af betakarótíni og trefjum.**

- Mango er maukað með bönunum, þetta er gott að hafa með smá hreinni jógúrt.
- Melóna jarðarber og bananar eru maukuð saman.
- Ferskjur, bananar og bláber maukuð saman.
- Bláber og bananar maukuð saman.
- Bananar, mango og papaya maukuð saman.

Þurrkaðir ávextir eru mjög járnríkir og fullir af trefjum, gott er að sjóða þá í nokkrar mínútur og mauka og bæta út í hrísmjölsgraut barnsins, þetta er líka gott með banana- og eplamauki.

Þetta eru nokkrar hugmyndir en um að gera að prófa sig áfram og nota hugmyndaflugið!



## Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Útlitsdýrkun og klámvæðing

Nú til dags virðist það vera sífellt algengara að fólk missi trúna á sjálft sig eða hafi slæma sjálfsmynd. Þetta getur haft afskaplega mikil áhrif á getu fólks til að sinna nánast öllum sínum daglegu verkum. Þegar við missum trúna á að við getum sinnt jafnvel einföldustu hlutum gefumst við fyrr upp og jafnvel sleppum því að takast á við hluti sem við trúum ekki að við getum gert. Sjálfsmynd okkar er samsett úr ótal litlum hlutum sem saman mynda einhverja heild. Þetta geta verið yfirborðskenndir hlutir eins og að vera Íslendingur, karlmaður, nemi og svo framvegis en einnig einstaklingsbundnari hlutir eins og að vera klár, myndarlegur og vingjarnlegur. En allir þessir eiginleikar geta þýtt mismunandi hluti og verið túlkaðir á mismunandi hátt. Þannig getur verið að mín skilgreining á klár, karlmaður og Íslendingur sé eitthvað allt annað en næsti maður myndi samþykkja. Það hvernig við skilgreinum þessa þætti og okkur sjálf er afar flókið og tengist reynslu okkar og uppeldi sem og, að sjálfsögðu, því umhverfi sem við lifum í og þeim gildum sem því fylgja. En hvers vegna virðist þá sem slæm sjálfsmynd sé að verða algengari með degi hverjum?

Eflaust er hægt að finna fyrir því ótal ástæður, en fyrir stuttu rakst ég á mjög merkilegt orð sem að mínu mati tengist þessu óhjákvæmilega og það er: klámvæðing. Á síðustu áratugum hafa gildi þjóðfélagsins breyst ótrúlega mikið og hefur áhersla á líkamsrækt og kynlíf aldrei verið meiri. Um leið og þessar áherslur sjást allt um kring hefur neyslusamfélagið náð algjöru hámarki þannig að fólk þarf að vinna myrkranna á milli og gefst ekki tími til að sinna því sem áður þótti sjálfsagt, eins og til dæmis að elda mat eða gefa sér tíma til að setjast niður og borða í ró og næði. Vegna þessa hafa skyndilausnir sprottið upp um allt, ekki síst í mataræði, og haft í för með sér að fólksfjöldinn stækkar á þverveginn. Nú virðist það augljóst að þarna er algjör andstæðuþróun á ferðinni þar sem fólki er ætlað að passa inn í ákveðinn ramma en til þess að gera það þarf það að fórna tíma og peningum sem leiðir til að það velur skyndilausnir, fitnar og fjarlægist þannig upphaflega markmiðið. Þetta hefur í för með sér, það sem kallast, lært hjálparleysi þar sem einstaklingnum finnst hann aldrei geta náð markmiðum sínum. Í fjölmiðlum sjáum við ýmist myndir af offitu ásamt fréttum af því að offita sé að aukast dag frá degi og myndir af fræga og „fína“ fólkinu sem er gagnrýnt hægri vinstri fyrir útlit sitt og klæðaburð. Allt saman eykur þetta bilið á milli hins æskilega sjálfs og hins raunverulega sjálfs og eykur líkurnar á vandamálum eins og þunglyndi, félagsfælni og andfélagslegri hegðun.

Samhliða þessari þróun á líkamsmynd hefur átt sér stað enn ískyggilegri þróun á kynhegðun þar sem kynlíf og allt sem því tengist hefur orðið að markaðsvöru og sjálfsögðum hlut. Sú kynslóð ungs fólks sem nú vex úr garði hefur þannig fengið á sig stimpilinn klámkynslóðin og hægt og rólega virðast gildi hennar vera að „klámvæðast“ og frá grönnum okkar í vestri berast þær fregnir að börn niður í ellefu ára séu farin að stunda munnmök í skólabílum, á leið til og frá skóla. Hugsanlega telja einhverjir, sem þetta lesa að hér sé um bandarískt fyrirbæri að ræða en staðreyndin er sú að orðrómar um svipaða hegðan hefur verið á sveimi hér á landi í þó nokkurn tíma. Sakleysi æskunnar er því miður eitthvað sem heyrir sögunni til og því mikilvægt að foreldrar taki sér tak og byrji að læra á þann heim sem börnin þeirra hringsnúast í. Nú til dags er klámið allsráðandi og tröllríður öllum fjölmiðlum, ekki síst netinu. Þar sem kynlíf er orðið svona algengt þarf sífellt að finna ýktari birtingarmyndir til þess að vekja viðbrögð okkar og þetta tekst framleiðendum einstaklega vel. Þannig hafa til dæmis sprottið upp samkvæmi sem ganga út á gróft kynlíf, stúlkur þurfa að greiða fyrir aðgöngu sína með líkamanum og drengir þurfa að sanna sig. Ofan á þetta bætist svo við útlitsdýrkunin og þær kröfur sem hún setur á okkur öll. Strákar pumpa sig fulla af lyfjum og gera allt til að stækka vöðvana á meðan sífellt yngri stúlkur rembast við að vera þvengmjóar. Allir þurfa að eiga allt og tolla í tískunni því annars passa þeir ekki inn og eiga á hættu að verða fyrir aðkasti. Um leið og heil kynslóð vex úr grasi með þessum gildum berast okkur fregnir af mikilli fjölgun nauðgana og rétt eins og erlendis, aukast nauðganir ókunnugra og raðnauðganir.

Til þess að stemma stigu við þessari þróun er mikilvægt fyrir okkur að skoða okkur sjálf og hvernig við lifum lífi okkar. Því næst þurfum við að styrkja jákvæða sjálfsmynd okkar og barna okkar og kenna þeim muninn á réttu og röngu. Við getum ekki staðið yfir börnum okkar öllum stundum en við getum byggt þau upp og vonað að það nægi til að þau standist þversagnir og freistingar samfélagsins. Að sjálfsögðu getum við ávallt bent fingrum á hinn harða heim og yppt öxlum þar sem við erum vanmáttug til að breyta samfélaginu í heild. Það eina sem við getum gert er að reyna að skilja þann heim sem við búum í og hjálpa börnum okkar að takast á við pressur samfélagsins.

*Gangi ykkur vel,*
*Eyjólfur Örn Jónsson*
*Sálfræðingur*

# Reyklaus heilsustofnun

***Á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði er dvalargestum boðið upp á stuðning til reykleysis.***

Á Heilsustofnun NLFÍ er boðið upp á vikulöng námskeið þar sem fólki er hjálpað að hætta reykingum.

Starfsfólk mun aðstoða þátttakendur við að breyta hegðunarmynstri og venjum sem reykingum fylgja. Þátttakendur verða bæði aðstoðaðir við undirbúning fyrir námskeið og veittur stuðningur að því loknu.

Árangurinn af námskeiðunum er talinn hlutfallslega hár, þar sem tæplega fimmtíu prósent þátttakenda hafa reynst reyklausir ári eftir námskeið.

Þess utan er dvalargestum Heilsustofnunarinnar veitt almenn aðstoð til að hætta reykingum.



Á Heilsustofnun NLFÍ gefst dvalargestum kostur á að sækja námskeið til að hætta að reykja. MYND/NLFÍ

Að auki stendur til að fjarlægja reykkofa af lóð Heilsustofnunarinnar um næstu áramót, sem verður þá reyklaus. *- rve*

TT námskeið



Vertu í góðum málum!



Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin

**Ný og kraftmikil TT-námskeið!**

**Innritun hafin núna í síma 581 3730.**

**Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega!**
Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri.

**TT-1**
- Lokuð 9 vikna námskeið 3 x í viku
- Fræðslufundir 1x í viku, vigtun og mælingar
- Líkamsrækt
- Glæsilegur lokafundur þar sem sérfræðingar í hári og förðun veita ráð
- Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

**TT-2**
- Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT-1

**Loksins! TT á besta tíma: 16:30 og 17:40 og aukið rými fyrir morgunhænurnar: 6:15 og 7:20**

**Barnagæsla – Leikland JSB**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is

# Höfuðverkinn á bak og burt




Verkjastilling - án hókus pókus

**Treo freyðitöflur: Innihald í hverri töflu:** Asetýlsalisýlsýra 500 mg og koffein 50 mg. Asetýlsalisýlsýra hefur verkjastillandi, hitalækkandi og bólgueyðandi áhrif. Koffein er talið auka verkjastillandi verkun asetýlsalisýlsýru. **Notkunarsvið:** Verkjastillandi við **höfuðverk, mígreni, tannverk, tíðaverk og gigtarverk, lækkar sótthita. Venjulegur skammtur handa fullorðnum:** er 1-2 freyðitöflur einu sinni til þrisvar sinnum á sólarhring. Leysið freyðitöflurnar upp í glasi af vatni. **Treo er ekki ætlað börnum yngri en 7 ára. Varúð:** Vegna mikils natríuminnihalds lyfsins hentar það ekki þeim, sem hafa háan blóðþrýsting, hjartabilun eðs skerta nýrnastarfsemi. Notist ekki samtímis blóðþynningarlyfjum. Lyfið er ekki ætlað til langtímanotkunar. Ekki heldur ætlað sjúklingum með maga- og skeifugarnarsár, astma eða ofnæmi fyrir innihaldsefnum lyfsins. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að taka inn lyfið nema í samráði við lækni. Treo fæst í 20 stk. og 60 stk. pakkningum í apótekum. Lesið vandlega leiðbeiningar, sem fylgja lyfinu. Markaðsleyfishafi: Pfizer ApS. **Umboð á Íslandi:** Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.








Fitusog án skurðaðgerðar
- Á aðeins 10 dögum færðu árangur sem jafnast á við fitusog
- Húðin stinnist og appelsínuhúðin hverfur
- Þú ert mæld, magi rass og læri, fyrir og eftir
- Öflugasta cellómeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
- 6 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
- 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...

Verð: 37.400,-

Ef þú pantar strax í dag Minna Mál grenningarmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 24.900,-

Hringdu núna, síminn er: 577 7007

Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk






Eva Garðarsdóttir Kristmanns er í forsvari fyrir alheimsátaki gegn brjóstakrabbameini. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Árveknisátak um brjóstakrabbamein allt árið

***Árveknisátak um brjóstakrabbamein er alheimsátak sem fer fram í október ár hvert og er því nú senn að ljúka. Eva Garðarsdóttir Kristmanns er í forsvari fyrir átakið hér á landi og segir fleiri konur koma á leitarstöð Krabbameinsfélagsins en áður.***

Snyrtivörufyrirtækið Estée Lauder átti frumkvæði að árveknisátaki vegna brjóstakrabbameins í Bandaríkjunum, undir merki bleikrar slaufu, fyrir tólf árum. Fyrirtækið hefur síðan þá stofnað sjóði til að fjármagna rannsóknir á brjóstakrabbameini og beitt sér fyrir hliðstæðu átaki í öðrum löndum. Íslenska átakið hefur verið starfrækt síðan haustið 2000.

„Markmiðið er að hvetja konur til að vera vakandi fyrir brjóstakrabbameini og hvetja þær til að fara á leitarstöð Krabbameinsfélagsins og þreifa brjóst sín reglulega sjálfar,“ segir Eva og heldur áfram: „Mjög margir þekkja einhvern sem hefur þurft að berjast við brjóstakrabbamein svo þetta snertir okkur langflest.“



Aðsókn á leitarstöð Krabbameinsfélagsins margfaldast ár hvert í október þegar átakið fer af stað og það er bersýnilegt að boðskapurinn kemst til skila. „Það er frábært að sjá þann árangur sem átakinu fylgir, en við vonum að það stuðli einnig að því að konur verði almennt meðvitaðri allan ársins hring,“ segir Eva.

Aukin umræða meðal almennings og í fjölmiðlum hefur mikið að segja og í dag kannast langflestir við bleiku slaufuna og átakið. „Áður fyrr var brjóstakrabbameinfeimnismál hjá sumum og kannski þess vegna sem konur létu ekki skoða sig reglulega,“ segir Eva. Átakið verður sýnilegra með hverju árinu sem líður og í ár hefur þátttaka stjórnvalda og almennings slegið öll fyrri met. Liður í átakinu er að lýsa upp þekktar byggingar, mannvirki og náttúruperlur með bleiku ljósi. Orkuveita Reykjavíkur hefur séð til þess að byggingar í Reykjavík hafa verið baðaðar bleikum ljóma og má nefna Háskóla Íslands, Höfða, og Perluna sem dæmi.

Alþingi Íslands vakti mikla athygli fyrir þátttöku sína og kom af stað góðri umræðu. „Allir alþingismenn voru með bleikar slaufur við umræður um stefnuræðu forsætisráðherra þann 3. október og það hafði mikið að segja,“segir Eva. Verslanir um land allt dreifa bleiku slaufunni og viðbrögðin hafa verið mun meiri í ár en áður. „Við gefum 20.000 slaufur í ár og bjóðum fólki að koma með frjáls framlög í bauka sérmerkta átakinu víða um land,“ segir Eva. „Unnið er í nánu samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands og Samhjálp kvenna sem eru félagasamtök sem styðja konur sem greinast með brjóstakrabbamein og ágóðinn rennur óskertur til forvarnarstarfa félagsins. Forsetaembættið hefur einnig tekið þátt í átakinu. „Dorrit Moussaieff forsetafrú lét lýsa upp Bessastaði og sendi síðan jólakort með Bessastöðum í bleikum ljóma árið 2005,“ segir Eva og heldur áfram. „Þetta þótti okkur einstaklega vænt um, enda fara þessi jólakort um allan heim.

Úrræði við brjóstakrabbameini eru sífellt að verða betri og það er von þegar meinið finnst snemma svo það skiptir miklu máli að konur fylgist vel með sjálfar. Það er sífellt mikið að gera í október í kringum átakið en Eva hlakkar nú þegar til þess að gera næsta ár enn betra. „Þetta er gríðarlega gefandi starf og ef átakið bjargar lífi einnar konu er markmiðinu náð,“ segir Eva að lokum.

*www.esteelauder.com www.krabbameinsfelagid.is www.samhjalpkvenna.org*

*rh@frettabladid.is*



# Bakverkir af völdum brjóstahaldara

***Margar konur fá verki í bak, hnakka og herðar af völdum brjóstahaldara.***

Þetta sýna niðurstöður kannana sem North American Spine Society og nærfataframleiðandinn Maidenform gerðu á yfir tvö þúsund konum nýlega.

59 prósent kvennanna sögðu brjóstahaldarann ávallt valda verkjum. Konurnar sögðu að hlírinn á brjóstahöldurunum væri algengasta vandamálið, en einnig krækjan aftan á brjóstahaldaranum, spangir og skálastærð. 39 prósent kvennanna sögðust aldrei eiga í vandræðum með brjóstahaldarana á meðan tvö prósent þeirra notuðu ekki brjóstahaldara. Könnunin var gerð í þeim tilgangi að athuga verki í baki, herðum og í hnakka eins og kemur fram á WebMD. Mestu máli skiptir að vera í réttum brjóstahaldara sem hentar vaxtalagi hverrar konu og velja rétta stærð. Flestar sérverslanir með brjóstahaldara og nærföt bjóða upp á mælingu og ráðgjöf.



# „Gamlar“ mæður jafn góðar

***Konur sem ala börn eftir fimmtugt eru bæði andlega og tilfinningalega jafn hæfar mæður og yngri konur.***

Þetta er niðurstaða rannsóknar vísindamanna við Kaliforníuháskóla sem leiddi einnig í ljós að eldri konum er hvorki hættara við heilsubresti né heldur eru þær stressaðri en þær ungu.

Rannsóknin náði til hundrað og fimmtíu kvenna sem gengust undir tæknifrjóvgun á árunum 1992 til 2004. Allar konurnar höfðu fengið egg frá annarri konu.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að sú ákvörðun stjórnvalda í nokkrum löndum að setja aldurstakmark á gervifrjóvganir byggi á fordómum. Aðrir vísindamenn benda hins vegar á að það séu ekki mæðurnar sem áhyggjum valda í þessu samhengi heldur börnin sem horfi fram á að missa mæður sínar á unglingsaldri.

Nú í júlí varð sextíu og tveggja ára barnasálfræðingur elsta kona Bretlands til að ala barn en elsta kona heims til þessa er talin vera Adriana Iliescy frá Rúmeníu sem ól dótturina Elísu Maríu í fyrra, þá sextíu og sex ára að aldri.



Patricia Rashbrook 62 ára og maður hennar eignuðust barn saman í júlí.



Seinþroski barna er tengdur við frjósemisvandamál foreldra.

# Tengsl milli ófrjósemi og einhverfu

***Rannsóknir sýna að pör sem eiga í erfiðleikum með að eignast barn eru þrisvar sinnum líklegri til að eignast barn með einhverfu eða heilalömun.***

Heilsufarsleg vandamál foreldra, sem öftruðu því að þeir gætu átt börn saman, virðast auka hættuna á að börn þeirra verði fötluð.

Rannsókn gerð í Kaliforníuháskóla á fjögur þúsund konum og börnum þeirra, sem voru allt að sex ára gömul, sýndi að þeir sem eiga við frjósemisvandamál að stríða, kljást oft við hjartasjúkdóma og sykursýki. Líkur á vandkvæðum á meðgöngu og við fæðingu eru sömuleiðis álitnar meiri hjá þessum hópi.

Sýnt þótti að líkur á fötlun eins og seinþroska, einhverfu, heilalömun, krabbameini og hvers kyns áföllum væru 2,7 sinnum hærri í hópi barna þeirra kvenna sem áttu við frjósemisvanda að etja. Einhverfa ein og sér var fjórum sinnum líklegri til að skjóta upp kollinum hjá börnum þeirra.

Þá reyndist einnig vægari fötlun, eins og athyglisbrestur, námsörðugleikar eða sjón- og heyrnarskerðing fjórtíu prósentum algengari hjá börnum foreldra sem leitað höfðu sér aðstoðar til að eignast barn.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk. *- rve*

## fundur }

### Nauðganir á Íslandi

Samfélagið, félag framhaldsnema við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, stendur fyrir hádegisfundi 1. nóvember milli klukkan 12 og 13. Ber fundurinn yfirskriftina Nauðganir á Íslandi: Hvað getum við gert? Pallborðsumræður verða með þátttöku fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna. Fundurinn er öllum opinn.




HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

Námskeið í Nóvember 2006

- UNGBARNANUDD næstu nám skeið byrja 2. nóv. og 9. nóv.
- BAKNUDD- OG ÞRÝSTI-PUNKTAR helgina 11.nóv. og 12.nóv. frá kl. 10.00 - 14.00.
- HEILDRÆNT HEILNUDD MEÐ PÓLUN helgina 18. nóv. og 19. nóv.
- HÓMÓPATÍA- SMÁSKA TALÆKNINGAR fyrir fjölskylduna laugardaginn 25. nóv.

Upplýsingar á Heilsusetri Þórgunnu sími. 5521850-8969653 frá kl. 10.00-12.00 og 16.00-17.00 e-mail prema@mmedia.is sjá einnig heilsusetur.is

allt heimili
Alla fimmtudaga

Hrein lífræn jógúrt!



Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio•Bú

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is




Sækir þú mikið í sætindi, halda þér engin bönd?

Gott ráð er að taka inn Living Food Engergy duftið frá dr. Gillian McKeith.

I til 2 tsk. 5 mínútur fyrir t.d. morgunmat og kvöldmat

Það veldur mettunartilfinningu, jafnar blóðsykur og kemur meltingunni í jafnvægi.

Duftið er troðfullt af öllum helstu vítamínum, steinefnum, ammónísýrum, góðum fitusýrum og próteinum. Lífrænt ræktað, eykur orku, úthald og vellíðan!




Útsölustaðir: Apótek, Heilsubúðir, Fjarðarkaup og Hagkaup

# Sjónarmið og reynsla barnanna sjálfra

***Fjallað verður um líf og reynslu barna og ungmenna sem greind hafa verið fötluð á málþingi í Norræna húsinu næsta föstudag.***



„Það er mikilvægt að komið sé til móts við börn, hvort sem þau eru fötluð eða ófötluð," segir Rannveig Traustadóttir félagsfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við beinum sjónum okkar að reynslu fatlaðra barna og ungmenna og skoðum meðal annars hvaða áhrif það hefur á þau að samfélagið álíti þau gölluð eintök," segir Rannveig Traustadóttir félagsfræðingur. Hún er meðal fyrirlesara á málþinginu í Norræna húsinu og er á móti því að sjúkdómavæða fötlun barna. „Auðvitað þurfa fötluð börn heilbrigðisþjónustu eins og önnur börn en ég leyfi mér að gagnrýna þær læknisfræðilegu áherslur sem skilgreina fötlun sem einstaklingsbundið heilsufarsvandamál og persónulegan harmleik," segir hún.

Rannveig segir engin raunveruleg lögmál eiga að gilda um það hvað sé eðlilegur þroskaferill manneskju þótt rík tilhneiging hafi verið til þess. „Þetta eru bara kenningar sem voru búnar til á síðustu öld og þær kenningar hafa hlotið mikið ofurvald. Það er engan veginn sanngjarnt að öll þau börn sem ekki falla inn í þann þroskaferil séu skilgreind sem afbrigðileg." Hún segir að sem betur fer sé að rísa upp fólk innan skólakerfisins og innan fræðasamfélagsins sem gagnrýnir það að allir eigi að vera eins.

Málþingið í Norræna húsinu nefnist Raddir fatlaðra barna og er haldið á vegum Rannsóknaseters í fötlunarfræðum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Sjálf kynnir Rannveig þar nýja rannsókn á æsku og uppvexti barna og ungmenna sem greind hafa verið fötluð og segir það margra ára verkefni sem byrjað hafi í upphafi þessa árs. Kirstin Stalker, dósent frá Skotlandi, kynnir niðurstöður alþjóðlegra rannsókna á reynslu og sjónarhorni fatlaðra barna, Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, segir frá rannsókn um reynslu barna sem tala táknmál og Snæfríður Þóra Egilsson, dósent við Háskólann á Akureyri, fjallar um rannsókn á hreyfihömluðum börnum og hvað þau segja um skólagöngu sína.

„Það er mikilvægt að komið sé til móts við börn, hvort sem þau eru fötluð eða ófötluð og þeim forðað frá því að vera greind sem vandamál í samfélaginu," segir Rannveig og bætir við. „Til þess þurfum við að endurskoða ýmis viðhorf og gildi."

Málþingið stendur frá 14-16.30 og er öllum opið. Það verður túlkað á táknmál. *gun@frettabladid.is*



Toshiki Toma mun fyrst um sinn leiða heimsóknavinahóp á vegum Rauða kross Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Samskipti hælisleitenda efld

***Heimsóknir til hælisleitenda er nýtt verkefni á vegum Hafnarfjarðardeildar Rauða Kross Íslands.***

Hælisleitendur sem leita til Íslands fá húsaskjól í Njarðvík á meðan á málsmeðferð þeirra stendur. Þrátt fyrir góðan aðbúnað er þörf talin á að efla félagsleg samskipti hælisleitenda.

Hópur áhugafólks um málefni innflytjenda á Íslandi, með Toshiki Toma í fararbroddi, fékk þá hugmynd að starfrækja heimsóknir til hælisleitenda og kynntu hana í framhaldi af því fyrir Rauða krossi Íslands. Hugmyndin þótti falla vel að heimsóknaþjónustu sem Rauði krossinn hefur starfrækt um árabil og var því ákveðið að framkvæma hana undir merkjum hans. Toshiki mun leiða heimsóknavinahópinn og er ráðgert að heimsóknir hefjist í nóvember.

Hingað til hefur Rauði krossinn annast málsvarahlutverk og réttindagæslu hælisleitenda svo þeir fái réttláta málsferð. Útlendingastofnun gerði hins vegar samning við Reykjanesbæ 2003 um að veita hælisleitendum húsnæði, fæði og ýmsa aðstoð. **- rve**

# Nauðsyn leiktíma

***Læknar vilja að börn hafi meiri tíma til að leika sér, svo þau nái eðlilegum þroska.***

Samtök bandarískra lækna álíta að börn þurfi góðan tíma til að leika sér. Er þá átt við dæmigerða sjálfsprottna leiki, en ekki námskeið, lærdómsspil eða -leiki eða aðrar athafnir sem er vísvitandi ætlað að auðga andann.

Talið er að sjálfsprottnir leikir hafi ýmsa kosti í för með sér, börnin verði meira skapandi, þau uppgötvi eigin ástríður, læri að takast á við þrautir, þrói samskiptahæfni og aðlagist betur skólaumhverfinu. Svo ekki sé nú minnst á þá ánægju sem þeir hafa í för með sér fyrir börnin.

Skortur á leiktíma er hins vegar talinn valda börnum og foreldrum streitu. Sérstaklega þar sem hann virðist víkja fyrir stundaskrá sem foreldrar skipuleggja fyrir börn sín til að gera úr þeim litla snillinga.

Frá þessu er greint á fréttavef CNN, www.ccn.com. **- rve**



Að sögn bandarískra lækna er nauðsynlegt að börn fái nægan tíma til leikja.



Aukin þjónusta við veika aldraða gerir þeim kleift að búa lengur heima. NORDICPHOTO/GETTYIMAGES

# Aukin þjónusta við veika aldraða

***Ný vefsíða um sérhæfða heimaþjónustu fyrir veika aldraða.***

Á vefsíðunni má finna upplýsingar um starfsmenn, símanúmer og þjónustuferlið. Heimaþjónusta fyrir veika aldraða er samvinnuverkefni Landspítala – háskólasjúkrahúss og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem hófst í september í ár.

Þetta er nýbreytni í meðferð og eftirfylgni við veika aldraða en þjónustunni var hleypt af stokkunum fyrir tilstuðlan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem svar við þeim vanda LSH að útskrifa veika aldraða af sjúkrahúsinu.

Hlutverk þjónustunnar er að stýra, skipuleggja og veita sjúkrahústengda heimaþjónustu og meðferð, að beiðni LSH, í tvær til tólf vikur fyrir 67 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu sem þurfa víðtækari fagþjónustu en þegar er í boði.

Að tryggja samfellu í meðferð frá sjúkrahúsi til heimilis og styrkja aðlögunarhæfni einstaklinga og/eða fjölskyldu eftir útskrift af sjúkrahúsi.

Markmiðið er að aldraðir geti búið heima þrátt fyrir veikindi.

Þverfaglegt teymi sinnir þjónustunni. Frá LSH koma öldrunarlæknar, klínískur sérfræðingur í öldrunarhjúkrun, iðjuþjálfi og sjúkraþjálfari. Frá Miðstöð heimahjúkrunar koma hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og félagsliðar. Gert er ráð fyrir því að þjónustan nái að jafnaði til tuttugu sjúklinga á hverjum tíma.

*Nánari upplýsingar á www.lsh.is*

# Geðklofagen fundin

***Vísindamenn við Edinborgarháskólann í Skotlandi segjast hafa fundið gen sem eigi þátt í tjáningu geðklofa.***

200 manns á aldrinum 16 til 25 ára voru rannsakaðir. Vitað var að geðklofi gengi í erfðir að einhverju leyti og áttu allir þátttakendur að minnsta kosti tvo ættingja sem þjáðst hafa af geðklofa.

Niðurstöðurnar urðu þær að einstaklingar með tiltekin gen voru mun líklegri til að þjást af geðklofa en aðrir. Þessir sömu einstaklingar voru einnig líklegri til að þjást af óeðlilegri heilastarfsemi í vissum hlutum heilans, en slík starfsemi er tengd geðklofa.

Þrátt fyrir að genin séu fundin er langur vegur í að niðurstöðurnar nýtist í leit að lækningu. Dr. Jeremy Hall, forsvarsmaður rannsóknarinnar, segir hins vegar að til að lækna sjúkdóm sé nauðsynlegt að vita hvað veldur honum. Þannig séum við skrefi nær því að lækna þann illvíga sjúkdóm sem geðklofi er. *- tg*



Geðklofi er alvarlegur sjúkdómur sem erfitt er að lækna. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Starfsemisupplýsingar LSH

***Endurbætt upplýsingahefti Landspítala – háskólasjúkrahúss komið út í fyrsta sinn.***

Upplýsingaheftinu er ætlað að veita starfsmönnum LSH og almenningi mánaðarlega innsýn í starfsemi spítalans.

Starfsemisupplýsingar LSH eru endurskoðuð útgáfa Stjórnunarupplýsinga LSH, sem út hafa komið á síðastliðnum fimm árum.

Frá því að útgáfa heftisins hófst hafa ábendingar komið fram um hvernig bæta megi það, svo það gagnist notendum sem best. Til stendur að gera frekari breytingar á heftinu á næstu mánuðum, svo það standist betur ofangreinda kröfu.

Efni og efnistök verða mismunandi eftir tímabilum og reynt að láta heftið hafa sem víðasta skírskotun til starfsemi LSH. Af þeirri sök hefur það fengið hið nýja heiti Starfsemisupplýsingar LSH. **- rve**



Starfsemisupplýsingar LSH eru endurskoðuð útgáfa Stjórnunarupplýsinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Nýlegur þriggja sæta sófi sem ekki sér á frá GÁ-húsgögnum ásamt lausri tungu (pullu) á hjólum. Verðhugmynd 60 þúsund krónur. Sími 694 1556.

Einsm. rúm m/rafm. og nuddi nýl. tempur dýna. 40 þús. Uppl. í s. 694 2677.

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi í öll hús !**
Gufustrauborð - Rafvirkjar - Nuddpottaþjónusta -Raftækjaverkstæði -Rafbylgjumælingar. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is




## Barnavörur



Mjúku flís-reyfin komin í small og large. Verð 2.500 kr. Versl-Skírn Listhúsinu

## Dýrahald






**Dýrabær**
Ný sending af hundafötum. Dýrabær Smáralind Og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is

Litlir, sætir, loðnir Chihuahua hvolpar með ættb. til sölu. Uppl. í s. 566 7529.




Til sölu 8 vikna íslenskir hvolpar. Uppl. í s. 894 1168.

## Ýmislegt



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

Til sölu Remington 1187 premier, vinstrihandar haglabyssa. Upplýsingar í síma 894 2255.

## Fyrir veiðimenn







Óska eftir að kaupa gæsaköllunartæki. Uppl. í s. 897 1001.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Rentus**

Á www.rentus.is finnur þú allt um leiguhúsnæði.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb. 103 fm. íbúð í 201 Kóp. 120 þ. á mán. Uppl. í s. 820 3439.

**Lausar íbúðir**
4ja herb. íbúðir á Selfossi 3ja herb. íbúðir við Jöfragrund Rvk, gæludýr leyfð, sjá www.leigulidar.is

Studioíbúðir í Hafnarfirði til leigu. S. 540 9700.

Til leigu íbúðarherbergi með allri aðstöðu. Uppl. í s. 824 6963.

Snyrtileg 2-3ja herb íbúð á svæði 104 til leigu. Uppl. í s. 840 0148.

Vesturberg 195, 60 fermetrara , sér inngangur , lofthæð 340 cm , frekar hrátt , húsaleigubætur fást ekki , hundar og kettir velkomnir. kr 80.000. 2 mánuðir fyrirfram, sími 861 4142 kl. 10.00 til 16.00.

## Húsnæði óskast

2ja herbergja íbúð eða stúdíó í Þingholtunum eða Kvosinni óskast á leigu fyrir 62 ára, einhleypa konu. Leiga alltað 80 þús. á mán., öruggar greiðslur. Uppl. í s. 856 7404 & 699 6917.

Kona með 6 ára gamalt barn óskar eftir 3 herb. íbúð sem fyrst. S. 846 0015.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 896 8568.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu atvinnuhúsnæði v/Steinhellu, Hafnaf. 171 fm. 130 fm gólfflötur og 40 fm. milliloft. Hurð 4x4m. Verð 162 þ.+ vsk. S. 822 8647 eftir 17.30.

**Atvinnuhúsnæði/ Geymsluhúsnæði**
**Til leigu er c.a 200 fm húsnæði á 2. hæð með góðu aðgengi. Svæði 101. skrifstofa/kaffistofa/salerni. Einnig kemur til greina að leigja út hluta af húsnæði.**
**Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335**

Mjög gott 170 fm atvinnuhúsnæði til leigu á götuhæð við Faxafen, gluggar eru í 2 áttir, hentar vel fyrir skrifstofur, heildverslun eða verslun. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

**Til leigu**
Við Krókháls, 104 fm. með innkeyrsludyrum. Við sund, 20 fm skrifstofuhúsnæði. Við Laugaveg 330 fm verslunarhúsnæði. Sími 894 1022 og 553 9820 www.leiguval.is

## Geymsluhúsnæði







# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsfólki Í kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 864 6112. & www.keiluhollin.is**

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

**Borgargrill**
**Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Dagvinna, kvöld og helgarvinna.**
**Upplýsingar í síma 695 6869**
**Borgargrill við Miklubraut.**
**borgargrill@internet.is**

**Leikskólinn Rauðaborg Viðarási 9.**
**Óskum eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda á leikskólann Rauðaborg, hlutastarf kemur til greina.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 567 2185 og 692 4727**

# TILKYNNINGAR

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík , sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Aðalbraut 2, Raufarhöfn, þingl. eig. Raufarhafnarhreppur, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 6. nóvember 2006 kl.10:00.

Duggugerði 9, Kópaskeri, þingl. eig. Kristjana Erna Helgadóttir og Eyþór Margeirsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 6. nóvember 2006 kl.10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Fjarðarvegi 3, 224-7995, Þórshöfn, þingl. eig. Jón Stefánsson, gerðarbeiðandi Byko hf., mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Syðri-Bakka, Kelduneshreppi, 216-5894, 216-5896, 216-5898, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðendur Gúmmíbátaþjónusta Norðurl sf, Point Transaction Syst Ísl ehf og Öxarfjarðarhreppur, mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Víkurbraut 20, 216-7162, Raufarhöfn, þingl. eig. Guðmundur Lúðvíksson, gerðarbeiðandi Kaupþing banki hf., mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

Fjarðarvegur 11, Þórshöfn, þingl. eig. Þórarinn Jakob Þórisson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Kaupþing banki hf, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7, nb.is-sparisjóður hf og Þórshafnarhreppur, mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

Fjarðarvegur 35, fstn.216-7789, Þórshöfn, þingl. eig. Hafdís Yurith Zabdid Ólason, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf., mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

Langholt 8, Þórshöfn, þingl. eig. Jórunn Gréta Davíðsdóttir, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf., mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

Röndin 13, Kópaskeri, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Öxarfjarðarhreppur, mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

Vogsholt 11, Raufarhöfn, fnr. 216-7178, þingl. eig. Sigurður Hreinn Eronsson, gerðarbeiðandi Tollstjóraembættið, mánudaginn 6. nóvember 2006 kl. 10:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík,**
**30. október 2006.**



**Gallerý fiskur**

**Þjónustufólk óskast í sal.**

Þjónustufólk óskast í sal
Vinnutími 1-2 kvöld í viku
fimmtudaga til laugardaga
17:30-22:00

Upplýsingar í
s. 587-2882 og 869-4443
galleryfiskur@galleryfiskur.is

**Pizza Hrói Höttur Ísland**

### Hrói Höttur Hafnarfirði.

útkeyrlsa/eldhússtörf. Kokkur / aðili með reynslu af eldhúsi óskast. Góð laun. Einnig óskast ábyggil. aðili til útkeyrslustarfa. 18 ára +, helst kunnugur í Hfj. Fullt starf. Umsóknareyðublöð á staðnum, Hjallahraun 13 í Hfj., eða í s. 565 2525 hjá vaktstjóra.

**Oliver bar café grill**

### Vetrarstarf!

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Aldurstakamark 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Evu í síma 845 5923. www.cafeoliver.is.

### Bakarí í Kópavogi

**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun. Tvískiptar vaktir. Helgarvinna samkvæmt samkomulagi.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

### Mosfellsbakarí Háaleitisbraut

**Vorum að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga og 1 dag aðra hvora helgi.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 553 5280 & 894 7407.**

**ÍTR**

### Frístundaheimili

**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

### Bakaríið Hagamel

**Bakaríið Hagamel óskar að ráða röska og duglega manneskju til afgreiðslustarfa strax.**
**Nánari upplýsingar veitir Anna Rósa í síma 869 3320 & Steinar í síma 863 8009.**

### Hjólbarðaverkstæðið Barðinn

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

### Ritfanga- og leikfangaverslun

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir sendist á smaar@frett.is merktar „BG".

### Kr. 5.000 - 12.000 í laun pr. kvöld.

Rótgrófið og traust fyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 20 - 60+ til að vinna við úthringingar 2-5 kvöld vikunnar. Fyrirtækið framkvæmir m.a. landsafnanir fyrir mörg af stærstu félagasamtökum í landinu og fer starfið fram frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík. Engin reynsla áskilin. Upplýsingar í síma 699 0005 milli kl. 12-20 daglega.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

### Bakarí - kaffihús, Skipholti

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

## Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, býður pólska starfsmenn. Nokkrir menn vanir timburhúsasmíði, og hafa unnið á íslandi í tvö ár, eru að leita að starfi. Uppl. í s. 8947799 eða ispolska@simnet.is

Vanur suðumaður (MIG, MAG, TIG) frá Lettlandi óskar eftir vinnu á Íslandi. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Gleraugu töpuðust í Háskólabíói á laugardaginn. Finnandi vinsamlegast hringi í s. 557 8031.

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Meistaradeildin, Meistaradeildin í beinni á Badabing Flatahrauni Hafnarfirði

## Einkamál

SPJALL
SÖGUR OG DEIT
Karlar 515-8800
Konur 515-8888
ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMERI
905-2580

**TANTRA**
**ERÓTISK VERSLUN**

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

18+ klúbburinn á vef Rauða Torgsins. Sýndu þig, sjáðu aðra. Aðeins fyrir fullorðna. Núna 75.000 kr. verðlaun fyrir flottustu myndina. Vertu velkomin/n. www.raudatorgid.is.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Tilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

**allt**
auglýsingasími
**550 5880**



**ÁS FASTEIGNASALA**

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

## LÆKJARGATA – HAFNARFJÖRÐUR



Frum





Sérlega fallegt og vandað 220 fm einbýli með aukaíbúð í miðbæ Hafnarfjarðar. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Fjögur svefnherbergi. Hátt til lofts í risi, fallegir kvistgluggar. Svalir út frá hjónaherbergi. Góð verönd með skjólveggjum. 2ja herbergja 70 fm íbúð í kjallara. **Verð 50,9 millj.**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

## Jólaþorpið í Hafnarfirði

**auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum, félagasamtökum, verslunum eða öðrum sem vilja taka hús á leigu gegn vægu gjaldi.**

Vinsamlega hafið samband í síma 585 5775 eða á jolathorp@hafnarfjordur.is

Jólaþorpið opnar 25. nóvember og verður opið allar helgar til jóla.

Á Thorsplani, í hjarta Hafnarfjarðar, verða 20 fagurlega skreytt jólahús. Boðið verður upp á skemmtidagskrá alla opnunardaga á nýju og glæsilegu sviði.

## SNÆFELLSBÆR

### Grundarbraut 20 Ólafsvík – Verð 12,5 millj.



Grundarbraut 20 er 109 fm og byggt úr steypu 1948. Hús á mjög góðum stað í góðu standi. Þrjú svefnherbergi. Nýlega klætt að utan. Stór lóð meðfylgjandi og nægt pláss til að byggja bílskúr.

### Stekkjarholt 6 – Verð 19,0 millj.



Frum

Einbýli við Stekkjarholt í Ólafsvík. Húsið er samkv FMR 152.4 fm á einni hæð og byggt árið 1981 úr múrsteini. Mjög góð staðsetning og fínt útsýni. Nýl. Rúmgott eldhús. 3 svefnherb og tvær stofur. Eigninni fylgir góður 40,5 fm bílskúr.

### Brautarholt 30 –Verð tilboð.



Húsið er samkvæmt FMR 157,3 fm og bílskúrsinn er 40,9. Húsið er á stórri hornlóð. Fjögur svefnherbergi. Parket. Mjög góð staðsetning. Verönd og heitur pottur.

Upplýsingar fást hjá Pétri Jóhannssyni í 893-4718

**VALHÖLL FASTEIGNASALA** Síðumúla 27 – Sími 588 4477
*Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.*



Það er gott að búa á austurlandi

# Reyðarfjörður - Melgerði 13

**TIL SÖLU**











## 2. og 3. herbergja íbúðir

Vandaðar íbúðir fyrir heldri borgara. Íbúðirnar eru hannaðar að þörfum eldri borgara og hreyfihamlaðra með góðu aðgengi í huga.

Sveitarfélagið leggur til stórglæsilega þjónustumiðstöð fyrir félagsstarf aldraða á 2. hæð hússins.

**Íbúðirnar verða afhentar kaupendum í nóvember 2006.**

| 2 herb. verð frá KR. 12.250.000* | 3 herb. verð frá KR. 16.200.000* | NÚ ER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR, ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR! |
|---|---|---|

*Verðlisti er bundin byggingarvísitölu mars mánaðar 2006, (325,3)

**ffa** FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS — 567 3400

**FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF.** — 580 7905

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934



Ferðalangar í Þórsmörk freista þess að komast upp í hellinn Snorraríki. Þeir lofthræddustu láta sér nægja að fylgjast með. Fréttablaðið/GVA

## VISSIR ÞÚ...

... að stöðuvatnið Vostok á Suðurskautslandinu uppgötvaðist árið 1994 eftir rannsókn á ísilögðu meginlandinu með jökulsjá?

... að stöðuvatnið er undir fjögurra kílómetra þykkum jökulís?

... að vatnið er það átjánda stærsta á jörðinni?

... að flatarmál þess er 14 þúsund ferkílómetrar?

... að það er að minnsta kosti hundrað metra djúpt?

... að Vostok-vatnið er sennilega það tærasta á jörðinni þar sem það hefur verið hjúpað ís í 500 þúsund ár?

... að árið 1998 boruðu vísindamenn 3.623 metra langan kjarna úr íshellunni yfir Vostok-vatni?

... að það er lengsti borkjarni sem boraður hefur verið úr íshellu?

... að boruninni var hætt 150 metrum yfir vatnsyfirborðinu til að tandurhreint vatnið myndi ekki spillast?

... að saltasta stöðuvatn heims er Don Juan-tjörnin í Wright-dal á Suðurskautslandinu?

... að saltinnihald stöðuvatnsins er 67,1 prósent?

... að saltinnihald úthafanna er 3,5 prósent?

... að Don Juan-tjörnin er svo brimsölt að hún frýs ekki fyrr en hitinn fer niður í -53°C?

... að Kyrrahafið er stærsta úthaf jarðar?

... að meðaldýpt Kyrrahafsins er 3.940 metrar?

... að flatarmál Kyrrahafsins er 155.557.000 ferkílómetrar?

... að Kyrrahafið er 45,9 prósent af samanlögðu flatarmáli úthafa jarðar?




allt auglýsingasími
550 5880

4thfloorhotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
Vetrartilboð 1. nóvember - 1. maí

| | |
|---|---|
| 1 manns herbergi | kr. 5.900 |
| 2ja manna herbergi | kr. 7.900 |
| Hópar 10+ | kr. 5.000 á mann |
| Helgarferð | kr. 14.000, 2 nætur í hjónaherbergi |

Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!





GRA VERÐ á 17% og 26% Gouda osti!
GOUDA
20% AFSLÁTTUR
Sjáðu þetta!
Kaupir 8 Færð 10!
EKKERT BRUÐL
GÆÐAGRÍS brauðskinka
50% afsláttur við kassann
Gæðagrís skinka KÍLÓVERÐ NÚ:
669 KR.
Merkt verð 1338KR.
RÆKJU/TÚNFISK
98 KR.
boxið
BÓNUS Rækjusalat
BÓNUS Túnfisk salat
EKKERT BRUÐL
FYLLTIR MOLAR 650g
998 KR.
NÓA Konfekt
Ávaxta Stangir
40% afsláttur
159 KR.
Merkt verð 265KR.
einur
kleinur
8 KR.
Súkkulaðihringir Bónus
5+1
98 KR.
Bassett's konfekt
215g
98 KR.
Bassett's FRUIT ALLSORTS
No LIQUORICE HERE!
Fyrirmyndarverð á sleikjóum!
Veljið sjálf!
39 KR.
Sleikjópoki eða box
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


BÓNUS
-og líka fiskflök!
Alaska pollock
Alaskan seiti
Alaska pollock
EURO SHOPPER
400 g
400g þorskur/ufsi
99 KR.
Alaskaufsi 400g
Stillahavstorsk
Tyynenmeren-turskafilee
Pacific cod
400 g
Kyrrahafsþorskur 400g
Handsápa 500 ml
Liquid hand soap
Handzeep
Handtvål • Håndsåpe
Liquid hand soap
Handtvål
Nestesaippua
500 ml
Handsápa 500 ml
59 KR.
Prófaðu fyrst
80 bómullarpúðar
39 KR.
Make-up pads
Wattenschijfjes
Bomullsrondeller
Bomullspads
Vanulappu
80 bómullarpúðar
200 eyrnapinnar
200 pinnar
39 KR.
Fiskibollur 800g
99 KR.
Fiskeboller • Fiskbullar
Fishballs
Tomatketchup
Tomaattiketsuppi
Tomato ketchup
Tómatsósa KÍLÓ
59 KR.
1 kg
Sinnep 500 ml
39 KR.
Sennep • Mustard
Mild
500 g
80 bossaklútar
99 KR.
KATTASANDUR
129 KR.
5 kg
Kissanhiekka
80 blautklútar
Kattamatur 100g
Paté
Kattamatur 100g
19 KR.
UniLine
75 bossasvampar
99 KR.
engangs vaskeklude
75 stk.
75 bossasvampar
5 kg
5 kíló af kattasandi


-eldhúsrúllurnar...
Kitchen towel • Keukenpapier
Køkkenrulle
4 eldhúsrúllur
99 KR.
4 rolls/st/stk
Sjáðu verðið!
100 teljós í pakkningu
EUROSHOPPER TELJÓS
179 KR.
100 STK.
EUROSHOPPER!
Chips
Paprika
HEILT KÍLÓ!
98 KR.
Stutt geymsluþol
29 KR.
200g
10 svampar með raspara
WC bursti
69 KR.
10 svampar
39 KR.
ÖRTREFJAKLÚTUR
49 KR.
Örtrefjaklútur
Bónus býður betur!
Skorinn aspas
39 KR.
White Asparagus
250 g
Aspas 250g
Rískökur
39 KR.
Rice cakes • Rijstwafels
Riskakor • Riisikakku
100 g
Hveiti 2 kíló
39 KR.
Vetemjöl
Vehnäjauho
Hveiti 2 kíló!
Súkkulaði 100g
59 KR.
Plain chocolate
Dökkt súkkulaði 100g
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Frábær opnunartilboð - Eitthvað fyrir alla!
30% afsláttur við kassann
FK nautahakk frosið
KÍLÓVERÐ NÚ:
698 KR.
Merkt verð 998KR.
FERSKAR KJÖTVÖRUR
Frosið nautahakk
40% afsláttur við kassann
Úrbeinaður grísahnakki
KÍLÓVERÐ NÚ:
959 KR.
Merkt verð 1598KR.
ÍSLANDS GRÍS
Úrbeinaður grísahnakki
ÍSLANDS NAUT
10 x 100g
10x 100g hamborgarar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1049 KR.
Merkt verð 1398KR.
Krydduð lambarif
KÍLÓVERÐ NÚ:
199 KR.
ÍSLANDS LAMB
Krydduð lambarif
EKKERT BRUÐL
KF SALAT
98 KR.
350g
Kartöflu salat
Hrásalat
BBQ SVÍNARIF
BBQ svínarif
KÍLÓVERÐ NÚ:
899 KR.
Merkt verð 998KR.
Foreldað BBQ svínarif
Allt að gerast á Smáratorgi!
Sjáðu þetta!
Andrex
33% meira magn
Sama verð!
3 ROLLS FREE
Vertu fínn fyrir frúna!
Gillette MACH3
4 blöð
499 KR.
MACH3
Moppuskaft með innbyggðu úðakerfi
Vönduð örtrefjamoppa fylgir með
Lögur í skafti dugar fyrir 100 m2
SPRINKLER MOPPUSETT
3999 KR.
Sjáðu verðið!
Þvottapoki 16x21 sm -verð 39 KR.
Þvottastykki 30x30 sm -verð 39 KR.
Handklæði 50x70 sm -verð 199 KR.
Handklæði 70x140 sm -verð 399 KR.
Tilboðin gilda til sunnudags 6. nóvember eða á meðan birgðir endast
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.336 **-0,55%** **Fjöldi viðskipta:** 588 **Velta:** 3.778 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| **Avion** | +4,08% |
| **Alfesca** | +0,2% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| **Flaga** | -4,84% |
| **FL Group** | -1,74% |
| **Bakkavör** | -1,65% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,30 +0,00% ... Alfesca 5,00 +0,20% ... Atlantic Petroleum 586,00 -0,34% ... Atorka 6,32 +0,00% ... Avion 35,70 +4,08% ... Bakkavör 59,80 -1,65% ... Dagsbrún 4,94 +0,00% ... FL Group 22,60 -1,74% ... Glitnir 23,00 +0,00% ... Kaupþing 848,00 -0,59% ... Landsbankinn 25,80 -0,77% ... Marel 79,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,50 -0,60% ... Straumur-Burðarás 16,40 -1,21% ... Össur 122,00 -0,81%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Avion slær tvær flugur í einu höggi

Avion Group hefur selt eignir fyrir 34 milljarða króna og nemur hagnaður af sölunni fyrir skatta 10,5 milljörðum króna. Rekstur Avion verður fyrir vikið einfaldari og styrkist efnahagur félagsins sem nýtist til áframhaldandi vaxtar.

Annars vegar er um að ræða sölu á allri leiguflugs- og ferðaþjónustueiningunni XL Leisure Group, sem var ein af þremur stoðum félagsins, fyrir þrjátíu milljarða króna. Phillip Wyatt, forstjóri XL Leisure, leiðir kaupendur og nemur söluhagnaður Avion 7,3 milljörðum króna fyrir skatta.

Telur Greiningardeild Kaupþings að söluverðið á XL sé vel viðunandi.

Þá hefur félagið selt rúman helmingshlut sinn í Avion Aircraft Trading (AAT), sem sýslar með flugvélar, til Hafþórs Hafsteinssonar, stjórnarformanns AAT, Arngríms Jóhannssonar, stofnanda Air Atlanta og lykilstjórnenda fyrir 3,5 milljarða króna og er söluhagnaður 3,2 milljarðar. Avion Group mun áfram halda utan um 49 prósenta hlut í AAT sem bókfærður er á 200 milljónir króna. Dulin verðmæti liggja því augljóslega enn inni í félaginu.

„Við erum fjárfestingarfélag þannig að við nýtum þau tækifæri sem okkur bjóðast. Kaupum og seljum áfram og fjárfestum í því þar sem við teljum okkur geta bætt við verðmætin og aukið þau fyrir okkar hluthafa,“ segir Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins. Félagið mun eftir sem áður fjárfesta í félögum í flutningastarfsemi.

Fjármögnun vegna kaupanna er að fullu lokið og greiða kaupendur hluta kaupverðs með bréfum í Avion Group sem samsvarar 22 prósentum hlutafjár í félaginu. Straumur-Burðarás hefur samið við Avion um sölutryggingu á bréfunum.

Hlutabréf í Avion hækkuðu skarplega á markaði í gær, eða um rúm fjögur prósent. Frá byrjun október nemur hækkunin um sautján prósentum. **- eþa**



**AVION GROUP HAGNAST VERULEGA** Magnús Þorsteinsson og Steingrímur Pétursson kynna sölu eigna fyrir 34 milljarða króna.



**JÓNAS FR. JÓNSSON** Jónas er forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

## Fjármálaeftirlitið höfðar mál

Stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur ákveðið að höfða dómsmál til ógildingar úrskurði kærunefndar frá því í sumar varðandi Sparisjóð Hafnarfjarðar (SPH). Kærunefndin komst að þeirri niðurstöðu að Samkeppniseftirlitinu hefði verið óheimilt að takmarka atkvæðisrétt ákveðinna einstaklinga í Sparisjóði Hafnarfjarðar við fimm prósent.

„Okkar mat er að í máli þessu reyni á grundvallarþætti varðandi hlutverk og getu Fjármálaeftirlitsins til að stuðla að traustri fjármálastarfsemi í landinu,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem er ósammála niðurstöðum kærunefndar og telur rökstuðningi áfátt. „Í málinu reynir á mikilvæg atriði fyrir íslenskan fjármálamarkað sem snýr að virkni lagaákvæða og getu eftirlitsins til þess að framfylgja lögum um fjármálafyrirtæki,“ segir jafnframt í tilkynningu eftirlitsins vegna málsins.

Í lögum eru sérstök ákvæði um virkan eignarhlut í sparisjóðum sem miða meðal annars að því að tryggja dreifða eignaraðild. Þannig má enginn fara með meira en fimm prósent atkvæðisréttar og bara hægt að mynda virkan eignarhlut vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar eða aukinnar samvinnu sparisjóða. **- óká**



**Í FRAMLEIÐSLUSAL ÖSSURAR** Össur skilaði minni hagnaði á þriðja ársfjórðungi en vonir stóðu til.

## Afkoman undir væntingum

Stoðtækjafyrirtækið Össur skilaði 5,7 milljóna dala hagnaði á þriðja fjórðungi ársins. Þetta svarar til 387 milljóna íslenskra króna á tímabilinu samanborið við rúmar 274 milljónir króna í hagnað á sama tíma í fyrra.

Í tilkynningu frá Össuri kemur fram að hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) hafi numið 12,1 milljónum dala eða 867 milljónum íslenskra króna, sem er 17 prósenta aukning frá þriðja ársfjórðungi í fyrra.

Haft er eftir Jóni Sigurðssyni, forstjóra Össurar, að afkoman sé rétt undir væntingum en að fyrirtækið sé bjartsýnt á að ná markmiðum sínum á árinu. **- jab**




PETER JACKSON ER 45 ÁRA Í DAG

*„Nýja-Sjáland er ekki lítið land heldur risavaxið þorp.“*

*Nýsjálenski leikstjórinn vann til ófárra Óskarsverðlauna fyrir kvikmynd sína sem gerð var eftir Hringadróttinssögu Tolkiens.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 31. OKTÓBER 1926**

## *Sjónhverfingamaður allur*

Á þessum degi árið 1926 lést Harry Houdini, einn frægasti töframaður allra tíma, úr lífhimnubólgu á sjúkrahúsi í Detroit í Bandaríkjunum. Tæpum tveimur vikum áður hafði hinn 52 ára Houdini verið að spjalla við hóp nemenda eftir fyrirlestur í Montreal og sagt þeim að magavöðvar hans væru gríðarlega sterkir og gætu þolað mjög föst högg. Öllum að óvörum kýldi einn nemendanna Houdini tvisvar í magann. Þar sem töframaðurinn var óviðbúinn sprengdu höggin í honum botnlangann. Houdini veiktist á leiðinni til Detroit en kom þó fram í hinsta sinn áður en honum var ekið á sjúkrahús. Hann fór í aðgerð en allar tilraunir læknanna báru lítinn árangur enda hafði botnlanginn sýkt út frá sér.



HOUDINI

Houdini fæddist í Búdapest árið 1874. Hann fluttist ungur með foreldrum sínum til Bandaríkjanna og sýndi snemma mikla hæfileika í fimleikum og ótrúlega hæfni í að opna lása. Hann gekk til liðs við sirkus aðeins níu ára gamall og varð frægur fyrir að sleppa úr ómögulegum aðstæðum. Árið 1900 fór hann í sína fyrstu sýningarferð um heiminn. Eitt uppáhaldsatriði hans var að láta binda sig og læsa niður í járnkistu sem sökkt var ofan í vatnstank og losna svo úr prísundinni.

**MERKISATBURÐIR**

**1517** Siðaskiptin hefjast í Þýskalandi þegar Marteinn Lúther neglir ritgerð sína á kirkjudyr í Wittenburg.

**1892** Fyrsta bókin um Sherlock Holmes eftir Arthur Conan Doyle er gefin út.

**1931** Strætisvagnar Reykjavíkur hefja akstur. Fyrsta leiðin er Lækjartorg-Kleppur.

**1936** Útgáfa Þjóðviljans hefst.

**1961** Yfirvöld í Sovétríkjunum láta færa lík Jósefs Stalín úr grafhvelfingu Leníns.

**1964** Í tilefni af aldarafmæli Einars Benediktssonar er afhjúpuð stytta af skáldinu á Miklatúni.

**1984** Indira Gandhi, forsætisráðherra Indlands, er myrt af tveimur lífvörðum sínum.

---



†

*Elsku systir mín,*

**Ása Hjördís Þórðardóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 28. október.

F.h. ættingja,

Margrét Anna Þórðardóttir.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Hjörleifur Ingólfsson**

slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, frá Vöglum í Vatnsdal, Tjarnargötu 25a, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 28. október. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 2. nóvember kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag langveikra barna.

Sigrún Bryndís Gunnarsdóttir
Arna Björk Hjörleifsdóttir — Högni Sturluson
Ingvi Þór Hjörleifsson — Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir
Árni Jakob Hjörleifsson — Geirþrúður Ósk Geirsdóttir
Halldór Hagalín Hjörleifsson
Ingunn Guðmundsdóttir Larsson
Gunnar Brynjólfur Sigurðsson — Ólöf Haraldsdóttir
Sara Björg Pétursdóttir
og barnabörn.

---



†

*Þökkum hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Þorbjargar Friðrikku Jónsdóttur.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Félagsmiðstöðvarinnar Aflagranda og líknardeildarinnar á Landakoti fyrir einstaka ummönnun og hlýhug.

Sigrún J. Jensdóttir — Hilmar Logi Guðjónsson
Jens S. Jensson — Kristín Sigurgeirsdóttir
Anna Friðrikka Jensdóttir — Páll Jensson
Helga Jensdóttir — Rúnar Gunnarsson
Karl Jensson — Guðrún I. Sturlaugsdóttir
Guðrún Elísabet Jensdóttir — Baldur F. Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---


SÓLSTEINAR

☆ Gæði
☆ Þjónusta
☆ Gott verð
☆ Úrval
☆ Fagmennska



Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is


---

JÓN BIRGIR VALSSON: ÍSLANDSGLÍMAN 100 ÁRA

# Keppa í Kasakstan

Hundrað ár eru liðin síðan Íslandsglíman, elsta og sögufrægasta íþróttamót á Íslandi, var haldið í fyrsta sinn.

„Það eru hundrað ár síðan Íþróttafélagið Grettir á Akureyri safnaði fyrir og lét búa til Grettisbeltið. Síðan var keppt um það á Akureyri 1906,“ segir Jón Birgir Valsson, formaður Glímusambands Íslands.

Iðkendur glímu á Íslandi eru um fimm hundruð talsins og vonast Jón Birgir til að bæta við þá tölu jafnt og þétt næstu árin. „Við erum að fara nýjar leiðir í útbreiðslu á íþróttinni núna og höfum skipt þessu upp í tvær stefnur. Annars vegar með keppnina sjálfa í huga og hins vegar sem menningar- og listviðburðinn glímuna. Glíman er svo menningarlega tengd við Íslandssöguna enda er hún eina íþróttin sem hefur fylgt Íslendingum alveg frá landnámi,“ segir Jón Birgir, sem er jafnframt Íslandsmeistari í glímu og því handhafi Grettisbeltisins.

Jón Birgir er nýkominn til Kasakstan þar sem hann mun keppa á HM í Belt-Wrestling ásamt þeim Lárusi Kjartanssyni og Jóhannesi Héðinssyni. „Við ætlum að komast að því hvort þetta eigi við okkar kunnáttu í glímu. Við erum með hóflegar væntingar í þessu og förum í þetta með opnum hug, fyrst og fremst til að þreifa okkur áfram hvað aðrir eru að gera í þessu,“ segir Jón.



**GLÍMA** Það var hart barist á alþjóðlega glímumótinu sem var haldið um síðustu helgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Belt-Wrestling er frábrugðin íslensku glímunni að því leyti að keppendur hafa reipi um sig miðja í stað þess að vera með belti eins og tíðkast hér á landi. „Belt-Wrestling þekkist mjög vel í Kasakstan og Mongólíu og þar um kring. Maður hefur séð þessa íþrótt í þáttum eins og á Discovery og í jaðarsporti á Eurosport,“ segir Jón.

Auk þess að keppa ætla þeir félagar að taka þátt í ráðstefnu í Kasakstan um glímu og athuga hvort að möguleiki sé á því að markaðssetja íslensku glímuna þar í landi og víðar. „Sumir vilja meina að fangbrögð hafi borist frá Asíu á sínum tíma og síðan vestur eftir og þau nái aftur til tíma Atla Húnakonungs. Aðrir segja að þetta sé algjörlega íslenskt fyrirbrigði. Glíman er íslensk þó að hún hafi komið á sínum tíma með víkingum.“

Alþjóðlegu glímumóti, Icelandair Open, lauk sl. sunnudag í glímuhúsi Ármanns. „Þetta heppnaðist glimrandi vel og vakti stormandi lukku bæði hjá okkar erlendu gestum og þeim glímuköppum og konum sem mættu á staðinn. Við bindum miklar vonir við að þetta verði árlegt og við stefnum líka að því að halda HM í glímu innan tveggja ára,“ segir Jón og ætlar glímunni greinilega stóra hluti í framtíðinni.

freyr@frettabladid.is

---



†

*Innilegustu þakkir til ykkar fjölmörgu sem tókuð þátt í sorg okkar og sýnduð okkur með margvíslegum hætti samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns og vinar, föður okkar, tengdaföður, afa og bróður,*

**Antons Sölva Jónssonar**

Heiðarbrún 11, Keflavík.

Sérstakar þakkir til Karlakórs Keflavíkur og Sindrabræðra, að ógleymdum traustum vinum okkar. Sá sómi sem hinum látna var sýndur við útför hans gleymist aldrei. Guð launi ykkur ríkulega.

Jórunn Jónasdóttir
Jóna Björg Antonsdóttir — Ellert Þ. Ólafsson
Guðrún Anna Antonsdóttir
Bogi Jón Antonsson
Anton Ellertsson — Þorbjörg Bergþórsdóttir
Kristrún Jónsdóttir — Magnús B. Magnússon
og aðrir aðstandendur.

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Klara Ásgeirsdóttir**

Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 27. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Kjartan Sædal Sigtryggsson — Ása S. Atladóttir
Sigríður Sædal Anatrella — William Joyner
Steinar Sædal Sigtryggsson — Birna Martinsdóttir
Kristín Sædal Sigtryggsdóttir — Hallur A. Baldursson
Hólmfríður Sædal Sigtryggsdóttir — Þórður Kárason
barnabörn og langömmubörn.

---


LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.

S. HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


---



## 50 ára afmæli

**Erlen Sveinbjörg Óladóttir**

er 50 ára í dag. Hún tekur á móti gestum á heimili sínu, Laufási 4a í Garðabæ, á afmælisdaginn.

Fjölskyldan

# Tjáðu þig!

**50MB frítt myndasvæði!**
**Búðu til myndaalbúm á síðunni þinni!**




## Viltu sýn'eikkað?

**Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg**

**BlogCentral.is**
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Allt var svo gott þá

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ÞJÁIST AF NOSTALGÍU



„I wanna hold your hand," sungu fjórmenningar frá Liverpool fyrir tugum ára. Þá dilluðu foreldrar mínir sér í takt við bumbuslátt Ringo og biðu spennt eftir því að textahöfundar hér heima sneru laginu upp á hið ylhýra. Lífið var einfalt, annað hvort fylgdi fólk Bítlunum og safnaði hári eða hlustaði á Stones og fór á fyllerí. Tilveran var annað hvort eða ekki. Kommi eða ekki. Þótti töff að vera í skátunum, kunna að binda hnúta, slá upp tjaldi, þvo leirtauið í ám og spila á kassagítar. Ekkert stál og enginn hnífur. Bara Lennon og McCartney eða Richards og Jagger.

Kaninn var kominn til að vera, ekki þótti ástæða til að mótmæla Straumsvíkurálverinu og stjórnmálamenn voru hleraðir án þess að það rataði í blöðin. Börnin gátu leikið sér úti á götu, máttu fara niður á bryggju, ömmur og afar voru hluti af uppeldinu, jafnvel var boðið í mat á sunnudögum þar sem öll fjölskyldan hittist og át lamb. Ræddi Víetnam, Sovétríkin, Bandaríkin og hvort Lee Harvey Oswald hefði í alvörunni skotið Kennedy. „Nei, CIA drap hann," sagði síðhærður drengur sem bar friðarmerki og hlustaði á Zeppelin. Árin líða.

Síðan komu peningarnir sem Danirnir segja ættaða frá Rússlandi. Og þá varð tilveran grá. Allt mátti en samt ekki. Kaninn fór, hvalirnir eltir uppi. Þjóðin í norðurhöfum sýnir þessum „smáþjóðum" allt í kring hverjir það eru sem ráða. „Hröktum tjallann 200 mílur frá, ekki halda að við getum ekki drepið nokkra hvali," er hrópað í þingsölum. Engin skyldi vanmeta þessa sundurleitu, fámennu þjóð sem hefur gleymt kúnstinni að mótmæla eftir að hún eignaðist sparifé.

Börnin mega ekki fara niður á höfn, geta farið sér að voða. Mega ekki leika sér úti á götu því þar eru bílar. Þurfa að vera í vernduðu umhverfi, heilsdagsskóla. Fjölskyldurnar hittast ekki lengur, skrifa bara hvort öðru jólakort með fyrirfram ákveðinni kveðju. „Gleðileg jól og takk fyrir samveruna á árinu sem er að líða," þrátt fyrir að hafa ekki sést í hálft annað ár.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Byssa ársins

## Engin byssa hefur fengið eins mikið umtal í ár og Beretta Xtrema2





## Beretta Xtrema2

### Byssan sem allir eru að tala um

Einstök byssa í alla staði. Eina gasskifta byssan á markaðnum með snúningsbolta.
Gelpúðar, yfirborað hlaup og fullkomin bakslagsvörn tryggja að byssan slær nánast ekkert.
Mjúk gúmmíinnlegg í skeftum gefa byssunni betra grip. 24" eða 26" hlaup.
Beretta Xtrema2 tekur öll skot upp í 3 ½". Beretta Xtrema2 fylgir hörð plasttaska en einnig 5 þrengingar, skeftishallaplötur, skeftiskubbar til að lengja eða stytta skefti, ólarfestingar og Beretta byssuolía.

**Beretta Xtrema2 Synthetic kostar aðeins 146.900 staðgreitt**
**eða aðeins 12.759 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**
**Beretta Xtrema2 Camo kostar aðeins 154.900 staðgreitt**
**eða aðeins 13.446 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



## Beretta Texnys Wood X-TRA

### Einhver fallegasta hálfsjálfvirka byssan á markaðnum

Glæsileg hálfsjálfvirk, gasskift byssa. Nikkelhúðað skothús og Wood X-TRA skefti.
Byssan er fislétt og hentar því vel til rjúpnaveiða. Beretta Teknys tekur 2 ¾" og 3" skot.
Beretta Teknys fylgir hörð plasttaska en einnig 5 þrengingar og skeftishallaplötur.
Auka skeftispúði, ólarfestingar og Beretta byssuolía.

**Beretta Teknys Wood X-TRA kostar aðeins 149.900 staðgreitt**
**eða aðeins 13.017 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Eigum gott úrval af hálfsjálfvirkum Beretta skotvopnum á lager frá aðeins 81.900.**
**Einnig nánast alla línuna frá Benelli frá aðeins 134.900 og Stoeger frá aðeins 35.900.**
**Öll skotvopn í Veiðihorninu fást með 12 mánaða vaxtalausum raðgreiðslum.**
**3% lántökugjald og færslugjald innifalið í mánaðagreiðslum**

Benelli BERETTA Stoeger



**Hefurðu litið nýlega við á veidihornid.is?**



**! Kl. 20.00**

*Pjetur Hafstein Lárusson er gestur á Skáldaspírukvöldi Lafleur útgáfunnar í Iðuhúsinu við Lækjargötu. Hann les bæði ljóð og sögur, meðal annars úr nýrri ljóðabók sinni: Vökuborg og draums sem nýverið kom út hjá bókaútgáfunni Sölku.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Hvíta rósin Sophie Scholl

Í kvöld verður sýning á þýsku kvikmyndinni Sophie Scholl – Síðustu dagarnir eftir Marc Rothemund í sal Þjóðarbókhlöðunnar og hefst kl. 20. Aðgangur er ókeypis. Myndin var framleidd 2005 og hefur ekki verið sýnd hér á landi. Í henni segir af örlögum Sophie Scholl en hún starfaði í andspyrnuhópnum Hvítu rósinni í München. Í febrúar 1943 tók hópurinn að dreifa flugritum gegn stríðinu og var Sophie handtekin af Gestapo. Hún var yfirheyrð af hörku en sagði aldrei til félaga sinna og neitaði sök.

Saga Hvítu rósarinnar var einstök hetjusaga og kvikmyndin markaði nokkur skil í þýskri kvikmyndagerð enda mikilsmetin: fékk tvo birni á Berlínarhátíðinni, var tilnefnd til Óskarsverðlauna, vann Bodil í Danmörku, tilnefnd til fjögurra Evrópuverðlauna og vann tvö þeirra, svo nokkuð sé nefnt af þeim 23 tilnefningum og 15 verðlaunum sem myndin aflaði. Hér er á ferðinni þýsk stórmynd um merkilegt efni og er það til marks um slaka dreifingu kvikmynd á Íslandi að hún skuli ekki vera sett í venjulegar sýningar.



**SÍÐUSTU DAGAR** Julia Jentsch í hlutverki hinnar hugrökku og trúuðu stúlku sem tók upp baráttu gegn herstjórninni.



## > Dustaðu rykið af ...

Gömlu Megasarplötunum. Hyllingardiskurinn **Pældu í því sem pælandi er í** er nýkominn út en á honum taka ýmsir listamenn lög Megasar með sínu lagi en þeirra á meðal eru **Hjálmar, KK, Baggalútur, Trabant** og **Rúnar Júlíusson**. Þá er kominn út diskur þar sem **Magga Stína** syngur lög Megasar og er því enginn skortur á Megasarlögum í nýjum útgáfum en engu að síður er tilvalið að hlusta á meistarann sjálfan í og með.

# Færeyskir meistarar

Nýlega var tilkynnt að Deutsche Bank ætti fimmtíu þúsund myndlistarverk: íslensku bankarnir eiga eitthvað færri og flest eru eftir íslenska listamenn, en um helgina var opnuð sýning í aðalsal gamla Landsbankans í Austurstræti á verkum þriggja færeyskra meistara.

Um er að ræða skiptisýningar á verkum Landsbanka Íslands og Færeyjabanka en fyrirtæki þessi fagna stórafmæli á þessu ári – Færeyjabanki aldarafmæli og Landsbankinn 120 ára afmæli. Sú hugmynd að halda sameiginlegra upp á stórafmælin með þessum hætti varð til á fundum forsvarsmanna bankanna seint á síðasta ári. Á sýningunum eru verk eftir þrjá listamenn frá hvoru landi sem allir eru verðugir fulltrúar síns lands og sinnar kynslóðar en sýningarnar bera yfirskriftina „Maður, náttúra og mynd".

Í Færeyjabanka verða sýnd verk í eigu Landsbankans eftir listamennina Eggert Pétursson, Kristján Davíðsson og Jóhannes S. Kjarval.

Í Landsbankanum í Austurstræti verða til sýnis glæsileg verk í eigu Færeyjabanka eftir færeysku listamennina Ingálv av Reyni, Sámal Joensen-Mikines og Zacharias Heinesen. Hinn fyrstnefndi er talinn meðal fremstu módernista á Norðurlöndunum en Færeyjarbanki á nokkur verka hans sem ekki hafa áður verið sýnd utan eyjanna. Mikines var einn fyrsti nútímalegi túlkandi lifnaðarhátta á sínum heimaslóðum og miðla verk hans fjölbreytileika þeirra með eftirminnilegum hætti. Heinesen er Íslendingum að góðu kunnur enda hefur hann oftsinnis ferðast hingað. Hann hefur unnið af mikill leikni, bæði í hlutlægum og óhlutlægum stíl og þykir sýna sérstakt næmi fyrir litum og hrynjandi forma.

Sýningarnar standa yfir til 30. nóvember og verða öllum opnar á afgreiðslutíma bankanna. Á völdum dögum á sýningartímanum er ráðgert að bjóða upp á leiðsögn listfræðings og verður það auglýst síðar. **- pbb**



**FÆREYSK MYNDLIST** Færeyskur dans, 1961 eftir Sámal Joensen-Mikines.



**DJARFUR TÚLKANDI SEM LEGGUR ÁHERSLU Á FERSKLEIKA FRUMFLUTNINGSINS** Finnski píanóleikarinn Olli Mustonen leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frumlegur finnskur túlkandi

**Finnski píanóleikarinn Olli Mustonen hefur verið lengi í sviðsljósinu þrátt fyrir ungan aldur. Hann leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í dag en á efnisskrá kvöldsins eru tveir píanókonsertar Beethovens og sinfónía eftir Brahms.**

Olli Mustonen vakti fyrst athygli fyrir óhefðbundna túlkun sína á gömlum meistaraverkum og vann meðal annars Gramophone-verðlaunin fyrir bestu hljóðfæraupptöku ársins 1992. Hann hefur gefið út nokkra hljómdiska, þar á meðal einleiksverk eftir Beethoven, verk Shostakovich og Bachs auk þess að ferðast víða og halda tónleika bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Mustonen er fæddur í Helsinki en hann hóf nám í píanóleik, semballeik og tónsmíðum fimm ára gamall. Frístundir sínar notar hann til að semja sína eigin tónlist. Frumsköpun er veigamikill þáttur í list Mustonens en hann leggur áherslu á að hverjir og einir tónleikar eigi að bera í sér ferskleika frumflutnings. Hann þykir einstaklega frumlegur og djarfur túlkandi með frábæra tækni.

Gerður var góður rómur af einleikstónleikum Mustonen á Listahátíð árið 2000 en þá lék hann einnig verk Beethovens og Brahms. Verkin á efnisskránni nú eru tveir fyrstu píanókonsertar Beethovens sem stimpluðu tónskáldið inn í tónlistarlíf Vínarborgar á sínum tíma. Sá fyrri kinkar kolli til tónsmíða Mozarts en gefur líka fyrirheit um seinni tíma dramatík í verkum Beethovens. Þá leikur Sinfóníuhljómsveitin þriðju sinfóníu Johannesar Brahms sem var frumflutt í Vínarborg árið 1883 og fékk frábærar viðtökur enda er hún sögð búa yfir einstakri blöndu af ákefð, dulúð og angurværum trega.

Tónleikarnir fara að venju fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30. Hljómsveitarstjóri er Rumon Gamba. **- khh**

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna



SKUGGALEIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20
2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20

ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Við styðjum Steinunni Valdísi ...





Steinunn Valdís

4. sæti

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Hrekkjavaka á Barnum



**PLÖTUSNÚÐURINN** Heimir Héðinsson passaði vel inn í partíið með gulllitaða grímu sem hann er þó alltaf með þegar hann spilar.

Það var mikið um dýrðir á Barnum um helgina þar sem partí var haldið með hrekkjavökuþema. Barinn var skreyttur með köngulóarvef og öðru sem tengist þessari draugahátíð. Fólk mætti í sínu fínasta pússi og ímyndunaraflið hjá mörgum greinilega mjög frjótt. Grímur og tilheyrandi voru áberandi hjá gestum og var það mat margra að aldrei hefði dansinn dunað jafn vel og lengi á Barnum og á laugardagskvöldið.



**ÞESSI VAR HRESS** Margrét Vilbergsdóttir lét ekki að sér hæða og klæddi sig upp fyrir grímuballið.



**ANDLITSMÁLNING** Þóra Augustinussen hefur greinilega verið lengi að hafa sig til og var andlitsmálningin hin glæsilegasta.



**ÞJÓNUSTUSTÚLKAN OG GEISHAN** Ása Einarsdóttir var klædd sem blóðþyrst þerna og Sigga Dögg var hæglát geisha í tilefni dagsins.



**PARIS HILTON** Greyið stelpan er komin á svartan lista hjá nokkrum skemmtistöðum í Bandaríkjunum.

## París bönnuð

Fyrir ekki svo löngu síðan slógust skemmtistaðirnir í Bandaríkjunum um að partíljónið Paris Hilton mundi reka inn nefið en nú er öldin önnur og greinilegt að það er farið að halla undan fæti hjá Hilton. Henni var nýlega meinaður aðgangur að nýjasta klúbbnum í New York því eins og eigandi staðarins orðaði það vildi hann engar „Paris Hilton týpur“ inn á sinn stað. Nú hefur hún bæst á svartan lista hjá skemmtistað í Los Angeles og því verður greyið Paris að fara að taka sig saman í andlitinu áður en hún verður útilokuð frá skemmtanalífinu eins og það leggur sig.

# Stella vildi drepa Mills

**Skilnaður Pauls McCartney og Heather Mills tekur á sig sífellt undarlegri myndir. Nú eru rifjuð upp ummæli dóttur McCartney um eiginkonuna og framkomu Pauls við Lindu heitna McCartney.**



**PAUL OG HEATHER** Ekki sér fyrir endann á fjölmiðlafárinu í kringum skilnað þeirra og málið verður flóknara með hverjum deginum sem líður.

Bresku götublöðin halda áfram umfjöllun sinni um skilnað Heather Mills og Paul McCartney sem vakið hefur heimsathygli, ekki síst fyrir fjölmiðlafárið sem hefur ríkt í kringum málið að undanförnu. News of the World birti á sunnudag frétt þess efnis að dóttir Pauls, fatahönnuðurinn Stella McCartney, hefði hótað Heather Mills lífláti skömmu eftir að hún lýsti því yfir að Paul hefði einnig lamið og komið illa fram við mömmu hennar, Lindu. „Af hverju varstu að giftast þessari belju? Hún hefur ekki gert neitt annað en að misnota okkur. Ég drep hana,“ á Stella að hafa öskrað að föður sínum samkvæmt götublaðinu.

Fréttir um segulbandsupptökur sem Linda heitin McCartney gerði skömmu fyrir andlát sitt vöktu mikla athygli í síðustu viku en þar er hún sögð tjá sig á einlægan hátt um hjónaband sitt og Pauls. Upptökurnar gætu verið notaðar í réttarhöldunum sem hefjast snemma á næsta ári og er hugsanlegt að þær varpi nýju ljósi á hjónaband Pauls og Lindu, sem hingað til hefur verið talið það ástríkasta í skemmtanaiðnaðinum. Peter Cox, náinn vinur Lindu, segir að henni hafi oft liðið illa í hjónabandinu en Cox hefur upptökurnar undir höndunum og hefur fallist á að birta þær ekki opinberlega. Í samtali við Daily Mail ber hann Paul hins vegar ekki vel söguna og segir hann hafa komið illa fram við Lindu. „Hann átti það til að ráðskast með hana,“ sagði Cox við blaðið en lengi hefur andað köldu á milli þeirra og bað Paul hann vinsamlegast um að mæta ekki í jarðarför Lindu árið 1998. Þá segir Cox að Paul hafi jafnframt verið hrokafullur og talað um góðvin sinn John Lennon eins og hann væri enn á lífi. „Er það ekkert furðulegt?“ spyr Cox.

The Sun segist á hinn bóginn hafa komist yfir óbirt viðtal sem sjónvarpsmaðurinn Garth Pearce tók við Lindu í maí 1980. Þar segist hún elska Paul út af lífinu, að hún hafi ekkert yfir honum að kvarta. Þar tjáir Linda sig einnig um það þegar Paul var handtekinn á flugvelli í Japan með hass í fórum sínum. „Ég hræddist mjög að hann þyrfti að vera í fangelsi næstu sex eða sjö árin. Ég hugsaði alvarlega um það að kaupa hús í Japan sem við gætum búið í næstu árin því þá gæti ég heimsótt hann á hverjum degi,“ sagði Linda fyrir 26 árum.



**STELLA MCCARTNEY**
Hótaði að taka stjúpu sína af lífi skömmu eftir að Heather sagðist ætla að draga hjónaband Lindu og Pauls inn í skilnaðinn.




Við óskum eftir módelum, bæði strákum og stelpum, frá 18-30 ára fyrir hártískusýningu hjá Aveda.

Sýningin fer fram 12. nóvember. Jo MaCay og Alex Dinter koma frá London og Berlín og sjá um hárið en þau móta hártískuna fyrir Aveda á heimsvísu.

Áhugasamir vinsamlegast hringið í Hrönn hjá Aveda í síma 581 16 66 .

AVEDA




**LEONARDO DICAPRIO** Lenti í því að tæknimaður missti hendi við upptökur á nýjustu mynd sinni „Blood Diamond“.

## Blóðug taka

Sá skelfilegi atburður átti sér stað við upptökur á nýjustu mynd Leonardo DiCaprio að tæknimaður missti hendi þegar sprengja sprakk í höndunum á honum. Myndin nefnist „Blood Diamond“ og er með þeim Leonardo og Jennifer Connelly í aðalhlutverkum og fjallar um stríðið í Sierra Leone á tíunda áratugnum. Tæknimaðurinn var að handfjatla kröftuga sprengju sem átti að nota við upptökur og sem sprakk með ofangreindum afleiðingum.

Aðstandendur myndarinnar hafa verið mikið gagnrýndir fyrir að gæta ekki fyllsta öryggis við upptökur en fullvissa þeir þó að svo sé.

# Vilt þú betri vexti til að klára dæmið?

TILBOÐS VEXTIR!

# 16,10%*

**Dæmi um greiðslubyrði**

| Fjöldi ára | 200.000 kr. | 400.000 kr. | 600.000 kr. | 800.000 kr. | 1.000.000 kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 19.138 | 37.723 | 56.308 | 74.892 | 93.477 |
| 2 | 10.368 | 20.348 | 30.329 | 40.309 | 50.290 |
| 3 | 7.445 | 14.557 | 21.669 | 28.782 | 35.894 |
| 4 | 5.983 | 11.661 | 17.339 | 23.018 | 28.696 |
| 5 | 5.106 | 9.924 | 14.742 | 19.559 | 24.377 |
| 6 | 4.521 | 8.766 | 13.010 | 17.254 | 21.498 |
| 7 | 4.104 | 7.938 | 11.773 | 15.607 | 19.442 |
| 8 | 3.791 | 7.318 | 10.845 | 14.372 | 17.899 |

**Forsendur:** 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,10% vextir - Kostnaður lánaður

**Sæktu um lán...**

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**533 2424 – Sætún 1**

*Miðað við vaxtatöflu S24 21.09.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 30.11.2006.




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| MONSTER HOUSE ENSKT TAL | kl. 3.50 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10.20 |
| GRETTIR 2 ÍSL TAL | kl. 3.50 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 6 og 8 ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| SCOOP | kl. 8 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 6 og 10 B.I. 7 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hljómsveitirnar Oasis, Arctic Monkeys og U2 voru helstu sigurvegarar Q-verðlaunahátíðarinnar í Bretlandi. Var Oasis m.a. kjörin besta hljómsveitin auk þess sem Noel Gallagher fékk verðlaun sem besti lagahöfundurinn. The Arctic Monkeys, sem fékk fjórar tilnefningar, vann Q-verðlaunin fyrir bestu plötuna og sem vinsælasta hljómsveitin, og U2 vann verðlaunin fyrir nýjungagirni sína.



Hjartaknúsarinn Brad Pitt hefur ákært kvikmyndagerðarmann og tökumann fyrir að valsa óboðnir um lóð hans í Hollywood í síðustu viku. Mennirnir, sem voru að taka upp fyrir sjónvarpsstöðina E!, voru reknir eftir að upp komst um athæfi þeirra. Pitt hefur að undanförnu dvalist í Indlandi við kvikmyndatökur ásamt kærustu sinni Angelinu Jolie. Voru þau ekki heima þegar atvikið áttu sér stað en starfsmenn á lóðinni komu auga á mennina.


ÍSLENSKA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍAN KYNNIR

HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS

STUTTMYNDAKEPPNI Á EDDUNNI 2006

FYRIR UNGA KVIKMYNDAGERÐARMENN Á ALDRINUM 15-25 ÁRA

EDDA 2006

Hvatningarverðlaun Landsbankans eru veitt í stuttmyndakeppni Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar sem ætluð er efnilegu kvikmyndagerðarfólki á aldrinum 15 – 25 ára.



FYRSTU VERÐLAUN SONY HDV

Skila skal 5 eintökum á DVD eða VHS ásamt útfylltum og undirrituðum eyðublöðum á skrifstofu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Túngötu 14, 101 Rvík fyrir kl. 17:00 þann 3. nóvember

- SKILAFRESTUR ER FÖSTUDAGURINN 3. NÓVEMBER KL. 17:00
- MYNDIRNAR SKULU VERA ALLT AÐ 20 MÍNÚTUM Á LENGD
- MYNDIRNAR SKULU EKKI VERA ELDRI EN EINS ÁRS
- SÁ SEM SKRÁIR VERK TIL KEPPNI SKAL HAFA TIL ÞESS UMBOÐ FRÁ ÖÐRUM RÉTTHÖFUM

Á Edduhátíðinni 19. nóvember 2006, verða Hvatningarverðlaun Landsbankans veitt í annað sinn. Verðlaunin eru veitt í Stuttmyndakeppni IKSA, en keppnin er hugsuð fyrir stuttmyndir sem gerðar eru af ungu fólki.

Hæfar til keppni eru stuttmyndir sem gerðar hafa verið á síðusta ári af ungu fólki á aldrinum 15-25 ára. Valið verður í undanúrslit úr innsendum verkum þær myndir sem þykja skara fram úr að gæðum.

Skilafrestur á myndum er til kl. 17:00 föstudaginn 3. nóvember nk. Sá sem skráir verk til keppni skal hafa til þess umboð frá öðrum rétthöfum. Dómnefnd er skipuð þremur einstaklingum sem standa framarlega í kvikmyndagerð á Íslandi. Fjallað verður um öll innsend verk og munu viðmið dómnefndar byggja á þáttum eins og sköpun, meðferð tæknilegra þátta, frásagnarstíl og frumleika.

Myndirnar skulu ekki vera meira en 20 mínútur að lengd og mega ekki innihalda efni sem telst til kláms, tilhæfulauss ofbeldis, auglýsingar eða annað sem varðað getur við lög. Þær skal senda inn í fimm eintökum á formatti sem er útsendingarhæft og í viðunandi gæðum fyrir net og sjónvarp.

Undanúrslit verða kunngerð þann 10. nóvember. Myndir sem keppa til verðlaunanna verða sýndar, í heild eða hluta, í Sjónvarpinu sunnudaginn 12. nóvember. Einnig verða þær til sýnis á netinu vikuna fyrir Edduhátíðina og þar mun almenningi gefast kostur á að skoða þær og greiða um þær atkvæði sem vega munu 35% í endanlegu atkvæðagildi.

Þegar atkvæðagreiðslu á netinu er lokið mun dómnefnd taka aftur til starfa og fjalla um myndirnar þrjár. Ákvörðun dómnefndar vegur 65% í endanlegu vali á verðlaunahafa.

Tilgreina skal í nafni hvers sótt er um þátttöku í keppninni og tilgreina hverjir standa að verkinu. Skráningareyðublaði fylgir skilmálablað þar sem upplýsingar um höfundarrétt og leyfisveitingar koma fram og er það forsenda þátttöku að þær upplýsingar séu lesnar og að kvöðum sem þar koma fram sé framfylgt.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.LOGS.IS

Landsbankinn


# Þægilegt og áreynslulaust

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**



**BELA**

HOLE AND CORNER

**Niðurstaða:** Þægileg og áreynslulaus plata sem ætti að geta náð til fjöldans þó hér sé ekkert nýstárlegt né framúrskarandi efni á ferð.

Bela er listamannsnafn Baldvins Ringsted sem búsettur er í Glasgow. Baldvin eða Bela fer ekki leynt með áhrifavalda sína á þessari plötu enda hefur hann opinberlega sagt að Elliott Smith, Nick Drake, America og Crosby, Stills & Nash séu meðal þeirra sem hann leiti til. Reyndar alls ekki óvenjulegt hjá tónlistarmanni í þessum geira. Bela tekst hins vegar furðu vel að skila sínu efni frá sér. Þó oft á tíðum fái maður það á tilfinninguna að hér sé Nick Drake upprisinn þá kann Bela alveg að gera hið fínasta kántrískotið og rólyndis gítarpopp.

Útsetningarnar á plötunni eru fínar, sjaldnast ofhlaðnar heldur þvert á móti. Slide-gítar hér og þar virkar síðan vel til þess að auka áhrifin. Lagaheitin ýta líka vel undir naumhyggjulega stemninguna enda flest öll aðeins eitt orð (til dæmis Stones, Down, Change og Time), einfalt og þægilegt eins og platan sjálf. Reyndar eru tvö af fjórum lögum þar sem hljómsveit (tromma, bassi, píanó og gítar) kemur við sögu með langsterkustu lögum plötunnar, Tune og Ticket for a Train. Ekkert lag er þó svo lélegt að maður þurfi að hoppa yfir það.

Textasmíðar Bela ná hins vegar sjaldan til manns nema þá kannski helst í laginu um hinn dularfulla Jerome. Sterk rödd Baldvins bætir þó að mörgu leyti upp fyrir þetta. Time er til dæmis þægilegur haustslagari þar sem rödd Baldvins, ásamt bakröddun Gemmu Hughes, leyfir manni að slaka á. Lagið lýsir kannski plötunni líka best; þægilegt og áreynslulaust án þess þó að ná einhverjum stórbrotnum hæðum. Eitt að lokum: Að hafa útsaum, prjón eða hvers kyns vefnað á framhlið plötuumslags er jafn ófrumlegt og að hafa þar einhvern labbandi yfir göngubraut.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**BOB DYLAN** Söngleikur með lögum Dylans fær slæma útreið í bandarískum fjölmiðlum.

# Fær slæma dóma

Gagnrýnendur í Bandaríkjunum hafa skotið í kaf nýjan söngleik á Broadway með lögum Bobs Dylan.

„Söngleikurinn The Times They Are A-Changin‘ er svo vondur að hann fær þig til að gleyma því hversu góð lögin eru,“ sagði blaðamaður The Wall Street Journal. Blaðamenn New York Times og Variety voru á sama máli.

Auk titillagsins er lögin Subterranean Homesick Blues, Mr. Tambourine Man og Blowin´ in the Wind að finna í söngleiknum.

Bob Dylan fékk Twylu Tharp, konuna sem setti upp hinn vinsæla söngleik Billys Joel, Movin´ Out, til að gera svipaðan söngleik fyrir sig. Gekk söngleikur Joels í þrjú ár á Broadway við miklar vinsældir. Miðað við viðbrögð gagnrýnenda eru ekki taldar miklar líkur á því að söngleikur Dylans verði lengi á fjölunum.



















SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 5 - 7 - 8 - 10:10 | B.i. 16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5 - 8 | | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 8 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 10:30 | B.i. 12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 3:40-5:50-8-10:10 | B.i. 12 |
| | | | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 5:30-8:30-10 | B.i. 16 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 8 | Leyfð |
| BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 8 | B.i. 12 |
| GUARDIAN | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| THE TEXAS CHAIN... | kl. 10 | B.i. 18 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 8 | B.i. 12 |

www.sambioin.is

www.haskolabio.is
















| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5:50-7-9-10:15 | B.i. 12 | | THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 | | WORLD TRADE CENTER | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| INCONVINIENT TRUTH | kl. 6 | Leyfð | | THE QUEEN | kl. 8 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919




**LIAM GALLAGHER** Hefur ekki mikið álit á Pete Doherty og eiturlyfjaneyslu hans.

# Lifandi grænmeti

Söngvarinn Liam Gallagher hefur nú sagt álit sitt á rokkstjörnunni Pete Doherty og eiturlyfjaneyslu hans. Gallagher segir að rokkarinn frægi sé gangandi kálhaus og vælukjói. „Það hafa allir rokkarar notað eiturlyf og það er ekkert nýtt, en að skrá sig í meðferð af minnsta tilefni í stað þess að taka bara á málunum sjálfur er bara aumingjaskapur og heigulsháttur,“ segir Liam og vandar Doherty ekki kveðjurnar með því að segja að það séu engir alvörurokkarar uppi í dag heldur séu þetta mömmustrákar að reyna að sýnast harðir.



**EMINEM** Ný plata frá rapparanum snjalla er væntanleg í byrjun desember.

# Ný plata frá Eminem

Ný plata frá rapparanum Eminem, The Re-Up, er væntanleg í verslanir 4. desember næstkomandi. Um er að ræða mix-plötu sem Eminem gerði með Dj Whoo Kid.

Á plötunni verða sex ný lög með Eminem, þar á meðal fyrsta smáskífulagið sem nefnist Things Need to Change. Er það tileinkað rapparanum og félaga hans úr D-12, Proof, sem var skotinn til bana fyrr á þessu ári. Meðal fleiri kappa sem koma fram á plötunni eru Dr. Dre, 50 Cent og Jay-Z.

# Mýrin rakar inn peningum í miðasölu

**Kvikmyndin Mýrin gæti orðið vinsælasta kvikmyndin sem Íslendingar hafa gert en ekkert lát er á aðsókninni.**

„Þetta er svakalegt,“ segir Baltasar Kormákur, leikstjóri Mýrarinnar, en kvikmyndin slær hvert metið á fætur öðru. Alls hafa fjörutíu þúsund Íslendingar séð Erlend og félaga leysa morðgátuna í Norðurmýri á tíu dögum og er Baltasar nánast orðlaus yfir velgengninni. „Ég hefði aldrei farið út í þetta ef ég hefði ekki búist við áhorfi en þetta er framar öllum vonum,“ útskýrir leikstjórinn. „Aðferðin sem ég beiti í myndinni er svolítið öðruvísi en í bókinni þannig að ég vissi ekki hvort þetta myndi höfða til jafn breiðs áhorfendahóps og raun ber vitni,“ bætir Baltasar við.

Fjárhagsáætlunin fyrir Mýrina hljóðaði upp á 160 milljónir og hefur miðasalan halað inn rúman fjórðung af þeim kostnaði eða 41 milljón.

„Þetta lítur því vel út fjárhagslega,“ segir Baltasar, sem er þessa stundina að slappa aðeins af eftir stressið sem fylgir því að frumsýna jafn stóra kvikmynd. Leikstjórinn getur þó varla farið út í búð án þess að fólk komið að máli við hann og þakki honum fyrir myndina. „Ég hef bara aldrei upplifað svona viðbrögð með kvikmynd,“ segir Baltasar. Mýrin hefur jafnframt verið víðförul, var frumsýnd á Sauðárkróki og verður væntanlega sýnd á Reyðarfirði 10. nóvember. „Mig og Mugison langar líka mikið að fara til Ísafjarðar og sýna hana þar en þegar aðsóknin er svona mikil í borginni eru öll eintök í notkun,“ segir Baltasar og verða því íbúar landsbyggðarinnar að bíða enn um sinn eftir því að berja vinsælustu mynd landsins augum. **- fgg**



**BALTASAR KORMÁKUR** Á ekki orð yfir því hversu vel Íslendingar hafa tekið Mýrinni.

**ERLENDUR LEYSIR GÁTUNA** Ingvar E. Sigurðsson þykir standa sig með mikilli prýði í hlutverki dáðasta rannsóknarlögreglumanns þjóðarinnar.



**ELLIÐI** Frammistaða Theódórs Júlíussonar hefur vakið mikla athygli og telja margir að Elliði sé mesta illmennið sem komið hafi fram í íslenskri kvikmynd.

# Jackson heiðraður

Fyrrverandi konungur poppsins, Michael Jackson, mun taka á móti heiðursverðlaunum fyrir framlag sitt til tónlistarinnar á heimstónlistarhátíðinni í London.

Hinn 48 ára Jackson hefur ekki komið opinberlega fram í Bretlandi í langan tíma og bíða því margir eftir því að sjá hann á hátíðinni.

Á hátíðinni eru þeir listamenn sem hafa selt meira en hundrað milljónir platna verðlaunaðir. Áður hefur m.a. Mariah Carey hlotið þessi heiðursverðlaun. Á meðal þeirra sem koma fram í London eru Beyoncé, Katie Melua og Mary J. Blige.

Jackson hefur búið í Mið-Austurlöndum síðan hann var sýknaður af ákæru um að hafa misnotað ungan dreng kynferðislega. Er hann sagður vera að undirbúa nýja plötu, sem yrði sú fyrsta frá honum í fimm ár.



**MICHAEL JACKSON** Tónlistarmaðurinn heimsfrægi verður heiðraður í London fyrir framlag sitt til tónlistar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Gamanleikkonan **Rosanne Barr** segist eiga erfitt með að sætta sig við aldurinn en ekki við aukakílóin. Hún segist hafa látið minnka stórlega í sér magann en samt sem áður sé hún alltaf jafnþung.



„Ég át alltaf eins og hestur. Núna geri ég það líka allan daginn en bara í minna magni í einu,“ sagði Rosanne. „Ég er ennþá feit og ég mun alltaf verða það en mér er alveg sama.“

Lög írsku sveitarinnar U2 eru nú spiluð í kirkjum mótmælendasöfnuðar í Bandaríkjunum. Alls eru þau spiluð í 150 kirkjum í fimmtán ríkjum. „Bach og Händel voru vinsælir þegar þeir voru uppi en voru aftur á móti lítið spilaðir í kirkjum. Sálmahöfundar meþódistanna sömdu einu sinni nútímatónlist. Erum við að dýrka **Bono** eins og Guð? Alls ekki,“ sagði presturinn Paige Blair, sem var fyrstur til að fá þessa hugmynd.



Mynd Stanley Kubrick, The Shining með **Jack Nicholson** í aðalhlutverki, hefur við valin besta hryllingsmynd allra tíma í nýrri könnun. Voru það viðskiptavinir verslunarinnar HMV sem tóku þátt í valinu. The Exorcist, sem var efst í sömu könnun í fyrra, lenti í öðru sæti. Þrjár myndir eftir John Carpenter komust á topp fimmtíu og tvær eftir Alfred Hitchcock.






## > Viktor Bjarki fer utan á fimmtudag

Knattspyrnukappinn Viktor Bjarki Arnarsson hefur náð samningum við norska liðið Lilleström um kaup og kjör en félagið keypti hann af Víkingi á dögunum. Viktor Bjarki fer utan á fimmtudag þar sem hann mun gangast undir læknisskoðun. Að henni lokinni verður skrifað undir samninga. Lilleström vill fá Viktor Bjarka strax út í kjölfarið og svo hann geti spilað með liðinu í „Royal league" þar sem bestu félög Skandinavíu etja kappi sín á milli.



**sport**

sport@frettabladid.is

MAREL BALDVINSSON: VAR Í BYRJUNARLIÐI MOLDE SEM TAPAÐI 8-0 Í FYRRADAG EN FALLIÐ BLASIR VIÐ

# *Sjaldan séð aðra eins útreið í efstu deild*

Marel Baldvinsson var í tapliði Molde í norsku úrvalsdeildinni en þá tapaði liðið fyrir Veigar Páli Gunnarssyni og félögum í Stabæk, 8-0. Veigar skoraði tvö markanna og var að sögn Marels óstöðvandi. „Hann svoleiðis rúllaði vörninni okkar upp," sagði Marel.

Hann segist sjaldan hafa orðið vitni að öðru eins. „Ég hef aldrei séð jafn mikla yfirspilun í fótboltaleik í efstu deild. Þeir hreinlega keyrðu yfir okkur," sagði hann. Molde þurfti að vinna leikinn til að eiga enn möguleika á að halda sæti sínu í úrvalsdeildinni.

„Við lentum undir snemma í leiknum. Við börðumst þó áfram og áttum til að mynda skalla í slá en þegar þeir skora öðru sinni þá sá maður að menn koðnuðu niður þá og þegar. Menn áttuðu sig á því hvað væri að gerast, að það væri engin leið úr þessu og það átti sér stað andlegt hrun."

Eftir um hálftíma leik var markverði Molde vikið af velli með rautt spjald og Marel í kjölfarið skipt út af fyrir varamarkvörð liðsins. „Eftir á að hyggja var það bara ágætt því það var nógu vont að horfa á leikinn af hliðarlínunni. Nú erum við fallnir nema við vinnum næsta leik með 20 mörkum og hitt liðið tapi og er það auðvitað ekkert að fara að gerast. Það var því frekar þung stemning á æfingu í dag þar sem menn þurftu að horfast í augu við fallið."



Marel hefur aldrei tekist á við þennan veruleika áður, en segist ætla að taka þessu eins og maður. „Ég sé alls ekki eftir því að hafa komið hingað. Ég á ekki von á öðru en að efna minn tveggja ára samning."

Sem fyrr segir átti Veigar Páll stórleik og segir Marel að hann njóti mikillar virðingar meðal norskra knattspyrnumanna. „Margir hafa kosið hann leikmann ársins í deildinni. Það er ekki nóg með að hann skori heilan helling heldur leggur hann upp heilan haug af mörkum."

Marel hlaut gullskóinn í ár en hann skoraði ellefu mörk með Blikum áður en hann var seldur til Noregs. Hann var einnig valinn í lið ársins. „Það var góður bónus á tímabilinu og alltaf gaman þegar manni hlotnast álíka heiður."



**KIA JOORABCHIAN** Stendur samkvæmt breskum fjölmiðlum betur en Eggert Magnússon í baráttunni um West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Niðurstaða væntanleg hjá West Ham:

# Eggert Magnússon að missa af West Ham

**FÓTBOLTI** BBC greindi frá því í gær að framtíð West Ham yrði ráðinn í þessari viku en eins og kunnugt er berjast tveir hópar um völdin í félaginu og fyrir öðrum hópnum fer Eggert Magnússon, fomaður KSÍ.

Samkvæmt BBC standa Eggert og félagar höllum fæti í baráttunni við Írananann Kia Joorabchian sem er dyggilega studdur af Ísraelanum Eli Papouchaldo.

Alan Pardew, knattspyrnustjóri félagsins, hefur sagt að óvissan í kringum félagið skili sér í slökum leik á vellinum en lítið hefur gengið hjá West Ham það sem af er vetri,

„Því fyrr sem við fáum botn í þessi mál, þeim mun betra fyrir alla. Ég hef séð það frá fyrstu hendi hversu skemmandi þessi óvissa er. Það verður allt mikið betra þegar búið er að ganga frá öllum þessum málum," sagði Pardew við BBC í gær. **- hbg**




# Við munum gera eitthvað

**Kjartan Daníelsson, formaður landsliðsnefndar kvenna, segir að nefndin muni örugglega gera eitthvað varðandi muninn á greiðslum til handa karla- og kvennalandsliði Íslands. Eggert Magnússon, formaður KSÍ, neitaði að tjá sig.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið greindi í gær frá sláandi mun sem er á greiðslum til handa A-landsliði karla og kvenna. Strákarnir í karlaliðinu fá greiddar 40.000 krónur fyrir hvert verkefni í dagpeningagreiðslur sem og árangurstengdar greiðslur. Þeir hafa verið að fá 100.000 krónur fyrir sigurleiki en munu hækka í 120-150.000 krónur í núverandi undankeppni.

Stelpurnar í A-landsliði kvenna fá einnig dagpeningagreiðslur en eingöngu í útileikjum. Síðasta dagpeningagreiðsla var 8.700 krónur sem gerði rúmlega 2.000 krónur á dag. Engir dagpeningar eru greiddir fyrir heimaleiki eins og áður segir þótt stelpurnar verði fyrir sama vinnutapi í heimaleikjum og í útileikjum. Engar árangurstengdar greiðslur eru til handa stúlkunum og hafa aldrei verið.

Fréttablaðið setti sig í samband við Eggert Magnússon, formann KSÍ, í gær og spurði hann út í málið.

„Ég hef ekkert um málið að segja á þessu stigi. Ég er staddur erlendis og hef ekki séð þessa grein. Við munum samt væntanlega svara henni með yfirlýsingu," sagði Eggert en af hverju gefur hann ekki kost á viðtali? „Af því ég hef engan áhuga á að gefa ykkur viðtal að svo stöddu. Menn vita ekki alveg hvað þeir eru að gera," sagði Eggert og lagði síðan á. Yfirlýsingin kom seinni partinn í gær og má lesa hér að neðan. Þess má geta að Eggerti hefur verið hampað fyrir að auka veg og vanda kvennaknattspyrnunnar og hann fékk til að mynda „Bleika steininn" frá Femínistafélagi Íslands árið 2004.

Fréttablaðið hafði einnig samband við Kjartan Daníelsson, formann landsliðsnefndar kvenna, og óskaði eftir viðbrögðum við þessum mun á greiðslum.

„Það er framkvæmdastjórnin sem ákveður þessar greiðslur en ekki við," sagði Kjartan en telur hann þessar greiðslur sanngjarnar? „Hvað er sanngjarnt í þessu? Auðvitað vildum við fá meira af peningum inn í kvennaboltann en megnið af tekjunum kemur í gegnum karlaboltann og kvenfólkið hefur notið góðs af því."

Aðspurður sagði Kjartan að landsliðsnefndin hefði ekkert gert til þess að rétta þennan launamun en mun nefndin beita sér fyrir því að stelpurnar fái hærri greiðslur í ljósi nýjustu upplýsinga?

„Við munum alveg örugglega gera eitthvað," sagði Kjartan en hvað ætlar nefndin nákvæmlega að gera? „Það get ég ekki sagt þér núna."

**henry@frettabladid.is**



**EGGERT MAGNÚSSON** Vildi ekki tjá sig um launamál landsliðsmanna Íslands í knattspyrnu. Hann hafnaði beiðni um viðtal og sagðist mundu svara með yfirlýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Yfirlýsing frá KSÍ vegna fréttar Fréttablaðsins um greiðslur til landsliðsmanna:

# Tekjur af karlalandsliðinu greiða kostnað kvennanna

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna fréttar Fréttablaðsins um greiðslur sambandsins til landsliðskarla og -kvenna. Hún er svohljóðandi:

„Vegna fréttar Fréttablaðsins um greiðslur til leikmanna A landsliða Íslands í knattspyrnu vill KSÍ koma eftirfarandi á framfæri:

KSÍ hefur markvisst byggt upp kvennaknattspyrnu á liðnum áratug þrátt fyrir að litlar sem engar tekjur hafi verið af þeirri starfsemi. Þær litlu tekjur sem þó hafa fengist hafa verið í formi styrkja sem hvergi nærri hafa staðið undir rekstrinum. Kostnaður við rekstur A landsliðs kvenna og þriggja yngri landsliða kvenna er að mestu greiddur af tekjum A landsliðs karla. Þetta er sá raunveruleiki sem við blasir. Tekjur A landsliðs karla byggjast á áhuga almennings á leikjum liðsins og réttindagreiðslum vegna sjónvarpsútsendinga frá þeim, mest erlendis frá.

KSÍ hefur átt mikið og gott samstarf á vettvangi knattspyrnunnar við systursamtök sín á Norðurlöndum og þar er þessum málum svipað farið og hér á landi.

KSÍ hefur reynt að jafna stöðu leikmanna í kvennalandsliðum sl. áratug gagnvart karlalandsliðum - enn er þó langt í land að fullur jöfnuður náist þegar kemur að A landsliðum. Það er verkefni komandi ára að bæta þar úr."

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

# X-FACTOR Á STÖÐ 2

HEFST 17. NÓVEMBER



### SAGA X-FACTOR

X-Factor er hæfileikakeppni hönnuð af Simon Cowell Idol-dómara. X-Factor sló öll áhorfsmet í Bretlandi og er meira að segja orðin vinsælli en Idol.



### X-FACTOR Á ÍSLANDI

X-Factor sem hefst 17. nóvember verður án efa stærsti sjónvarpsviðburður í tuttugu ára sögu Stöðvar 2 og verðugur arftaki Idol Stjörnuleitar.



### ÁHEYRNARPRÓFIN SKRAUTLEG

Áheyrnarprófin sem fóru fram 3. og 14. október voru skemmtilegri og skrautlegri en nokkru sinni áður. Fólk á öllum aldri var velkomið og einnig sönghópar.



### SLAGUR DÓMARANNA

Þegar 90 keppendur eru eftir er þeim skipt í þrjá hópa. Dómararnir taka að sér hver sinn hóp og keppast um að skapa næstu poppstjörnu Íslands.

### ÚRSLITIN Í BEINNI

Þeir 12 hæfileikaríkustu keppa til úrslita í beinum útsendingum.



## NÚ NÆST STÖÐ 2 Á ADSL OG BREIÐBANDSKERFI SÍMANS!

FRÁBÆRT KYNNINGARTILBOÐ FYRIR NOTENDUR ADSL OG BREIÐBANDSLYKLA SÍMANS

Þú greiðir nóvember á tilboðsverði 4.995 krónur og færð dagana fram til 5. nóvember frítt, Stöð 2 Bíó fylgir með.

Sæktu tilboðið á stod2.is.

Í SAMSTARFI VIÐ

Skjárinn – á þínu valdi!

Breiðband Símans

GOTT FÓLK McCANN

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin*

MANCHESTER CITY-MIDDLESBROUGH 1-0
1-0 Richard Dunne (23.)

### *Iceland Express deild karla*

GRINDAVÍK-ÍR 103-71
**Stig Grindavíkur**: Steven Thomas 39 (11 frák.), Páll Axel Vilbergsson 19, Adam Darboe 9, Þorleifur Ólafsson 7, Páll Kristinsson 6 (10 frák.), Björn Brynjólfsson 6, Davíð Hermansson 6, Sigurður Gunnarsson 5, Sigurður Sigurbjörnsson 4, Ólafur Ólafsson.
**Stig ÍR**: Fannar Helgason 16, LaMar Owen 13, Sveinbjörn Claessen 11, Ómar Örn Sævarsson 11 (10 frák.), Ólafur Sigurðsson 8, Steinar Arason 4, Davíð Fritzson 4, Trausti Stefánsson 2, Eiríkur Önundarson 2.
SNÆFELL-ÞÓR ÞORLÁKSHÖFN 80-76

### *Iceland Express deild kv.*

ÍS-KEFLAVÍK 63-72
**Stig ÍS**: Lovísa A. Guðmundsdóttir 19, Hafdís E. Helgadóttir 12 (9 frák.), Helga Jónsdóttir 11 (11 frák.), Þórunn Bjarnadóttir 10 (8 frák., 7 stoðs.), Tinna B. Sigmundsdóttir 7, Berglind K. Ingvarsdóttir 4.
**Stig Keflavíkur**: Margrét Kara Sturludóttir 22 (16 frák., 7 stoðs., 7 stolnir boltar), TaKesha Watson 21, Marín Karlsdóttir 9, Bryndís Guðmundsdóttir 8 (11 frák.), Ingibjörg E. Vilbergsdóttir 7, Svava Ó. Stefánsdóttir 5.

### *Sænska úrvalsdeildin*

DJURGÅRDEN-ÖSTER 2-0
**Sölvi Geir Ottesen** var á varamannabekk Djurgården en **Kári Árnason** lék ekki vegna meiðsla. **Helgi Valur Daníelsson** lék allan leikinn fyrir Öster.
GAIS-AIK 0-0
**Jóhann B. Guðmundsson** lék ekki með GAIS vegna meiðsla.
MALMÖ-IFK GAUTABORG 2-1
**Emil Hallfreðsson** lék allan leikinn fyrir Malmö og lagði upp fyrra mark liðsins.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ELFSBORG** | **25** | **12** | **11** | **2** | **40-19** | **47** |
| AIK | 25 | 12 | 10 | 3 | 43-23 | 46 |
| **HELSINGB.** | **25** | **11** | **9** | **5** | **44-31** | **42** |
| DJURGÅRDEN | 25 | 11 | 7 | 7 | 31-24 | 40 |
| **KALMAR** | **25** | **11** | **5** | **9** | **36-28** | **38** |
| MALMÖ | 25 | 10 | 8 | 7 | 43-36 | 38 |
| **HAMMARBY** | **24** | **11** | **7** | **6** | **37-30** | **37** |
| IFK GAUTAB. | 25 | 9 | 8 | 8 | 39-36 | 35 |
| **GEFLE** | **24** | **8** | **6** | **10** | **26-36** | **30** |
| GAIS | 25 | 5 | 11 | 9 | 23-31 | 26 |
| **HALMSTAD** | **25** | **5** | **11** | **9** | **22-30** | **26** |
| HÄCKEN | 25 | 3 | 10 | 12 | 26-41 | 19 |
| **ÖSTER** | **25** | **4** | **7** | **14** | **18-44** | **19** |
| ÖRGRYTE | 25 | 3 | 8 | 14 | 22-41 | 17 |



**DUNNE** Fyrirliðinn tryggði City sigurinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Dunne tryggði City sigur

**FÓTBOLTI** Fyrirliði Manchester City, Richard Dunne, skoraði eina mark leiks Manchester City og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Hann skallaði knöttinn í markið eftir hornspyrnu Joey Barton.

Varamaður Boro, Massimo Maccarone, skaut tvívegis í slána á marki City undir lok leiksins en náði ekki að skora.

Ben Thatcher, leikmaður City, var í byrjunarliði liðsins í fyrsta sinn eftir að hann afplánaði átta leikja bann fyrir afar gróft brot á Pedro Mendes, leikmanni Portsmouth. - esá

Haraldur F. Guðmundsson:

## Framlengir hjá Álasundi

**FÓTBOLTI Haraldur Freyr Guðmundsson hefur framlengt samning sinn við norska 1. deildarliðið Álasund til næstu þriggja ára. Ein umferð er eftir í deildinni og hefur liðið þegar tryggt sér úrvalsdeildarsæti á nýjan leik eftir eins árs fjarveru.**

**Haraldur hefur aðeins misst af einum leik í sumar og verið tekinn út af í einum leik. Annars hefur hann leikið alla leiki liðsins í 1. deildinni í ár.** - esá

Tveir leikir í Iceland Express deild karla í gær:

# Grindavík vann ÍR og er enn taplaust

**KÖRFUBOLTI** Grindavík vann í gær sinn fjórða leik í röð í Iceland Express deild karla og er liðið því enn taplaust. Í gær unnu Grindvíkingar lið ÍR með 32 stiga mun, 103-71.

ÍR-ingar héldu í við heimamenn framan af leik og var leikurinn jafn í stöðunni 25-25. Grindvíkingar keyrðu þá upp hraðann og náðu tólf stiga forskoti áður en fyrri hálfleik lauk. Í síðari hálfleik bættu heimamenn enn betur í, þéttu vörnina og náðu hægt og rólega að bæta við forskotið sem endaði í 32 stigum.

Grindvíkingar léku afar vel í leiknum og var Steven Thomas sjóðheitur með 39 stig. ÍR-ingar hafa nú aðeins unnið einn leik í deildinni til þessa og er það áhyggjuefni fyrir Bárð Eyþórsson þjálfara.

„Við settum okkur það markmið að vinna þessa fyrstu fjóra leiki tímabilsins og það hefur gengið eftir. Við ætlum okkur líka að vera efstir í deildinni eftir leikinn í Njarðvík á fimmtudaginn en það verður auðvitað hörkuleikur," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur eftir leik. „Þetta verður prófraun fyrir okkur enda Njarðvíkingar með sterkt lið. Við þurfum að eiga toppleik ef við ætlum okkur að vinna þar. Sannkallaður Suðurnesjaslagur af bestu gerð."

Í hinum leik kvöldsins vann Snæfell sigur á Þór frá Þorlákshöfn, 80-76. - esá



**ÖFLUGUR** Páll Axel Vilbergsson Grindvíkingur í leiknum gegn ÍR. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

# Landsliðsmenn í körfubolta og handbolta spila fyrir heiðurinn

**Á meðan karlalandslið Íslands í knattspyrnu fær greidda sanngjarna dagpeninga bera landsliðsmenn í handboltanum og körfuboltanum ekkert úr býtum. Handboltamenn fá sáralitla dagpeninga á erlendri grundu en enga heima. Körfuboltamenn fá ekkert og hjá hvorugu landsliðinu eru bónusar.**

**ÍÞRÓTTIR** Eins og Fréttablaðið hefur greint frá fá leikmenn A-landsliðs karla greitt fyrir að spila með landsliðinu. Strákarnir fá 40 þúsund krónur í dagpeninga fyrir hvert verkefni og svo 40-50 þúsund króna bónus fyrir hvert stig sem liðið nælir í. Slíkt hið sama er ekki uppi á teningnum hjá stelpunum, sem fá engan bónus og enga dagpeninga fyrir landsleiki á heimavelli. Þær fá dagpeninga fyrir útileiki sem eru um 2.000 krónur á dag.

Hvernig er staðan í hinum boltaíþróttunum? Fréttablaðið fór á stúfana og komst að því að landsliðsmenn okkar í handbolta og körfubolta hafa það ekki eins gott og fótboltastrákarnir.

Reyndar skal haft í huga að mikill munur er á umhverfi KSÍ, KKÍ og HSÍ. KSÍ fær drjúgan pening frá UEFA og FIFA og einnig fær sambandið drjúgan skilding vegna sjónvarpsréttar. KSÍ skilar milljónahagnaði á ári hverju á meðan tekjumöguleikarnir í handboltanum og körfuboltanum eru ekki eins miklir og þau sambönd fá heldur ekki þann fjárhagslega stuðning frá alþjóðasamböndunum og KSÍ. Fyrir vikið hafa HSÍ og KKÍ barist í bökkum enda ekki úr miklum peningum að moða.

**TÖLURNAR**

**Dagpeningar**

| | |
|---|---|
| Handbolti kk. | 2070 kr. |
| Handbolti kvk. | 2070 kr. |
| Körfubolti kk. | 0 kr. |
| Körfubolti kvk. | 0 kr. |
| Knattspyrna kk. | 40.000 kr. (á leik) |
| Knattspyrna kvk. | 8700 kr |

(Fyrir hvern leik. Gildir aðeins í útileikjum. Engir dagpeningar á heimaleikjum.)



**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON** Spilar frítt fyrir íslenska körfuboltalandsliðið.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Verður seint ríkur af þátttöku sinni með landsliðinu.

### 30 dollarar á dag erlendis

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði við Fréttablaðið að sambandið sæi til þess að leikmenn lentu ekki í neinum kostnaði meðan þeir væru á vegum sambandsins. Einar vildi ekki segja hversu háar greiðslur leikmennirnir fengju en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fá landsliðsmenn Íslands í handbolta 30 dollara á dag á meðan þeir eru í verkefnum erlendis. Það eru rúmar 2.000 íslenskar krónur.

Þessar greiðslur eiga eingöngu við á erlendri grundu og landsliðsmennirnir þiggja engar greiðslur þegar þeir eru á Íslandi á vegum HSÍ. Þessa upphæð hafa leikmenn verið að fá í rúm tíu ár. Kvennalandsliðið fær sömu greiðslur og karlarnir en fyrir hvorugt liðið eru árangurstengdar greiðslur í boði. Stelpurnar sátu reyndar til langs tíma á hakanum en HSÍ hefur rétt þeirra hlut og jafnað greiðslur til kynjanna.

### Engir peningar í körfunni

Körfuboltalandsliðin íslensku eru sér á báti því þar eru nákvæmlega engar greiðslur í gangi, hvorki dagpeningar né bónusgreiðslur. Á það jafnt við um landslið karla og kvenna.

„Það eru hreinlega ekki peningar til skiptanna og leikmenn eru meðvitaðir um það. Það hefur hins vegar verið komið til móts við leikmenn eins og kostur er fyrir menn sem koma langt að og þurfa bensínpening og annað. Við viljum ekki að menn borgi með sér," sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ. „Svo eru leikmenn að leggja mikið á sig og fórna ýmsu eins og sumarfrísdögum. Fyrir það erum við þakklátir enda er það ekki svo að við viljum ekki greiða þessu góða fólki laun."



ÍÞRÓTTALJÓS
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
henry@frettabladid.is

Barcelona tekur á móti Chelsea í Meistaradeild Evrópu í kvöld:

# Rijkaard ber engan kala til Mourinho

**FÓTBOLTI** Í kvöld tekur Barcelona á móti Chelsea í Meistaradeild Evrópu en liðin mættust í síðustu viku á Stamford Bridge þar sem Didier Drogba skoraði eina mark leiksins fyrir heimamenn. Drogba meiddist í leik gegn Sheffield United um helgina en fór með liðinu til Barcelona og vonast til að vera orðinn klár í slaginn í kvöld. Félagi hans í sókninni, Andriy Shevchenko, gerði slíkt hið sama en hann gat ekki spilað með Chelsea um helgina.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur verið í byrjunarliði Barcelona síðan Samuel Eto'o meiddist og ekki ástæða til að ætla að það breytist í kvöld. Hann fékk að vítaspyrnu í sigri Börsunga á Recreativo á Nou Camp um helgina en skoraði ekki í 3-0 sigri liðsins. Hann er markahæstur leikmanna liðsins, ásamt Eto'o, með fjögur mörk en á þó enn eftir að skora á heimavelli. Hann gæti



**Í GRASINU** Eiður Smári í leik Barcelona gegn Recreativo um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP

breytt því í kvöld gegn sínum gömlu félögum. Lionel Messi er klár í slaginn á ný eftir að hafa átt við meiðsli á ökkla að stríða.

Chelsea er með fullt hús stiga eftir þrjár umferðir en Börsungar með fjögur stig, rétt eins og Werder Bremen. Eiður og félagar verða því helst að sigra í kvöld.

Frank Lampard er þó varkár og segir sína menn verða að vera á varðbergi, þrátt fyrir fimm stiga forskot í riðlinum. „Börsungar munu færa sér það í nyt ef við mætum kærulausir til leiks. Við verðum að vera duglegir að halda boltanum og vera rétt stemmdir, rétt eins og í fyrri leiknum," sagði Lampard.

Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, virtist þó rólegur sem ávallt en það er einkennandi nú fyrir leiki liðanna að fjölmiðlastríð félaganna hefur verið í algeru lágmarki. Rijkaard segir að hann beri meira að segja virðingu fyrir Mourinho. „Mourinho er frábær þjálfari og allir hafa sínar aðferðir. Ég hef aldrei lent í neinum vandræðum með Mourinho," sagði Rijkaard. Um leikinn sagði hann að það væri nauðsynlegt að ná í þrjú stig. „Ég hef ekkert lært af leiknum í London. Bara það að við töpuðum og við spiluðum ekki vel. En við höfum spilað nokkrum sinnum gegn Chelsea og vitum hvernig liðið spilar." - esá

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | |
|---|---|
| **BARCELONA-CHELSEA** | **A-RIÐILL** |
| BAYERN MÜNCHEN-SPORTING | B-RIÐILL |
| **LEVSKI SOFIA-WERDER BREMEN** | **A-RIÐILL** |
| LIVERPOOL-BORDEAUX | C-RIÐILL |
| **PSV-GALATASARAY** | **C-RIÐILL** |
| ROMA-OLYMPIAKOS | D-RIÐILL |
| **SHAKHTAR DONETSK-VALENCIA** | **D-RIÐILL** |
| SPARTAK MOSKVA-INTER MILAN | B-RIÐILL |



**DJORKAEFF** Áhorfendur hylla kappann eftir hans síðasta leik með New York Red Bull. NORDIC PHOTOS/AFP

Youri Djorkaeff:

## Leggur skóna á hilluna

**FÓTBOLTI** Franski fótboltasnillingurinn Youri Djorkaeff tilkynnti í gær að hann væri hættur knattspyrnuiðkun sem atvinnumaður. Hann var í liði Frakka sem varð heimsmeistari árið 1998 og Evrópumeistari tveimur árum síðar. Hann lék bæði með Blackburn og Bolton í ensku úrvalsdeildinni en nú síðast með New York Red Bull í bandarísku MLS-deildinni.

Nú eru aðeins fjórir leikmenn enn að sem unnu áðurnefnda tvennu; þeir Patrick Vieira, Thierry Henry, David Trezeguet og Lilian Thuram. - esá



**KUSZCZAK** Í leiknum fræga þar sem nafn hans var rangt stafsett á treyju hans. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tomasz Kuszczak:

## Valinn í pólska landsliðið

**FÓTBOLTI Markvörðurinn Tomasz Kuszczak var í gær valinn í pólska landsliðshópinn í fyrsta skipti en hann er markvörður hjá Manchester United. Hann var á milli stanganna hjá liðinu í deildabikarkeppninni er liðið mætti Crewe en þar áttu þau skondnu mistök sér stað að nafn hans á treyjunni var rangt stafsett.**

**Pólverjar mæta Belgum í undankeppni EM 2008 í næsta mánuði en ásamt Kuszczak voru markverðirnir Artur Boruc hjá Celtic og Mariusz Pawelek frá Wisla Krakow valdir.** - esá



**SOL DAVIS** Fékk slag í rútu Luton á laugardaginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sol Davis:

## Gengst undir rannsóknir

**FÓTBOLTI** Sol Davis, leikmaður Luton Town, mun á næstu dögum gangast undir rannsóknir á heila og hjarta eftir að hafa fengið slag í rútu liðsins á laugardaginn var.

„Honum líður ágætlega en leiðist þó nokkuð," sagði Mike Newell, stjóri Luton. „Hann mun nú gangast undir rannsóknir og vonandi mun hann hafa náð sér af fullu eftir þrjá til sex mánuði."

Liðið var á leið til Ipswich þegar atvikið átti sér stað. Því var haldið leyndu þar til eftir leikinn, sem Luton tapaði 5-0. - esá

Veigar Páll Gunnarsson fékk kassa af bjór frá stuðningsmönnum Stabæk:

# Veigar Páll valinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson var á sunnudagskvöldið valinn leikmaður ársins úr röðum leikmanna norska úrvalsdeildarliðsins Stabæk af stuðningsmönnum liðsins. Hefur hann skorað sautján mörk í deildinni í ár en félagi hans, Svíinn Daniel Nannskog, hefur skorað einu marki meira. Er hann markahæsti leikmaður deildarinnar. Veigar er hins vegar ofar í einkunnagjöf fjölmiðlanna í Noregi og því virðast stuðningsmenn Stabæk vera sammála.

„Þetta er mikill heiður," sagði Veigar Páll í samtali við Budstikke. „Ég vil þakka stuðningsmönnunum kærlega fyrir að velja mig leikmann ársins. Valið kom mér mjög á óvart."

Stabæk vann sér sæti í úrvalsdeildinni síðastliðið haust og hefur gengið vel í deildinni. Liðið er í fimmta sæti þegar ein umferð er óleikin og má vel við una. Bæði Veigar Páll og Nannskog voru tilnefndir sóknarmenn ársins. Þeir skrifuðu báðir undir langtíma samninga við félagið í sumar, nú síðast Nannskog en tilkynnt var um samning hans um síðustu helgi. Báðir tveir eru þó eftirsóttir af liðum víða í Evrópu.

„Ég er ótrúlega glaður yfir að hann verður áfram," sagði Veigar Páll. „Það er afar mikilvægt. Hann veit, rétt eins og allir í félaginu, að ég vil spila með honum í framlínunni. En það er ekki satt að bara við tveir náum vel saman. Við þurfum að ná því með öllum í liðinu."

Þeir félagar hafa skorað 35 af 48 mörkum liðsins í deildinni í sumar og er það fáheyrt að tveir framherjar reynist jafn drjúgir fyrir sama liðið á einu tímabili.

Eins og hefð gerir ráð fyrir fær leikmaður ársins hjá Stabæk einn kassa af bjór að gjöf frá stuðningsmönnunum. - esá



**VEIGAR PÁLL** Leikmaður ársins hjá stuðningsmönnum Stabæk. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX



**DAVID BECKHAM** Þreyttur á orðrómunum eins og sjá má. NORDIC PHOTOS/AFP

David Beckham:

## Fer ekki frá Real í janúar

**FÓTBOLTI David Beckham, leikmaður Real Madrid, reyndi í eitt skipti fyrir öll að kveða niður þann orðróm að hann sé á leið frá Real Madrid og aftur til Englands. „Ég er ekki að velta því fyrir mér að fara. Og ég fer ekki neitt í janúar," sagði Beckham en samningur hans rennur út í sumar. Orðrómur hefur því verið á kreiki að Real vilji selja leikmanninn þegar félagaskiptagluggin opnast í janúar.**

**Mörg félög hafa verið orðuð við Beckham, nú síðast Celtic og Tottenham.** - esá

Shay Given:

## Byrjaður að æfa á nýjan leik

**FÓTBOLTI** Shay Given, markvörður írska landsliðsins og Newcastle, hefur hafið æfingar á nýjan leik eftir að hann meiddist í leik gegn West Ham hinn 17. september. Hann lenti í samstuði við Marlon Harewood með þeim afleiðingum að magi Givens rifnaði.

Síðan Given meiddist hefur Newcastle aðeins náð í tvö stig af átján mögulegum í ensku úrvalsdeildinni. - esá


# Helmingurinn af ánægjunni



**KEF KHT6000**

Njóttu þess í botn að hlusta á góða tónlist í hátölurum sem búa yfir tækni sem engir aðrir hátalarar geta státað af.

Það sem gerir KHT6000 hátalarana frá **KEF** einstaka er svokölluð ACE-tækni (Acoustic Compliance Enhancement). **KEF** hefur kollvarpað lögmálinu um að krafturinn í hljómburðinum sé í réttu hlutfalli við stærðina á hátalaraboxinu.

Tækni **KEF** byggir á því að setja örlitlar agnir af sérstöku kolefni í hátalaraboxið.

**Kolefnin** minnka loftþrýstinginn í boxinu sem gefur hátalaranum meira rými til að hreyfast fram og til baka.



Þannig verður til meiri dýpt og hljómurinn úr litlu boxi verður kraftmeiri heldur en úr stærra hátalaraboxi.

Fyrir utan háþróaða tækni hefur **KEF** lagt mikla áherslu á glæsilegt útlit, nútímalega og stílhreina hönnun sem fyrir marga er hinn helmingurinn af ánægjunni.

KEF®



PIPAR • SÍA • 60580

Hátækni

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

## > Wentworth Miller



Þessi ungi herra er heldur betur búinn að slá í gegn í framhaldsþáttunum „Prison Break“ sem sýndir eru á Stöð 2. Hann fæddist 2. júní 1972 í Englandi en ólst upp í Brooklyn í New York. Fyrir utan Prison Break er hann búinn að vera gestaleikari í þáttum eins og ER, Buffy og Joan of Arcadia.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VILL BERJAST FYRIR FJARSTÝRINGUNNI

# *Stelpuþættir og strákaþættir*

Eins og gengur á gerist á hverju einasta heimili í bænum er stundum smá kýtingur um fjarstýringuna. Karlkynið hefur þó oftast yfirhöndina enda við kvenfólkið kannski minna fyrir imbann en þeir, eða hvað?

Fékk að heyra það frá húsbóndanum á heimilinu að fyrst ég fengi nú að horfa á alla mína stelpuþætti óáreitt gæti ég alveg haft þolinmæði fyrir mótorhjólaþætti á Discovery-stöðinni sem stendur yfir í þrjá tíma. Þar eru risavaxin tröll að handfjatla ýmiss konar farartæki og ekki beint mín uppskrift að góðu sunnudagskvöldi. Þetta fékk mig hinsvegar til að hugsa hvaða þættir eru „stelpuþættir“ og hverjir geta flokkast undir þann hatt að vera „strákaþættir“? Fyrst í huga koma auðvitað fyrirsætuþættirnir góðkunnu America´s Next Top Model og hjúskaparmiðlanir á borð við The Bachelor sem eiga að vera hinir bestu stelpuþættir. Vandamálið er bara að strákar horfa alveg jafn mikið á þá þætti og stelpur. Myndatakan í þáttunum er meira að segja gerð meira með hugarheim stráka í huga en stelpna þar sem nærmyndir af rössum, brjóstum og fallegu kvenfólki höfða oftast nær meira til þeirra. Þannig að það er eiginlega að segja að svoleiðis þættir séu „bisexual þættir“. Nú, dramaþættir eins og Related og Sex and the City falla hins vegar algjörlega í þennan stelpuflokk sem og spjallþættirnir sem hins vegar fara í kerlingaflokkinn. Strákar virðast vera með algert ofnæmi fyrir spjallþáttum á borð við Opruh Winfrey og Dr. Phil.



**FYRIRSÆTUÞÆTTIR** af hinum ýmsu gerðum fylla skjái sjónvarpsins en eru þeir gerðir meira fyrir stráka eða stelpur?

Strákaefni í sjónvarpi er hins vegar mikið og margt ef marka má allan fjöldann af íþróttarásum og nýjustu tækni og vísinda-þáttum svo ekki sé talað um aragrúa af lögreglu- og spennuþáttum sem fyllir dagskrá stöðvanna. Þetta er að vissu marki strákaefni sem við konurnar höfum ekkert sérstaklega gaman af.

Hér með lýsi ég eftir skemmtilegu stelpuefni, helst einhverju sem inniheldur ekki útlitsdýrkun, þannig að við höfum fyrir einhverju að berjast í hinu fræga fjarstýringastríði heimilanna.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Queer Eye for the Straight Guy SKJÁR EINN



▶ **20.15** Veronica Mars SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs SÝN



▶ **22.00** People I Know STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **00.45** Old School STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið (8:26)** (Maggie and the Ferocious Beast)
**18.25 Andlit jarðar (15:16)** Stuttir þættir með svipmyndum héðan og þaðan af Jörðinni. e.
**18.30 Kappflugið í himingeimnum**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Veronica Mars (9:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna. Meðal leikenda eru Kristen Bell, Percy Daggs, Teddy Dunn, Jason Dohring, Ryan Hansen, Francis Capra, Tessa Thompson og Enrico Colantoni.
**21.00 Svona var það (16:22)** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð um ungt fólk á áttunda áratugnum. Með aðalhlutverk fara Ashton Kutcher, Mila Kunis, Topher Grace, Danny Masterson og Laura Prepon.
**21.25 Nærmynd** Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjallað um Svíann Josef Fares sem nýlega hlaut Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.20 Lögmál Murphys (4:6)** (Murphy's Law, Ser. 3) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Örninn (1:8)** (Ørnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. Meðal leikenda eru Jens Albinus, Ghita Nørby, Marina Bouras, Steen Stig Lommer, Janus Bakrawi, Susan A. Olsen, David Owe. e.
**0.15 Kastljós**
**0.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Tom Thumb & Thumbelina **8.00** What a Girl Wants **10.00** Anger Management **12.00** Bridget Jones: The Edge of Reason **14.00** Tom Thumb & Thumbelina **16.00** What a Girl Wants **18.00** Anger Management **20.00** Bridget Jones: The Edge of Reason ▶**22.00** People I Know **0.00** Elsker dig for evigt **2.00** Twelve Mile Road **4.00** People I Know

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í fínu formi 2005 9.35 Martha 10.20 Ísland í bítið (e) 12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours 13.05 My Sweet Fat Valentina 13.50 Silfur Egils 15.25 Meistarinn (17:22) (e) 16.10 Shin Chan 16.35 Mr. Bean 16.55 He Man 17.15 Nornafélagið 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (2:21) (e)** Íbúar Springfield-borgar skiptast í tvær fylkingar þegar símafyrirtækið kemur upp nýju svæðisnúmerakerfi.
**20.05 Amazing Race** (Kapphlaupið mikla) Liðin eru enn í Brasilíu og nú reynir á hvort lofthræðslan muni tefja fyrir þeim. 2006.
**20.50 NCIS (17:24)** (Glæpadeild sjóhersins) Nafnplata sjóliða finnst í þjóðgarði og grunur leikur á um að honum hafi verið ráðinn bani. Bönnuð börnum.
**21.35 Prison Break** (Flóttinn) (3:22) Meiðslin á Lincoln hægja á flótta þeirra Michaels undan Mahone sem nær hægt og bítandi að saxa á þá bræður. Þótt Bellick sé leystur frá störfum hefur hann ekki gefið vonina að finna fangana og fær til þess góðan liðstyrk. Bönnuð börnum.
**22.20 Shield (9:11)** (Sérsveitin) Sérsveitin ætlar sér að borga lausnargjald fyrir Lem til að fá hann lausan úr fangelsi. Stranglega bönnuð börnum.
**23.10 Numbers (2:24)** (Tölur)
**23.55 Deadwood (9:12)** (Amateur Night) Stranglega bönnuð börnum.
▶**0.45 Old School** (Gamli skólinn)Grínmynd um þrjá félaga í alvarlegri tilvistarkreppu. Mitch, Frank og Beanie hafa mátt þola ýmislegt en þeir halda að lausn vandans sé að upplifa ungdómsárin aftur. Þremenningarnir leigja sér stórt hús nærri gamla skólanum sínum og taka upp gamla siði og venjur. Bönnuð börnum.
**2.15 Jane Doe** Hörkuspennandi sjónvarpsmynd. Stranglega bönnuð börnum.
**3.40 Identity** (Einkenni) Hrollvekjandi spennumynd. Úti geisar stormur en gestirnir á gistihúsinu hrósa happi því þeir telja sig óhulta fyrir veðurofsanum. Aðalhlutverk: John Cusack, Ray Liotta, Amanda Peet. Leikstjóri: James Mangold. 2003. Stranglega bönnuð börnum.
**5.10 The Simpsons (2:21) (e)**
**5.35 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Innlit / útlit (e) 15.35 Surface (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö**
**19.00 Melrose Place**
**19.45 Out of Practice (e)**
▶**20.10 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Allt er tekið í gegn og lífi viðkomandi snúið á hvolf. Fataskápurinn er endurnýjaður, flikkað upp á hárgreiðsluna, íbúðin endurskipulögð og gaurnum kennt að búa til rómantíska stemmningu. Eftir stendur flottur gæi sem er fær í flestan sjó.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun. Áhorfendur fá tækifæri til að taka þátt í fjörinu því Þórunn mun m.a. heimsækja fólk sem vill breyta og bæta á heimilinu. Nadia sýnir áhorfendum hvernig þeir geta gert hlutina sjálfir og benda á einfaldar lausnir á meðan Arnar Gauti sér um allt sem viðkemur hönnun, jafnt nýrri sem eldri. Þetta er áttunda árið sem þátturinn er á dagskrá og hann batnar með hverju ári.
**22.00 Conviction** Bandarísk sakamálasería um unga og reynslulausa saksóknara í New York. Desmond og Steele lenda í vandræðum með mál þar sem unglingur lést eftir að hafa tekið þátt í hættulegum leik. Peluso reynir að fá löggumorðingja dæmdan og Finn og Potter eru send á leiklistarnámskeið í von um að það bæti frammistöðu þeirra í réttarsalnum.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**23.35 Survivor: Cook Islands (e)** Bandarísk raunveruleikasería.
**0.30 The Dead Zone (e)**
**1.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.00 Melrose Place (e)**
**2.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 The Hills**
**21.00 Rescue Me** Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62. Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.
**22.00 24 (17:24)** Bönnuð börnum.
**22.45 24 (18:24)** Bönnuð börnum.
**23.30 My Name is Earl (e)** Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu. Nokkrum sekúndum eftir að hafa unnið vinninginn verður hann fyrir bíl og týnir miðanum. Þar sem hann liggur á spítala og jafnar sig sannfærist hann um að hann hafi týnt miðanum vegna alls þess slæma sem hann hefur gert af sér um ævina.
**23.55 Insider**
**0.20 The War at Home (e)** (Snow Job)
**0.45 Seinfeld (e)** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**1.10 Entertainment Tonight (e)**
**1.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Newcastle - Charlton (e)** frá 28.10
**16.00 Sheff. Utd. - Chelsea (e)** frá 28.10
**18.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Viðtöl við knattspyrnustjóra og leikmenn.
**19.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.
**20.00 Bolton - Man. Utd.** frá 28.10
**22.00 AC Milan - Inter (e)** frá 28.10
**0.00 Dagskrárlok**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE
NFS
VAKNAÐU VEL MEÐ ÍSLANDI Í BÍTIÐ
Alla virka daga frá 7 - 9



GOTT FÓLK McCANN

## Í KVÖLD

### Sýn kl. 19.00

### Meistaradeildin: Barcelona - Chelsea



Fjórða umferð Meistaradeildar Evrópu í fótbolta hefur upp á marga stórleiki að bjóða. Sá allra stærsti verður án efa seinni viðureign Barcelona og Chelsea, liða sem eru á góðri leið með að verða svokallaðir erkifjendur. Í fyrri leiknum, þar sem Eiður Smári Guðjohnsen mætti sínum gömlu félögum í fyrsta sinn frá því hann gekk í raðir Börsunga, hafði Chelsea betur og sigraði með einu marki gegn engu, en hið þýðingarmikla sigurmark skoraði Fílabeinsstrendingurinn Didier Drogba. Eiður Smári og félagar í Barcelona eiga því harma að hefna er þeir taka á móti Chelsea á heimavelli sínum Nývangi. Á sama tíma verður sýndur á Sýn Extra leikur Liverpool og Bordeaux. Á Sýn Extra 2 er leikur Bayern München og Sporting Lisbon og á VefTV á Vísi viðureign Roma og Olympiakos. Fyrr um daginn, klukkan 17.15, er bein útsending á Sýn frá Moskvu þar sem Spartak Moskva tekur á móti Inter Milan. Fyrir leikina verða Heimir Karlsson og Guðni Bergs með upphitun og eftir leikina sýna þeir öll mörk dagsins og fara yfir leikina.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Lögmál Murphys Á RÚV KL. 22.20

Einstaklega spennandi breskur sakamálaþáttur sem segir frá rannsóknarlögreglumanninum Tommy Murphy og baráttu hans við hættulega glæpamenn. Vel gerðir og spennandi þættir sem halda manni hugföngnum frá byrjun. Í aðalhlutverkum eru James Nesbit sem við síðast sáum í mynd Woody Allen, Match Point, Claudia Harrison og Del Shynnon.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **8.00** Fréttir **8.30** Fréttayfirlit **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stelpulitir
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Haraldur harðráði og dóttir Jaroslavs
**21.00** Afsprengi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun** Heimir Karls og Guðni Bergs hita upp fyrir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Sýn er með þrjá leiki í beinni útsendingu í kvöld á Sýn, Sýn Extra og Sýn Extra 2. Heimir og Guðni frá góða gesti í heimsókn, bæði þrautreynda knattspyrnumenn sem og íþróttafréttamenn Sýnar sem tilkynna byrjunarliðin í sjónvarpsleikjum kvöldsins.

**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona - Chelsea) Bein útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.

▶**21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Mörkin, tilþrifin, brotin umdeild atvik og margt fleira er á boðstólum. Álitsgjafar segja sína skoðun á atburðum kvöldsins þar á meðal reyndir milliríkjadómarar.

**22.20 Meistaradeild Evrópu** (UEFA Champions League 06/07) Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

**0.10 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**2.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

## DR 1

**12.00** Kristendemokraterne, landsmøde **12.30** Pianolærerinden **12.50** Livet på skinner **13.20** Rabatten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Smæk for Skillingen **15.30** En lille reminder **15.40** SPAM **16.00** Insektoskop **16.05** Lucky Luke **16.30** Store Nørd **17.00** Lille Nørd **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Teenagetesten **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Under dragens hale - et Murdoch-mysterium **22.30** OBS **22.35** Ørnen **23.30** Clement Kontra

## NRK 1

**12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Hurtigruten 365 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.25** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Kaoskontroll **19.25** Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn **23.15** Jaga Jazzist

## SVT 1

**13.20** Brita i Grosshandlarhuset **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Bajo el cielo de Madrid **16.15** Le Maroc qui bouge **16.25** Les petits animaux sauvages **16.30** Krokodill **17.00** Myror i brallan **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Trackslistan **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Poliser **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **23.05** Yizo, Yizo **23.30** Sändning från SVT24



**HRÓSIÐ ...**



... fær trúbadorinn Helgi Valur Ásgeirsson, sem ætlar að sýna fjölhæfni á tónlistarsviðinu með því að gefa næst út rapp-plötu.

# Árni fékk á baukinn hjá Bubba

Bubbi Morthens vakti ekki mikla kátínu meðal Eyjamanna þegar hann hélt tónleika í Höllinni fyrir hálfum mánuði en þar lét tónlistamaðurinn Árna Johnsen óspart heyra það og taldi það með ólíkindum að „glæpon færi á þing,“ svo vitnað sé til umsagnar um tónleikanna á Eyjar.net. „Slíkt gerðist hvergi annars staðar í heiminum nema kannski í Afganistan.“ Bubbi rifjaði jafnframt upp atvik sem átti sér stað á Þjóðhátíð fyrir tveimur árum þegar Árni var sagður hafa slegið til söngvarans Hreims Arnar Heimissonar á sviðinu í Herjólfsdal en Árni neitaði öllum ásökunum í sjónvarpi á sínum tíma. Bubbi bar hins vegar vitni í Höllinni að þingmaðurinn fyrrverandi hefði logið að þjóðinni.

Jóhann Ingi Árnason skrifar um tónleikana á áðurnefndum vef og hann sagði í samtali við Fréttablaðið að áhorfendurnir hefðu skipst í tvær fylkingar. Sumir hefðu hlegið að þessum skotum Bubba en öðrum hefði vart stokkið bros á vör. „Þetta er orðið gamalt og leiðinlegt mál og það er enginn að pæla í þessu lengur,“ segir Jóhann Ingi.



**JÓHANN INGI ÁRNASON** Einn þeirra Eyjamanna sem voru ekki par hrifnir af skotum Bubba á Árna Johnsen.

Tónlistarmaðurinn sjálfur sat hins vegar fastur við sinn keip og taldi Eyjar hafa verið hárréttan stað til að gera grín að Árna Johnsen, framboði hans og lygum þingmannsins fyrrverandi í kringum kjaftshöggið. „Menn halda að bitið hafi orðið beiskt vegna velgengni minnar en því fer fjarri sanni,“ sagði Bubbi. „Ef menn geta ekki tekið því að ég hafi skoðun á framboði Árna Johnsen þá verður bara svo að vera,“ bætir Bubbi við. „Kannski skammast Eyjamenn sín svolítið fyrir Árna og þess vegna má ekki tala um þetta,“ segir Bubbi og upplýsir jafnframt að viðbrögðin hafi komið honum á óvart. „Ég hef hins vegar ekkert annað en gott um Vestmannaeyjar að segja og mörg af mínum bestu lögum urðu þar til.“ **- fgg**



**BUBBI MORTHENS** Árni á enga samúð inni hjá tónlistamannninum Bubba Morthens sem lét þingmanninn fyrrverandi heyra það.



**LÁRÉTT**
**2** örugglega **6** kusk **8** forsögn **9** fæða **11** tímabil **12** ýfun **14** steinn **16** skóli **17** sjónvarpsstöð **18** flýtir **20** í röð **21** prik.

**LÓÐRÉTT**
**1** kaupbætir **3** klaki **4** splunkunýr **5** lítill sopi **7** vera með fyrirgang **10** örn **13** þangað til **15** svara **16** blaður **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** víst, **6** ló, **8** spá, **9** ala, **11** ár, **12** gárun, **14** tinna, **16** ma, **17** sýn, **18** asi, **20** rs, **21** stig.
**LÓÐRÉTT: 1** álag, **3** ís, **4** spánýr, **5** tár, **7** ólátast, **10** ari, **13** uns, **15** ansa, **16** mas, **19** ii.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 7.951 maður.
2. Ástþór Magnússon.
3. Ásthildur Helgadóttir.


**PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

| | | |
|---|---|---|
| Golf | Sheraton Real de Faula | |
| – Valfrjálst | | Verð frá 59.180 kr. |
| Sérferð | Einstök gönguferð á Alicante | |
| + 1.–4. nóv. | | 69.900 kr. |

Þriggja daga ganga með íslenskri leiðsögn. Gist á litlum fjallahótelum, ekta spænskur matur og þægileg herbergi. Fjölbreyttar gönguleiðir, ólýsanlega fallegt útsýni og einstakar minjar.

| | | |
|---|---|---|
| Fótbolti | Chelsea–Watford | |
| – 10.–12. nóv. | | 56.900 kr. |
| Fótbolti | Arsenal–Hamburg SV | |
| – 21.–22. nóv. | | 49.900 kr. |
| Fótbolti | Tottenham–Wigan | |
| – 24.–27. nóv. | | 58.900 kr. |
| Tónleikar | George Michael | |
| – 27.–29. nóv. | | 69.900 kr. |
| Golf | Bonalba, Alicante | |
| – Valfrjálst | | Verð frá 69.900 kr. |
| Sérferð | Berlín í jólaundirbúningi | |
| – 24.–27. nóv. | | 51.900 kr. |
| Fótbolti | Fulham–Arsenal | |
| – 29.–30. nóv. | | 49.900 kr. |
| Fótbolti | Man. Utd.–Man. City | |
| – 8.–10. des. | | 64.900 kr. |
| Sérferð | Aðventuferð til Trier | |
| – 8.–11. des. | | 59.900 kr. |
| Fótbolti | Chelsea–Arsenal | |
| + 9.–11. des. | | 69.900 kr. |

Risaslagur af bestu gerð á Stamford Bridge! Síðustu leikir þessara liða hafa verið magnaðir og verður eflaust hart barist að þessu sinni enda byrja bæði lið vel í deildinni. Innifalið: Flug með sköttum, gisting á St. Giles í tvær nætur og miði á leikinn.

| | | |
|---|---|---|
| Sérferð | Aðventuferð til Berlínar | |
| – 8.–11. des. | | 49.900 kr. |
| Fótbolti | Arsenal–Portsmouth | |
| – 15.–17. des. | | 59.900 kr. |
| Sólarferð | Alicante, Hotel Sidi San Juan | |
| – Valfrjálst | | Verð frá 47.121 kr. |

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Express Ferðir – Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


DR. SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR: REKUR HJÖRT HOWSER AF RÁS 2

# Enginn húmor fyrir Hirti

„Ég leit á þetta sem mislukkaða tilraun. Mér fannt þetta vera mjög mislukkað allt. Já, og þessi ummæli fannst mér óvarleg og algerlega óviðeigandi,“ segir dr. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Rásar 2.

Sigrún rak Hjört Howser, útvarpsmann með meiru, af Rás 2 eftir aðeins einn þátt. Hjörtur hafði verið fenginn til þess, ásamt hinum reynda Magnúsi Einarssyni, að stýra þættinum Helgarútgáfunni sem er á dagskrá Rásar 2 á sunnudögum eftir hádegi frá klukkan eitt til fjögur.

Brottreksturinn er einkum rekinn til ummæla sem þeir Hjörtur og Magnús létu falla um Gus Gus-fjöllistaflokkinn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins móðguðust listamennirnir Einar Örn Benediktsson og Ragnar Kjartansson mjög fyrir hönd Gus Gus-manna og mótmæltu eindregið. Eftir því sem næst verður komist er verulegur urgur innan Rásar tvö vegna brottvikningarinnar því ummælin teljast tæplega af alvarlegra taginu. Þrátt fyrir að maður gengi undir manns hönd, Jakob Frímann Magnússon, sem formaður FTT talaði máli Hjartar við Pál Magnússon útvarpsstjóra og svo virtist sem tekist hefði að ná lendingu í málinu kom allt fyrir ekki. Sigrún tók upp þykkjuna fyrir hönd Gus Gus-flokksins og vék Hirti umsvifalaust frá störfum. Auk þess sem hún ræddi málið á alvarlegum nótum við Magnús. Sigrún segist reyndar ekki vita til þess að neinn urgur sé í útvarpshúsinu við Efstaleiti en hún stýrir Rás tvö frá Akureyri.

„Það urðu talverð viðbrögð við þessum ummælum,“ segir Sigrún aðspurð en brottreksturinn hafi þó alfarið verið hennar ákvörðun. „Fólk var mjög óánægt með þessi umræddu ummæli. Og ég vil geta treyst fólki með hvað það lætur út úr sér á Rás 2.“

Hún segir Hjört ekki hafa verið á samningi en það sé Magnús hins vegar.

„Hann veit mína skoðun á þessu. Ég ræddi við hann.“

Sigrún segist nú vinna að endurskipulagningu þáttarins en Magnús er þegar mjög atkvæðamikill á Rás 2. „Ég er að leita að „partner“ fyrir Magnús. Og innspýtingu. Ég var á fundi með Tvíhöfða sem hugsanlega kemur þarna inn með honum. En allt er þetta í deiglunni.“

Hörtur Howser segir einkennilegt að tala um tilraun þegar í hlut eiga dagskrárgerðarmenn með margra áratugareynslu í útvarpi að baki. Jafnvel saman.

„Menn sem hafa stýrt þáttum af ýmsu tagi undantekningalaust við góðan orðstír.“

Hjörtur segir að vissulega hafi mönnum orðið á smávægileg mistök.

„En að hætti sannra heiðursmanna voru hlutaðeigandi beðnir afsökunar á því, bæði skriflega og með símtali. Aðrir sem að málinu komu töldu að með því væri málinu lokið. Það komu okkur því í opna skjöldu þessi ýktu og óskiljanlegu viðbrögð doktor Sigrúnar. Ýmislegt hefur verið látið flakka í útvarpi í gegnum tíðina án þess að menn hafi farið af límingunum þess vegna,“ segir Hjörtur sem bæði undrast þessi snöggu málalok og er leiður. Hann skilur ekki við hvað núverandi dagskrárgerðarmenn Rásar 2 eiga að miða ef þetta klaufalega spjall þeirra Magnúsar telst brottrekstrarsök sem hann vill meina að hafi ekki verið rætið. **jakob@frettabladid.is**



**HJÖRTUR HOWSER** Segir að ummælin hafi verið klaufaleg en dregur í efa að þau séu brottrekstrarsök.

**MAGNÚS EINARSSON** Fékk tiltal frá dagskrárstjóranum.

**DR. SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR** Hafði engan húmor fyrir Hirti og rak hann umsvifalaust.

## Þetta sögðu Hjörtur og Magnús

**H:** Hvað er þetta Gus Gus? Var keisarinn í einhverjum fötum?
M: Nei, ég held að það hafi verið gersamlega ofmetið. Þegar maður fékk fréttir af því að þeir hefðu verið lengur að ná inn bassatrommusándi inni í stúdíói heldur en Bítlarnir þegar þeir tóku upp sína fyrstu plötu, sem tók þrettán og hálfan tíma, þá vissi maður að það var ekki allt í góðu lagi.
**H:** Um tíma hneykslaðist ég mikið á því og lét fara í taugarnar á mér að það var svoleiðis dælt svoleiðis peningum inn í þetta fyrirbæri „þessir krakkar“
**M:** Varstu ekki bara öfundsjúkur?
**H:** Já, já, auðvitað var þetta bara öfundssýki. En við sem höfðum þurft að lepja dauðann úr skel, skuldandi Magga í Rín víxla og úr viti, þessir krakkar áttu allt í einu upptökubúnað, stafrænan, hljóðfæri og tæki til hljóðmyndunar, fyrir tugi milljóna. Allt á einhverjum iðnþróunarlánssjóðsverkefniskjaftæðislánum og svo kom ekki neitt.
**(Síðar í þættinum:)**
**H:** Hafa skal það sem betur hljómar. Við erum menn til að leiðrétta ef við förum með rangt mál. Við vændum Gus Gus-meðlimi um að vera styrkþegar. Þeir fengu ekki krónu, enda sér maður það á útganginum á þeim og holdafari að þar fer ekki fólk sem borðar með silfurskeiðum. Og leiðréttist hér með. Fátækir og hafa aldrei þegið opinbert fé. En frægir út um allan heim. Einhverjir slúbbertar aðrir sem hirtu þennan pening allan og byggðu stúdíó sem Gus Gus-menn notuðu til upptöku.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hafnarfjörður verður í brennidepli í vikunni venju fremur vegna komandi prófkjörs Samfylkingar í Kraganum en meðal Gaflara er að finna höfuðvígi flokksins. **Tryggvi Harðarson**, gegnheill krati og heimamaður, er í framboði og að ræsa vélar sínar. Um síðustu helgi opnaði hann kosningaskrifstofu sína í Gúttó - sögufrægu húsi góðtemplara í Hafnarfirði. Í anda þeirrar reglu bauð Tryggvi ekki upp á bjór við þetta tækifæri líkt og flestir frambjóðendur aðrir heldur kaffi og kökur. Stuðningsmönnum hans þótti þó ekki hættandi á annað en teyma ölþyrsta verðandi kjósendur á Fjörukrána þegar kvöldaði til að hella aðeins upp á þá.



**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, sækist eftir þriðja sætinu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi sem verður haldið þann 11. nóvember. Hún lét það þó ekki aftra sér í að fara í fimm daga skemmtiferð til New York ásamt dóttur sinni, **Heklu Daðadóttur** handboltakonu, sem margir muna eflaust eftir úr Bachelor þáttunum, systur sinni og dóttur hennar en þær komu heim í gær. Ferðin mun hafa verið löngu skipulögð og fannst Ragnheiði ekki ástæða til að fresta henni þrátt fyrir að vera í miðri prófkjörsbaráttu.



Aðdáendur **Jóns Gnarr** komu sér vel fyrir í sjónvarpssófunum á sunnudagskvöld og horfðu á ítarlegt viðtal **Evu Maríu Jónsdóttur** við hann í Kastljósinu. Jón olli sínu fólki ekki vonbrigðum og ekki skemmdi fyrir að hann boðaði endurkomu Tvíhöfða í útvarp. Jón og **Sigurjón Kjartansson** munu ákveðnir í því að vera með þetta á Rás 2 og virðist því sem snautlegt launatilboð stöðvarinnar hafi verið hækkað til að fá þá félaga til starfa. **-jbg/hdm**



# Einar Ágúst á sviði með Skítamóral

Ekki hefur mikið spurst til söngvarans Einars Ágústs að undanförnu og því brutust út mikil fagnaðarlæti þegar hann steig á svið með fyrrum félögum sínum í Skítamóral á Nasa um helgina. Að sögn Adda Fannars, gítarleikara hljómsveitarinnar birtist Einar Ágúst óvænt á Nasa og var það því sjálfsagt mál að hann tæki lagið með þeim. „Þetta kom okkur skemmtilega á óvart enda var þetta alls ekkert planað,“ segir Addi Fannar. „Það var rosalega vel tekið í þetta bæði af okkur í hljómsveitinni og fólkinu í salnum.“

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur Einar Ágúst átt við fíkniefnavanda að stríða en samkvæmt ballgestum á Nasa leit kappinn vel út og var greinilega á batavegi. „Hann er að vinna í sínum málum,“ segir Addi Fannar.

Skítamórall mun frumflytja nýtt lag í þætti Hemma Gunn, Í sjöunda himni, á fimmtudaginn en um áramótin stefnir hljómsveitin að því að taka sér frí í nokkra mánuði. **- sig**



**EINAR ÁGÚST OG SKÍTAMÓRALL** Mikla athygli vakti þegar Einar Ágúst steig óvænt á svið á Nasa um helgina og söng með gömlu félögunum sínum.

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Faxafeni 10

BUXUR
BOLIR
SKYRTUR
PEYSUR
JAKKAR
KJÓL
JAKKAF
ÚLPUR
KÁPUR
SKÓR
SOKKAR
NÆRFATNAÐUR
LEGGINGS
BARNAFATNAÐUR

SOKKABUXUR
FYLGIHLUTIR
BARNAFATNAÐUR
BUXUR
ÚLPUR
KÁPUR
BARNA-
FATNAÐUR
NÆRFATNAÐUR

LEGGINGS
SOKKABUXUR
FYLGIHLUTIR
BARNAFATNAÐUR
BUXUR
LIR
YRTUR
SUR
JAKKAR
KJÓLAR
JAKKAFÖT
ÚLPUR
BARNA-
FATNAÐUR

## RISA
## TJALDMARKAÐUR
AÐEINS EITT VERÐ
## 499. kr.

Vörumerkjalagerinn
**534 4450**
Faxafeni 10

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**STÚDENTABLAÐIÐ FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á HÖFÐUBORGARSVÆÐINU Í DAG.**




**BAKÞANKAR**

**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**

## *Vísdómur og völd*

Nývakin umræða um gildi foreldrahlutverksins leiðir hugann að konum sem eru komnar yfir miðjan aldur, síðastu kynslóð mæðra til að líta á uppeldi eftir lögbundið fæðingarorlof sem fulla vinnu. Togstreitan sem þjakar okkur yngri ofurmæðurnar um allar þær skyldur sem við höfum við sjálfar okkur og starfsframa ofan á uppeldishlutverkið hafði litla fyrirferð í lífi margra þessara kvenna. Fyrst og fremst voru þær mæður.

**SUMAR** losna aldrei úr þumalskrúfu umhyggju og umsjár með öðru fólki. Móðir mín hlær stundum dátt yfir því að vera næstum jafn kyrfilega bundin yfir börnum sínum rígfullorðnum og á meðan þau voru lítil. Það segir reyndar meira um hana en hin ósjálfstæðu afkvæmi að hún skuli yfirhöfuð hafa húmor fyrir þessu. Að þó hún sé orðin bæði amma og langamma skuli hún ennþá vera potturinn og pannan í öllum umsvifum í stórfjölskyldunni. Við flutninga, veikindi, veislur og framkvæmdir yfirhöfuð sé hún hin ómissandi driffjöður, stýri gangverkinu og sinni fólkinu sínu af endalausri alúð.

**VEGNA** þess að móðir mín á meira hjartapláss en húspláss þá vafðist síst fyrir henni að taka að sér okkur fimm á meðan heimili fjölskyldunnar var undirlagt af byggingaframkvæmdum. Á þeim vikum sem við bjuggum undir þaki móður minnar rann upp fyrir mér hversu sterk fyrirmynd hún er. Að smátt og smátt höfum við meira og minna tekið upp háttsemi hennar, göngulag, takta og tilsvör og erum núorðið öll eiginlega alveg eins og lítil gömul kona í Kópavoginum.

**SVONA** mæður þurftu ekki námskeið í tengslauppeldi því það var þeim náttúrulegt. Þær gerðu ekki utanaðkomandi aðila í lífi barna sinna ábyrga fyrir því hvernig til tókst með uppeldið, heldur báru hana sjálfar. Svona mæður lögðu áherslu á samveru með börnunum sínum án þess að hafa lesið það í bók, það var ekki búið að tala úr þeim sjálfstraustið við barnauppeldi með fræðilegum kenningum.

**AÐ** lokum kemur röðin að mér og minni kynslóð að fylla skarð þessarar undirstöðu samfélagsins. Að vera sá sem hefur alltaf tíma til að leggja lið, er uppspretta vísdóms og góðra ráða og stendur undir þeim völdum sem felst í að vera öðrum fyrirmynd. Og ætti svo skilið að fá fálkaorðuna.


**Stórmarkaður í stofnunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



